

2015 - 2016

Ársskýrsla Grunnskóla Vestmannaeyja



Efnisyfirlit

Innihald

Formáli	5
Inngangur	5
Hagnýtar upplýsingar	5
Skólastjórnendur	5
Nefndir og ráð	5
Skólaráð	5
Foreldrafélag	6
Nemendaverndarráð	6
Nemendaráð	6
Nemendafjöldi	6
Starfsmenn	7
Húsnæði	8
Skóladagatal	9
Skólalóð	9
Áherslur í skólastarfi	9
Framtíðarsýn	10
Einkunnarorð skólans	10
Þróunarverkefni	11
Innleiðing FabLab í kennslu	11
Þróunarhópur um Læsi	12
Þróunarhópur um tvítyngi	13
Þróunarhópur um spjaldtölvuvæðingu og upplýsingatækni í kennslu	14
Heilsueflandi grunnskóli	16
Stýrihópar	18
Orð af orði - orðaforði	18
Jákvæð samskipti	19
Símenntun	20
Endurmenntun starfsfólks Grunnskóla Vestmannaeyja 2015 – 2016	20
Mat á skólastarfi	20
Námsmat – frammistöðumat	21
Samræmd próf	21
Skýrslur deildarstjóra og umsjónarkennara	23
Skýrsla deildarstjóra	23
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk	24
Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk	26

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk	28
Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk	30
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk	34
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk	36
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk	38
Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk	40
Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk	42
Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk	44
Ýmsar skýrslur	46
Skýrsla íþróttakennara.....	46
Skýrsla verkgreinakennara	49
Skýrsla list – og verkgreinakennara í Hs	49
Skýrsla list- og verkgreinakennara í Bs.	50
Skýrslur um sérkennslu.....	56
Skýrsla námsvers á yngsta stigi.....	56
Skýrsla námsvers á miðstigi.....	57
Skýrsla námsvers á unglingastigi	58
Skýrsla sérkennslu á yngsta stigi.....	60
Skýrsla sérkennslu á eldra stigi - sérdeild.....	62
Skýrsla lestrar – og læsiskennslu á yngsta stigi	64
Skýrsla þroskaþjálfara	65
Skýrsla safnvarða	66
Skýrsla safnvarðar í Barnaskóla	66
Skýrsla safnvarðar í Hamarsskóla	67
Skýrsla nemendaráðs	70
Skýrsla námsráðgjafa.....	70
Skýrsla stuðningsfulltrúa	73
Stuðningsfulltrúar í Hs	73
Stuðningfulltrúar Bs.....	74
Skýrslur fagstjóra	75
Skýrsla fagstjóra í íslensku 1. -5. bekk	75
Skýrsla fagstjóra í íslensku 6. -10. bekkur.....	77
Skýrsla fagstjóra í stærðfræði.....	81
Skýrsla fagstjóra í ensku	82
Skýrsla fagstjóra í dönsku	84
Skýrsla fagstjóra í náttúru – og samfélagsgreinum 1. -5. bekkur	86
Skýrsla fagstjóra í samfélagsgreinum 6. -10. bekkur	87
Skýrsla fagstjóra í náttúrugreinum 6. -10. bekkur.....	89

Skýrsla Íþróttakademíu GRV og ÍBV skólaárið 2015-2016	91
---	----

Formáli

Ársskýrsla Grunnskóla Vestmannaeyja kemur nú út í fyrsta sinn. Grunnskóli Vestmannaeyja hefur verið starfræktur frá haustinu 2006 en þá sameinuðust Barnaskóli Vestmannaeyja og Hamarsskóli. Haustið 2007 var skólanum aldursskipt þannig að nemendur í 1. – 5. bekk eru í Hamarsskóla og nemendur í 6. – 10. bekk eru í Barnaskóla. Skýrslunni er dreift til fræðslustjóra, fræðsluráðs, stjórnar foreldrafélagsins. Skýrslan mun liggja frammi á bókasöfnum Barna -og Hamarsskóla, á kaffistofum í báðum húsum og á heimasíðu GRV www.grv.is

Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í Grunnskóla Vestmannaeyja, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Hún mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrsluna prýða ýmsar myndir úr skólastarfinu sem gefa lesendum innsýn í það og gera hana líflegri. Að gerð skýrslunnar koma skólastjóri, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar og kennarar.

Grunnskóli Vestmannaeyja júní 2016
Stjórnendur GRV

Inngangur

Skólastarfið hófst með því að starfsfólk mætti til starfa 17. ágúst að loknu sumarleyfi. Vinnan hófst með starfsmannafundi og upprifjun á Uppeldi til ábyrgðar, hugmyndafræði sem GRV vinnur eftir. Nokkrir fyrirlestar voru þessa starfsdaga í byrjun árs: Steinunn Torfadóttir var með námskeið um Leið til læsis fyrir kennara í 1. -4. bekk. Drífa Gunnarsdóttir var með fyrirlestur um íslensku á mið- og unglingastigi. Stærðfræðikennarar funduðu og kennarar á yngsta stigi fengu námskeið í Stig af stigi. Ísey og ABC komu með námsgagnakynningu fyrir kennara og Spilavinir komu með kynningu og kennslu á spilum. Í framhaldi af þessu vann starfsfólk að öðrum undirbúningi fyrir skólastarf vetrarins til 21. ágúst. Formleg skólaþing var þann 24. ágúst, hver árgangur fyrir sig og voru skólaþingar að venju fjölsóttar. Eftir hverja skólaþingingu voru umsjónarkennarar með stutta hópforeldrafundi þar sem farið var yfir starf komandi vetrar og valdir voru foreldrafulltrúar í hverjum bekk. Kennsla samkvæmt stundatöflu hófst þriðjudaginn 25. ágúst kl. 8:00.

Hagnýtar upplýsingar

Skólastjórnendur

Sigurlás Þorleifsson skólastjóri
Elísa Kristmannsdóttir aðstoðarskólastjóri Hamarsskóla
Ingibjörg Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri Barnaskóla
Ólöf Aðalheiður Elíasdóttir deildarstjóri á yngra stigi Hamarsskóla
Anna Rós Hallgrímsdóttir deildarstjóri á eldra stigi Barnaskóla

Nefndir og ráð

Skólaráð

Sigurlás Þorleifsson skólastjóri
Anna Lilja Sigurðardóttir kennari
Hjördís S Traustadóttir starfsmaður

Hildur Jóhannsdóttir formaður foreldrafélagsins
Jóhanna K Reynisdóttir foreldri
Lóa Hrund Sigurbjörnsdóttir kennari
Arnsteinn I Jóhannesson foreldri

Foreldrafélag

Hildur Jóhannsdóttir, formaður
Lísa Njálisdóttir, ritari
Samúel Bjarnason, gjaldkeri
Berglind Smáradóttir og Kolbrún Sól Ingólfssdóttir

Nemendaverndarráð

Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og kennsluráðgjafi. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Fundað er aðra hverja viku allt skólaárið. Kennarar vísa til nemendaverndarráðs málum er varða velferð nemenda. Umsjónarkennari skal upplýstur um stöðu mála.

Nemendaráð

Í nemendaráði eru 13 nemendur af unglingastigi.
Í ráðinu í vetur voru: Arnar Freyr Ísleifsson 10. BP, Selma Þöll Guðjónsdóttir 10. BP, Daníel Helgi Guðjónsson 10. HF, Bergþóra Sigurðardóttir 10. HF, Gíslný Birta Bjarkadóttir 10. LS, , Hulda Helgadóttir 9. ÁST, Úlfur Alexander Hansen 9. RÖ, Þórhallur Orri Steinsson 9. RÖ, Snorri Geir Hafþórsson 9. RÖ, Guðný Ósk Jónsdóttir 9. RÖ, Óliver Daðason 9. HJ og Linda Björk Brynjarsdóttir 8. GJ og Birta Lóa Styrmsdóttir 8. EB

Nemendafjöldi

Heildarfjöldi nemenda í GRV var 524 nemendur við lok skólaárs. Í Hamarsskóla (1. -5. bekkur) voru 259 nemendur og í Barnaskóla (6. -10. bekkur) voru 266 nemendur.

Hamarsskóli

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Samtals
1.	23	30	53
2.	39	25	64
3.	25	23	48
4.	29	23	52
5.	24	18	42
Samtals	140	119	259

Barnaskóli

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Samtals
6.	35	20	53
7.	22	25	64
8.	29	22	48
9.	28	29	52
10.	28	28	42
Samtals	142	124	266

Starfsmenn

Umsjónarkennarar:

- 1. bekkur: Herdís Rós Njálsdóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir og Þóra Sigríður Sigurðardóttir.
- 2. bekkur: Guðrún Snæbjörnsdóttir, Kolbrún Matthíasdóttir og Þórdís Jóelsdóttir.
- 3. bekkur: Margrét Elsabet Kristjánsdóttir, Sæfinna Ásbjörnsdóttir og Unnur Líf Ingadóttir.
- 4. bekkur: Anna Lilja Sigurðardóttir, Jóhanna Alfreðsdóttir og Ragnheiður Borgþórsdóttir.
- 5. bekkur: Arnheiður Pálsdóttir, Bára Ingólfssdóttir og Elísa Sigurðardóttir.
- 6. bekkur: Bryndís Bogadóttir, Ólafía Ósk Sigurðardóttir og Snjólaug Elín Árnadóttir.
- 7. bekkur: Anna Ýr Sveinsdóttir, Jóhanna Njálsdóttir og Magnús Stefánsson.
- 8. bekkur: Evelyn Bryner, Guðríður Jónsdóttir og Svanhvít Friðþjófsdóttir.
- 9. bekkur: Ásdís Steinunn Tómasdóttir, Hildur Jónasdóttir og Rósa Hrönn Ögmundsdóttir.
- 10. bekkur: Lára Skæringsdóttir, Óskar Jósúason/Berglind Þórðard. og Sigurhanna Friðþórsdóttir.

Aðrir kennarar:

Aníta Ýr Eypórsdóttir	Katrín Harðardóttir
Ásta Kristmannsdóttir	María Guðbjörg Pálmadóttir
Ástríður Júlíusdóttir	Sverrir Marinó Jónsson
Björn Elíasson	Unnur Baldursdóttir
Dóra Guðrún Þórarinsdóttir	Þóra Gísladóttir
Dóra Hanna Sigmarsdóttir	Jarl Sigurgeirsson
Ester Sigríður Helgadóttir	Jónatan Guðni Jónsson
Eva S. Káradóttir	Nina Anna Dau
Eyvindur Steinarsson	Ólafur E. Lárusson
Gísli Jóhannes Óskarsson	Ólöf Margrét Magnúsdóttir
Grétar Þór Eypórsson	Snorri Rútsson
Guðbjörg Guðmannsdóttir	Súsanna Georgsdóttir
Guðný Jensdóttir	Valgerður Bjarnadóttir
Halla Júlía Andersen	Þórhallur Barðason
Helga Sigrún Þórsdóttir	
Inga Þórarinsdóttir	

Fagstjórar:

Yngra stig:	Eldra stig:
Elísa Sigurðardóttir – náttúru- og samfélagsgreinar	Sigurhanna Friðþórsdóttir – náttúrugreinar

Helga Sigrún Þórsdóttir – íslenska	Rósa Hrönn Ögmundsdóttir – samfélagsgreinar
Unnur Líf Ingadóttir – stærðfræði	Svanhvít Friðþjófsdóttir – íslenska
	Óskar Jósúason – stærðfræði (hætti um áramót)
	Dóra Hanna Sigmarsdóttir – danska
	Lára Skæringsdóttir – enska

Skólasafnverðir:

Kristín Sigurðardóttir – yngra stig	Stella Skaptadóttir – eldra stig
-------------------------------------	----------------------------------

Stuðningsfulltrúar:

Yngra stig:	Eldra stig:
Anna Lilja Tómasdóttir	G. Karen Tryggvadóttir
Erla Gísladóttir	Guðbjörg Lilja Þórarinsdóttir
Hjördís S. Traustadóttir	Hafdís Hannesdóttir
Íris Huld Gunnardóttir	Inga Hanna Andersen
Jóhanna K. Reynisdóttir	Ingunn Arnórsdóttir
Kristný S. Tryggvadóttir	Kolbrún Lilja Ævarsdóttir
Lilja Ólafsdóttir	Kristrún Hlynsdóttir
Lilja Rut Sæbjörnsdóttir	Rut Ágústsdóttir
Rósa E. Guðjónsdóttir	Sigríður Vigdís Ólafsdóttir
Sesselja G. Pálsdóttir	

Skólaliðar:

Yngra stig:	Eldra stig:
Anna Einarsdóttir	Erna Sævarsdóttir
Birna Hilmisdóttir	Guðný Bernóðusdóttir
Jakobína Guðfinnsdóttir	Guðný Hilmisdóttir
Jóhanna María Hafsteinsdóttir	Helena Sigurðardóttir
Kolbrún Valtýsdóttir/ Dagrún Sigurgeirsdóttir	Kristjana Sif Högnadóttir
Snæborg Þorsteinsdóttir	Margrét Jóhannsdóttir
Unnur Katrín Þórarinsdóttir	Sigríður Hreinsdóttir
Þóra Hjördís Egilsdóttir	
Puríður Georgsdóttir	

Matráðar:

Kristín Halldórsdóttir (Hamarsskóli)	Guðlaug Björgúlfsdóttir Hjelm (Barnaskóli)
--------------------------------------	--

Húsnæði

Kennsla fer fram í tveim skólahúsum, Hamarsskóla þar sem 1. -5. bekkur er og í Barnaskóla þar sem 6. -10. bekkur er. Íþróttir og sund er kennt í íþróttahúsinu. Í báðum skólahúsum eru almennar kennslustofur, bókasafn, verkgreinastofur (myndmennt, textílmennt, smíði og heimilisfræði), tölvustofa, námsver á öllum stigum. Nemendur borða hádegismat í matsal í Hamarsskólanum og í Blaðsíða | 8

sal Barnaskólans. Nemendur á unglingastigi geta einnig keypt sér mat í félagsaðstöðu í frímínútum. Frístundaver er starfrækt fyrir nemendur í 1. – 5. bekk og félagsmiðstöðin Rauðagerði við Boðaslóð er starfrækt fyrir nemendur í 6. -10. bekk.

Skóladagatal

Skóla- og viðburðadagatal skólaársins 2015-2016 má sjá sjá á heimasíðu skólans www.grv.is

Skólalóð

Mikið þarf að gera á skólalóðum við bæði skólahúsin, þær hafa aldrei verið kláraðar samkvæmt teikningum. Í Barnaskóla er einn gervigrasvöllur, 2 körfuboltavellir, einn steypdur fótboltavöllur, 8 rólur og teygjuklifurgrind stór hluti af skólalóðinni er steypdur þar sem hægt er að vera í ýmsum leikjum. Í Hamarsskóla er ein stór teygjuklifurgrind, aparóla, 8 rólur sem er of lítið fyrir 250 nemendur og 5 ára deild. Einn sandkassi, netaklifurgrind, einn gervigrasvöllur, 3 malbikaðir vellir, 2 oft notaðir sem hjólavellir, 3 körfuboltakörfur, A- hús notað í ýmsa leiki eins og „yfir“. Mikið grassvæði og einnig malbikaðir reitir sem notaðir eru í ýmsa leiki. Ruslagámar eru óafgirtir við inngang að matsal og bílar keyra allt of oft nálægt inngöngum, bæði við norður innganginn og við 5 ára deild sem getur skapð slysaættu. Fyrir liggur teikning af skólalóð Hamarsskóla sem bíður framkvæmdar en brýn þörf er á að klára skólalóðir beggja skóla.

Áherslur í skólastarfi

Í Grunnskóla Vestmannaeyja er lögð áhersla á að koma sem best til móts við námshæfileika og getu hvers nemanda. Því hefur einstaklingsmiðað nám, nám sem tekur mið af stöðu hvers nemanda, fengið aukið vægi í skólastarfinu. Kennarar stuðla að og búa nemendum sínum örvandi námsumhverfi þar sem hver og einn getur nálgast námið þannig að best henti honum. Þannig höfum við að leiðarljósi að verkefnin séu skapandi, heilstæð, merkingarbær og örvandi. Í einstaklingsmiðuðu námi er fjölbreytni í kennsluaðferðum, námsframboði, nálgun og mati á nemendum grundvallaratriði. Stefnt skal að því að kraftmikið námssamfélag sé í hverri kennslustofu.

Ein þeirra námsleiða sem við höfum valið til að styðja við og auðga nám nemenda er **Orð af orði**. Sú aðferð tekur tillit til og styður við þætti aðalnámskrár. Markmið verkefnisins er að viðhalda áunninni þekkingu og árangri en jafnframt leggja áherslu á að styrkja þann árangur og festa aðferðirnar í sessi sem hluta af kennslu ólíkra námsgreina. Orð af orði er hægt að nota í hvaða námsgrein sem er. Allir nemendur skólans leggja stund á yndislestur í upphafi hvers skóladags. Reiknað er með um 15 mínútum á dag.

Leið til læsis er stuðningskerfi fyrir nemendur í 1. – 4. bekk sem byggt er á stöðluðum matstækjum sem gefa kennurum og foreldrum til kynna stöðu nemenda í lestri nokkrum sinnum á ári. Út frá því má sjá árangur og framfarir milli kennslutímabíla og hvort þörf er á að endurskoða markmið og leiðir. Þetta er gert til að laga kennsluna enn betur að þörfum hvers nemanda til að sem bestur árangur náist. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun sem vinnur að því að koma í veg fyrir að nemendur lendi í lestrarvanda. Kennsluskipulagið er stígskipt þannig að öll börn fá kennslu við sitt hæfi.

PALS – lestrarþjálfun byggist upp á því að pör lesa saman. Aðferðin þjálfar lesfimi, virka hlustun og lesskilning (veitir aðalatriðum athygli, dregur þau saman og spáir fyrir um það sem kemur næst í sögunni). Nemendur eru paraðir saman eftir reglum Pals og vinna í nokkrar vikur. Hver lestrarstund varir í 35-45 mínútur, þrisvar í viku. Kennarinn fylgist með þörunum og aðstoðar þau

eftir þörfum við að bæta lesturinn. Markmiðið með aðferðinni er að gefa kennaranum kost á að þjálfar alla nemendur samtímis í lestri. Aðferðina höfum við aðallega notast við í 4. bekk en kennarar hafa einnig nýtt aðferðina í öðrum árgöngum. K-pals er fyrir yngri nemendur og hafa kennarar nýtt þá aðferð fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestrarnámið á fyrstu stigunum.

Námsefnið **Stig af stigi** hefur verið notað með nemendum í 1. og 2. bekk og verður klárað með nemendum í 3. bekk næsta vetur. Það gaf góða raun svo ákveðið var að 5. ára deild myndi nota námsefnið í vetur. Framvegis verður námsefnið kennt í 5 ára deild og 1. og 2. bekk. Í þessum tímum þjálfast nemendur í að gera sér grein fyrir eigin tilfinningum sem og annarra, leysa úr vanda, umgangast aðra og taka tillit til tilfinninga annarra. Þeir læra að leysa vanda stig af stigi.

Náttúruvísindi á Heimaey er þáttur í vinnu skólans og liður í því eru Náttúruvísindadagar. Í nokkur ár hefur Grunnskóli Vestmannaeyja unnið eftir mörgum gildum **Heilsueflandi grunnskóla** og á skólárinu varð GRV formlega Heilsueflandi Grunnskóli. Í vetur var starfandi stýrihópur sem heldur utan um verkefnið. Áhersla vetrarins var heilsuefling starfsfólks.

Í GRV er einnig lögð mikil áhersla á góða ástundun og mikilvægi hennar sem og samstarf milli heimilis og skóla.

Skólaárið 2016-2017 verður áfram lögð áhersla á lestur og aukin áhersla á lesskilning, nýtt námsmat, stærðfræði og upplýsingatækni munu einnig skipa stóran sess á því skólaári.

Framtíðarsýn

Þann 25. ágúst 2015 undirrituðu stjórnendur leik- og grunnskóla, bæjarstjóri og formaður fræðsluráðs sameiginlega framtíðarsýn í menntamálum sem felur í sér að leggja beri áherslu á að efla læsi og stærðfræði í skólastarfi Vestmannaeyjabæjar. Áhersla er m.a. lögð á að styrkja og efla samstarf starfsmanna skólanna og forráðamanna því þar býr aflið sem getur skapað nemendum öruggt og styðjandi umhverfi til náms og stuðlað að árangri þeirra og vellíðan. Skýrslu um þá vinnu í skólanum má sjá á heimasíðu skólans

<http://grv.is/is/page/framtidarsyn-og-aherslur-a-laesi-og-staerdrfaedi>

Einkunnarorð skólans

Vorið 2010 hófst innleiðing á **Uppeldi til ábyrgðar** sem miðar að því að kenna einstaklingum sjálfsaga. GRV vinnur eftir þessari stefnu. <http://grv.is/is/page/uta>

Einn liður í Uppeldi til ábyrgðar er að nemendur velji sér lífsgildi, sem eru ekki reglur heldur sameiginleg sannfæring okkar um það sem skiptir máli í skólanum. Í Uppeldi til ábyrgðar er lykilatriði að gildin sem valin eru komi frá nemendum sjálfum. Því var haldið nemendaping og var niðurstaða þess að mikilvægustu gildin af öllum væru **GLEÐI, ÖRYGGI og VINÁTTA** sem eru gildi og einkunnarorð skólans í dag.

Þróunarverkefni

Innleiðing FabLab í kennslu

Hópin skipuðu: Björg Bragadóttir, Ólafur Lár, Þóra Gísladóttir og Sverrir Marinó Jónsson. Hópurinn hefur verið að skoða hvernig við getum innleitt FabLab inn í okkar skólastarf.

Tækjabúnaður

Nú hefur skólinn til umráða eina ShopBot CNC fræsivél sem möguleiki er að nýta fyrir báðar smíðastofur skólans. Einnig er möguleiki fyrir kennara að koma og nota hana til sinnar kennslu. Einnig hefur skólinn keypt vínílskera sem sker út límmiða og pappír. Kennarar hafa nú þegar nýtt sér vínílskerann í náttúrufræðikennslu í fiskapema hjá 3. bekk.

Skólinn hefur tölvuver sem hægt er að kenna forritun sem er þáttur í samstarfi okkar við FabLabmiðstöðina hér.

Nú þegar í gangi

Nú þegar eru kennarar í 3. bekk farnir að nota þann tækjabúnað sem skólinn hefur til umráða í t.d. í vinnu með fisk árgangsins sem er steinbítur. Í upplýsingatæknitíma byrjuðu nemendur á því að setja nafnið sitt á fiskinn. Næsta skref var að skera fiskinn út í pappír í vínílskeranum og nemendur settu hann svo í náttúruskólabókina sína. Gaman væri ef þetta verkefni héldi áfram.

Næstu skref

- Trúabragðafræðsla er þemavinna í 6. og 7. bekk, umsjónarkennarar og list –og verkgreinakennarar vinna saman að verkefnum í tengslum við hin ýmsu trúarbrögð. Vínílskerinn væri góð viðbót við þá vinnu t.d.
 - Búa til mót sem mætti mála
 - Skera út límmiða
 - Einnig væri hægt að vinna verkefni í ShopBot CNC fræsanum
- Sérkennarar gætu nýtt sér þetta til að búa til:
 - Form
 - Stafi
 - Myndir
- Þá getur komið til greina að nemendur í 8. bekk hanni forsíðu á ferminga gestabókina sína. Þá gætu þeir hannað síðuna í upplýsingatækni, skorið út í Hamarsskóla í ShopBot CNC fræsanum og klárað verkið svo í smíðastofunni í Barnaskólanum.

Við mælum með því að byrja á einu verkefni í hvorum skóla sem tengist að einhverju leiti þeim tækjabúnaði sem við höfum yfir að ráða. T.d. verkefni sem hafa verið talin upp hér að ofan. Það gæti vakið áhuga hjá fleiri kennurum.

Þróunarhópur um Læsi

Hópin skipuðu: Helga Sigrún Þórsdóttir, Herdís Njálsdóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir, Þórdís Jóelsdóttir.

Helstu áherslur

- Hlutverk þróunarhópsins var að halda utan um lestrarstefnuna og sjá til að henni sé framfylgt í einu og öllu í GRV. Hópurinn hittist nokkrum sinnum yfir skólaárið og fór yfir þær athugasemdir sem höfðu borist.
- Athugasemdir og breytingar hafa verið settar inn í lestrarstefnuna eins og við á. Ný og örlítið breytt lestrarstefna verður því sett inn á netið í ágúst. Allar fundargerðir má finna inn í möppu – lestrarstefnan – inn á k.drifi.
- Logos-hópskimum var ekki gerð í vetur og munum við taka þá skimun út úr lestrarstefnunni.
- Það hefur gengið betur að framfylgja stefnunni HS megin og sérkennarar hafa séð um lestrarprófa nemendur eins og við á. Kennarar hafa verið sáttir við þá vinnu. BS megin hafa nemendur verið látnir lesa hjá íslenskukennurum eða stuðningsfulltrúum.
- Mikilar umræður um framsagnarprófin og einkunnagjöfina en kennarar eru ekki allir sammála lestrarstefnunni í þeim málum.
- Menntamálastofnun er að staðla ný próf í lestri sem GRV tók þátt í að staðla. Þau próf verða vonandi tilbúin næsta haust ásamt stöðluðum einkunnum. Þannig detta út viðmið hvers skóla fyrir sig og verður gert eitt viðmið fyrir alla skóla. Vogaskólamappan góða verður því að öllum líkindum minna notuð næsta vetur. MMS hefur útbúið eitt lestrarpróf að hausti, janúar og í maí ásamt orðleysum og sjónrænum orðaforða. Mjög jávætt að mati þróunarhópsins.
- Lesskilningur: Hópurinn var sammála því að fara þyrfti í markvissari vinnu með lesskilning. Gæti verið gott verkefni fyrir læsisteymið næsta vetur að vinna að!

Þróunarhópur um tvítyngi

Meðlimir: Guðný Jensdóttir, Kolbrún Matthíasdóttir, Margrét Elsabet Kristjánsdóttir, Nina Anna Dau (stjórnandi), Unnur Baldursdóttir, Unnur Líf Ingadóttir.

Vinnufyrirkomulag:

Hópurinn hittist mánaðarlega á tveggja tíma fundi auk þess að taka þátt í einu námskeiði í gegnum tölvuna. Fundargerðir má finna á K-drifi í möppunni „Tvítyngi“ undir „Þróunarvinna: 2015-2016“.

Markmið:

Markmið hópsins voru að:

- Búa til áætlun fyrir umsjónarkennara fyrir móttöku nýbúa í bekk
- Safna saman því námsefni sem til er
- Kynna okkur efnið og flokka
 - Flokka eftir aldri nemenda
 - Flokka eftir getu í íslensku
- Finna efninu stað og hafa sem aðgengilegast
- Gera fjölmeninguna í skólanum sýnilegri

Hópurinn byrjaði á því að kynna fyrir hvert öðru námsefnið sem þeir hafa notað og hefur virkað vel. Í Hamarsskóla vantar góðan stað til að safna slíku efni saman, en komið var með það á fundi og kynnt. Í Barnaskólanum er hins vegar góð aðstaða fyrir efnið í einu námsveri og fór hópurinn þangað til að kynna sér efnið sem er mjög fjölbreytt og skemmtilegt.

Efnið var listað upp og flokkað, eftir aldri nemenda og getustigi í íslensku. Listann má finna á K-drifi í möppunni „Tvítyngi“ undir „Þróunarvinna 2015-2016“. Þar má einnig finna tóma lista sem kennarar geta skráð efni í sem þeir hafa undir höndum.

Leitað var að góðum stað til að geyma námsefni í Hamarsskóla og talað við bókasafnsvörðinn sem tók vel í það að útbúa hillu undir efnið. Það á hins vegar eftir að ganga frá því og verður það verkefni hópsins á næsta ári. Hugmyndin er að skipta hillunum eftir efni fyrir kennara og efni fyrir nemendur, sem þeir mega einnig sjálfir ganga í til að æfa sig í íslensku.

Hugmynd hefur komið upp á fundum, að útbúa nokkurs konar námskassa, sem nemendur geta tekið með sér í bekkinn til að klára ákveðin verkefni og læra grunninn í íslensku. Það myndi einfalda umsjónarkennara undirbúninginn, að þurfa ekki að finna til mörg verkefni, heldur væru t.d. 10 verkefni í kassanum sem nemandinn getur unnið í ákveðinni röð, merkt við og skilað í heild sinni þegar hann er búinn með öll verkefni í kassanum. Hópurinn er að stefna á að útbúa slíka kassa á næsta skólaári, ef viljinn er fyrir hendi af hálfu stjórnenda.



Önnur verkefni:

Hópurinn fékk einnig önnur verkefni á skólaárinu, sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi en voru engu að síður skemmtileg. Meðlimir hópsins tóku þátt í námskeiði í gegnum tölvu um námsappið „lærum og leikum með hljóðin“ sem hentar mjög vel nemendum á yngsta stiginu sem koma til landsins og þurfa að læra framburð íslenskra hljóða. Einnig vann hópurinn ítarlega

styrktarumsókn fyrir þróunarverkefni í Sprotasjóð, en fékk því miður ekki styrkinn. Verkefnið sem sótt var um styrk fyrir var sundnámskeið fyrir foreldra erlendra barna í skólanum. Hugmyndin var að kenna þeim að synda og að hvetja þá til sundiðkunnar ásamt börnum sínum. Að lokum má nefna að hópnum var falið að finna hugmyndir fyrir skóladaginn, sem gætu gert fjölmeninguna í skólanum sýnilegra. Það var farið í „rannsóknarvinnu“ og tvær hugmyndir urðu ofan á, annars vegar að útbúa fjölmeningarsól í anddyri skólans, þar sem hver nemandi í skólanum mátti velja sér fána og klippa fánann síðan út í formi handar sinnar. Hendurnar urðu síðan sólargeislarnir í „fjölmeningarsólinni“, en í sólarliðjunni stendur „velkomin“ á íslensku og í kring um sólina voru sett upp miðar með orðinu „velkomin“ á mörgum tungumálum. Verkefnið fékk góðan hljómgrunn hjá kennurum og nemendum, vakti athygli hjá mörgum sem gengu inn í skólann á skóladaginn sem og aðra daga. Hitt verkefni var ekki síður skemmtilegt. Heimaey var skorin út í timburplötu, síðan útbjuggu nemendur í 5. bekk fána þeirra þjóða sem eiga sér fulltrúa í skólanum og röðuðu fánunum á eyjuna. Þóra Gísladóttir myndmenntarkennari sá um útfærslu og heppnaðist verkefnið einstaklega vel. Það á eftir að finna því góðan stað í skólanum.

Fleiri hugmyndir komu upp, eins og að búa til ský fyrir hvert barn sem á foreldri frá öðru landi, þar sem barnið, landið og tungumálið er kynnt. Hugmyndin kom m.a. upp að skýin ættu að vera röðuð í kringum Eyjalistaverkið, svo nemendur gætu séð, hvaða nemandi er frá hvaða landi. En þetta eru verkefni sem hægt er að útfæra á komandi skólaárum.

Samvinna:

Hópurinn var skemmtilegur og drífandi. Hugmyndavinna, samvinna og útfærsla á stökum verkefnum gekk mjög vel og má segja að allir meðlimir hópsins höfðu brennandi áhuga á viðfangsefninu, þar sem allir voru með erlenda nemendur í sínum bekkjum eða sinni kennslu og voru að leita nýrra leiða til að komast til móts við sína nemendur, efla þá félagslega og námslega og styrkja kunnáttu þeirra í íslensku.

Þróunarhópur um spjaldtölvuvæðingu og upplýsingatækni í kennslu

Eva Káradóttir og Guðbjörg Guðmannsdóttir.

Helstu áherslur og markmið

Spjaldtölvuvæðing GRV hófst í ársbyrjun 2015 þegar GRV hlaut veglega gjöf, alls 47 Acer spjaldtölvur. 20 spjöld fóru í Hamarsskólann og hin 27 í Barnaskólann. Innleiðing þessara spjaldtölva var því áhersluatriði þessa skólaárs. Þegar leið á skólaárið bættist við tækjakostinn. Við fengum 6 Samsung Galaxy Tab E spjöld sem voru hugsuð til að nota í námsveri. Einnig bættust við 2 Ipad mini sem nýttust einstaklega vel til hljóð-og video/myndvinnslu.

Eitt af okkar fyrstu markmiðum með spjaldtölvuinnleiðingu var að gera kennurum kleift að tileinka sér fjölbreyttari kennsluhætti í starfinu með notkun snjalltækja. Það er mikilvægt að kennarar kunni að nýta sér tæknina og þori að prófa sig áfram til þess að tækin geti nýst sem best. Það er von okkar að í náinni framtíð munum við geta bætt við verulega í tækjakosti þannig að til lengri tíma litið hefði hver bekkur sitt spjaldtölvuset. Þörfin er að aukast og eftirspurnin mikil eftir tækjunum.



Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Örnámskeið voru haldin fyrir starfsfólk yfir veturinn.

- Prenn grunnnámskeið almennt um spjaldtölvurnar- fyrstu skrefin.
- Smore og prezí námskeið

- Socrative námskeið – hvernig á að útbúa netpróf og leggja þau fyrir.
- Kahoot- spurningaleikur.

Almenn fræðsla og stuðningur við starfsfólk var stór hluti í þróun upplýsingatækni við GRV.

Þróunarstarf

Upplýsingatækniþróunarhópur fékk það hlutverk að skoða sýn GRV á tæknina og hvernig við gætum nýtt hana í starfi. Í upphafi skólaárs var Sæmundarskóli heimsóttur vegna áfangaskýrslu sem þau gáfu út um innleiðingu spjaldtölva í Sæmundarskóla.




Upplýsingatækniteymið fór í skólaheimsókn í Langholtsskóla, Hofstaðaskóla og Norðlingaskóla.

Skólinn byrjaði að nota Smore forritið við útgáfu fréttabréfs fyrir starfsfólk- rafrænt fréttabréf.

Næsta skólaár mun höfuðáhersla vera lögð á skjjalausnir- Google apps for education og hvernig við getum nýtt það í skólastarfi.

Námsmat

Með hjálp tækninnar fóru kennarar að leita nýrra leiða við námsmat. Fyrir valinu meðal annars var forritið Socrative sem er mjög hentugt til að leggja fyrir próf á netinu. Kennarar sjá á rauntíma á skjánum hjá sér hvernig hver og einn nemandi svarar prófinu. Forritið greinir niðurstöður prófsins í heild miðað við hópinn og einstaklingslega.



Samstarf og samvinna

Kennarar voru mjög duglegir að deila hugmyndum og biðja um aðstoð með snjalltækin. Spjöldin hafa einnig flýtt fyrir tækniþróun hjá skólanum, sem dæmi þráðlausu neti var komið upp í báðum skólum. Með þessari nýjung opnuðust fleiri tækifæri fyrir fjölbreyttari kennsluhætti og skemmtilegra nám. Kennarar eru meira og meira að flétta spjöldin inn í kennsluna. Það hefur ekki skipt máli hvaða aldur hefur verið að vinna í spjöldunum allir hafa fundið eitthvað við sitt hæfi. Námsrými nemenda hefur stækkað og breyst til hins betra.



VIÐTAL: Nemendur ræða um spjaldtölvur. <https://youtu.be/aHhvdeQoRXQ>

Heilsueflandi grunnskóli

Hópin skipa: Ólöf Aðalheiður Elíasdóttir, Aníta Ýr Eypórsdóttir, Ester Helga Helgadóttir, Dóra Guðrún Þórarinsdóttir, Lára Skæringsdóttir og Súsanna Georgsdóttir. Mikið var um að vera á



nýliðnu skólaári hjá stýrihóp GRV um Heilsueflandi grunnskóla. Haldnir voru 6 formlegir fundir og má sjá þær fundargerðir inni á K-drifinu í möppu sem heitir Heilsueflandi og þar undir fundargerðir. Einnig voru hópmeðlimir duglegir að senda sín á milli góðar hugmyndir á leynilegri FB síðu og í hvert sinn sem einhver í hópnum hittust á göngum skólans, kaffistofu eða út í búð var tekin umræða um næstu verk.

Þegar grunnskólar ákveða að vera heilsueflandi eiga þeir að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Skólar eiga að koma sér upp heildrænni og vel skipulagðri heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild. Við í stýrihópnum ræddum mikið um slíka heilsustefnu og teljum við að fulltrúar allra sem málið varðar verði að fá að taka þátt í slíkri stefnumótun. Líkt og gert var hjá ÍBV íþróttafélagi 2013.

Áherslupættir Heilsueflandi grunnskóla eru átta og hér að neðan má sjá merkin sem notuð eru fyrir einstaka þætti.

Mælt er með því að skólar velji sér einn áherslupátt í einu og völdum við að byrja á starfsfólki GRV, því það eru mikilvægasti hlekkurinn í heilsukeðjunni. Ef starfsfólkið er jákvætt gagnvart þessum breytingum er grunnurinn traustur.

Við gátum samt ekki alveg sleppt tækifærinu að fylgja eftir þeim meðbyr sem ávaxta- og grænmetismaí fékk á síðasta skólaári. Þar var mælt til að nemendur og starfsfólk kæmi eingöngu með ávexti og/eða grænmeti í nesti þann mánuðinn.

Í byrjun skólaárs var því lagt upp með það að nemendur kæmu áfram með ávaxta- og grænmetisnesti og voru eftirfarandi skilaboð send heim til allra foreldra/forráðamanna í GRV og

„þar sem Grunnskóli Vestmannaeyja er **Heilsueflandi grunnskóli** höldum við ótrauð áfram með ávaxta- og grænmetisnesti á nýju skólaári.“

Auðveldara er að móta hegðun en að breyta og því mikilvægt að byrja snemma að kenna börnum góðar neysluvenjur. GRV er því kjörinn vettvangur til að hvetja til heilsueflingar og heilbrigðs lífstíls. Í þeim skólum sem þetta fyrirkomulag er borða nemendur betur af morgun- og hádegismat. Einnig er mun minna hent af mat í hádeginu.

Ráðstefna um heilsueflandi starf í grunnskólum var haldin 21. ágúst 2015 í Hafnarfirði. Hópurinn á meðfylgjandi mynd fór á ráðstefnuna.



Eftirfarandi viðburðir voru á vegum stýrihópsins á skólaárinu:

Miðvikudaginn 4. nóvember var heilsueflingadagur starfsfólks GRV. Þar sem boðið var upp á eftirfarandi kynningar: Núvitund, dans, hollt og gott, ilmkjarnaolíur, jóga, body language, rétt líkamsbeyting og Snag golf. Hver kynning tók 20-30 mín og gat starfsfólk valið sér þrjár kynningar.

Miðvikudaginn 25. nóvember var sameiginlegur kennarafundur í Hamarsskóla og datt Ólöfu Aðalheiði í hug að við í stýrihópnum tækjum okkur saman og kæmum með hollt og gott með kaffinu að þessu sinni sem og við gerðum.

Miðvikudaginn 3. febrúar var haldinn fyrirlestur í fundarsal Hamarskóla fyrir allt starfsfólk GRV. Fyrirlesari var Héðinn Unnsteinsson sem m.a. skrifaði bókina Vertu úlfur, en þar segir hann frá eigin reynslu af geðhvörfum sem endaði með nauðungarvistun á geðdeild. Héðinn var mjög líflegur og skemmtilegur fyrirlesari með einstaka sýn á lífið. Léttar veitingar voru í boði stýrihópsins á undan fyrirlestrinum, allt hollt og gott.

Miðvikudaginn 17. febrúar var HH-fundur (heilbrigði og hollustu fundur) þ.e.a.s. í boði var að hreyfa sig í fundartímanum. Starfsfólk GRV gat valið um þrennt: badminton í Íþróttamiðstöðinni, gönguferð eða heimsókn í Kviku til þess að pútta.

Fimmtudaginn 9. júní var haldinn fyrirlestur í Alþýðuhúsinu fyrir allt starfsfólk GRV um streitu og streituvarnir. Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir Vestmannaeyjamær og sálfræðingur var fyrirlesari og var erindi hennar nákvæmlega það sem starfsfólk okkar þurfti í lok skólaárs.

Sótt var um styrk úr Lýðheilsusjóði og er það mál enn í vinnslu samkvæmt meðfylgjandi netslóð <http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/minlydheilsusjodur/minarumsoknir/umsoknir/?pild=3427>

Annað sem stýrihópurinn framkvæmdi

Skápar voru settir upp í HS og BS sem sýndi sykurmagn nokkra fæðutegunda.

Áform voru um að setja samskonar skáp upp í Íþróttamiðstöðinni en ekki fékkst leyfi fyrir því vegna músagangs.

Áhugaverðar hugmyndir sem mætti vinna að á næstu skólaárum.

Skemmtileg hugmynd frá einum skóla þar sem hugmyndakassa var komið fyrir og nemendur fengu að koma sínum hugmyndum á framfæri í tengslum við hádegismatinn. Óskað var eftir raunhæfum hugmyndum sem féllu undir ráðleggingar Embættis landlæknis.

Sú nýbreytni varð í byrjun skólaárs í Grunnskóla Þorlákshafnar að nemendur fengu að skammta sér matinn sjálfir í mótuneyti skólans. Þetta var tilraun til að minnka sóun á mat og koma á móts við þarfir nemenda. Eftir því sem starfsmenn segja hefur þetta gengið vonum framár. Nemendur þurftu aðeins að venjast breytingunni en þetta gengur eins og í sögu núna.



Hvað má betur fara?

Þurfum að vera samstígari í sambandi við ávaxta- og grænmetisnestið. Eins og fyrr segir var sendur póstur heim í byrjun skólaárs með vissum tilmælum. Þetta hefur gengið vel í HS en svo virðist sem meiri losarabragur sé á málum BS megin. Við skulum ekki líta á þetta sem vandamál eða mistök heldur sem áskorun til þess að gera betur á næsta skólaári.

Einnig er nauðsyndlegt að mati undirritaðrar að annað starfsfólk GRV taki líka þátt í þeim viðburðum stýrihópsins sem í boði eru á hverju skólaári.

Skýsluhöfundur: Katrín Harðardóttir

Stýrihópar

Stýrihópar sem vinna eftir þeirri hugmyndafræði sem skólinn vinnur eftir.

Orð af orði - orðaforði

Hópurinn skipaður: María Pálmadóttir, Anna Ýr Sveinsdóttir, Bára Ingólfsdóttir, Evelyn Bryner og Jóhanna Alfreðsdóttir. Hópstjóri er Ásdís Steinunn Tómasdóttir.

Örstutt um þróunarverkefnið Orð af orði. Helsta markmið verkefnisins er að viðhalda yndislestri og þeim skemmtilega skólabrag sem með honum hefur skapast. Önnur mikilvæg verkefni eru meðal annars að efla orðaforða, orðvitund og lesskilning með



því að auka lestur, samræður og hlustun. Efla vitund um gildi orða fyrir lestur, skilning og nám, styrkja málumhverfið með því að auka við orðavinnu, lestur og ritun, samvinnu og samræður. Vinna með orð, orðskýringar, orð dagsins, orðhlutavinnu, orðapúsl, nýyrðasmíð, orðaleiki, krossglímur, hugtakakort, orðahjól og krossgátusmíð svo eitthvað sé nefnt.

Á fyrsta fundi var rætt um hvernig við gætum viðhaldið því sem við höfum þegar náð; yndislestri, krossglímunum og hugtakakortum. Vorum sammála um að yndislesturinn væri nýttur í öllum árgöngum. Krossglíma og hugtakakort eru orðnar að miklu leiti glósu/kennsluaðferðir í öllum árgöngum. Orðaskjóður eru nýttar og farið er í orðtök og málshætti í flestum árgöngum. Klippiljóð eru notuð í mörgum árgöngum. Við viljum að endurbirtingin bætist við og við viljum leggja meiri áherslu á nýyrði út frá orði dagsins. Við viljum einnig að K-V-L verði nýtt betur (kann - vil vita - lærði). Orðhlutaleiki og spil má nota oft.

Evelyn sagði okkur frá skemmtilegu verkefni sem ensku- og dönskukennarar í 8. bekk ætla að gera. Þeir ætla að skrá orðasafn á rúður í skólastofunum, hafa þar þýðingar á íslensku, ensku og dönsku og jafnvel fleiri tungumálum. Við í þróunarhópnum OAO ætlum hvetja til þess að aðferðir OAO verði nýttar í kennslu. Við ætlum að aðstoða þá sem vilja aðstoð og við mælumst til þess að kennarar hafi OAO inni í kennsluáætlunum sínum.

OAO hópurinn setti upp jólagetraun á kaffistofum beggja starfsstöðva í lok nóvember, þátttakan var ekki góð og ekki tilgangur í að halda henni áfram í þessari mynd.

Ákváðum að verða meira áberandi á GRV-fræðsla. Á milli funda, myndir teknar og settar inn á GRV – síðu og inn í möppu.

Örkynning undirbúin – Prezi - <https://prezi.com/tzwvixscu6/or-af-ori-orafori/>

Örnámskeið haldið; 15 aðilar af báðum starfsstöðum mættu og tóku þátt.

Á einum fundi voru gerð veggspjöld og teknar myndir til að deila t.d. á GRV fræðsla.

Lokaorð

Við vorum sammála því að fundir hefðu gengið vel og að samstarf hafi verið gott. Kennsluaðferðir OAO eru mikið notaðar á báðum starfsstöðum og okkur finnst nemendur nýta sér þessar aðferðir óumbeðnir sem telst góður árangur.

Við erum sannfærðar í því að lestrarkennsla hafi notið góðs af þessum aðferðum og áherslum hópsins. Yndislestur hefur náð að festa sér sess í öllum árgöngum ekki bara þeim yngstu.

Lestarhestur er nýttur í öllum árgöngum og heimalestri er fylgt eftir alla skólagönguna. Áherslan á

lestur og skilning hefur því virkað, við sjáum árangur, lestur hefur aukist, lestrargeta nemenda er mun meiri og lesskilningur þeirra er betri.

Við teljum að okkur hafi tekist að minna á okkur með því að setja myndir inn á GRV – fræðsla, með örkyrningu og örnámskeiði.

Við veltum einnig fyrir okkur hvernig við vildum sjá framhaldið af þessu starfi. Okkur finnst nauðsynlegt að Orði af orði verði haldið gangandi, að fólk verði hvatt til að nota aðferðirnar áfram og við teljum að það þurfi að halda áfram að minna á kennsluaðferðir OAO.

Skýrsluhöfundur: Ásdís Steinunn Tómasdóttir

Jákvæð samskipti

Fyrstu verkefni vetrarins voru að fara yfir handbók í eineltismálum sem GRV vildi taka upp í kjölfar Olweusar þar sem að skólinn vinnur ekki lengur út frá því. Gerðum við nokkrar breytingar og þeim komið til stjórnenda. Fljótlega var farið í hugmyndavinnu fyrir Dag jákvæðra samskipta og einnig vinavikuna hvernig hún ætti að vera. Þriðjudagurinn 3. nóv. var valinn sem Dagur jákvæðra samskipta.

Dagur jákvæðra samskipta tókst vel að mati nemenda og kennara, almenn ánægja var með að krakkarnir fengu að velja sér verkefni. Gott er að hafa í huga fyrir næsta ár að para 8. bekk með 1. bekk þannig að það samstarfið fylgist lengur að. Einnig að föndrið fari í eina stofu í viðbót, á þetta við Hs. Kennarar bentu einnig á að sleppa mætti söng og hafa lengri tíma á stöðvunum, einnig var bent á að of margir þemadagar væru í vinavikunni, dregur úr áhuga og á þetta sérstaklega við BS. Sniðugt þótti að hafa litríkan dag með degi jákvæðra samskipta.

Eitt af verkefnum þróunarhóps var að skoða skólareglur GRV út frá Almennum viðmiðunum um skólareglur sem Menntamálaráðuneytið gaf út. Við lögðum áherslu á trúnað þ.e.a.s. ef fólk/foreldrar koma í heimsókn, einnig samskipti – spurning um að taka fram að reglur eigi við alla starfsmenn skólans. Skólasókn – spurning um klausu varðandi það, erum búin að vera að skoða raunmætingu nemenda, einnig ábyrgð nemenda á námsgögnum.

Hópstjórar fóru á námskeið í Uppeldi til ábyrgðar í október, þar sem þeir lærðu margt áhugavert og skemmtilegt, mynduðu sambönd og ræddu við Elínu Yngvadóttur formann félagas UTÁ. Á fyrsta starfsmannafundi eftir áramót kom Elín í heimsókn til okkar og var með fyrirlestur fyrir starfsfólk GRV, hún lét okkur fá góða kennsluáætlun sem hópurinn er búinn að aðlagða að GRV og verður vonandi tekin í gagnið veturinn 2016 - 2017 sjá möppu á K-drifi þróunarvinnna - Jákvæð samskipti. Í nýrri kennsluáætlun er meðal annars fjallað um fyrirkomulag tengslakannana, í dag erum þær í 2. og 5. bekk, samkvæmt kennsluáætlun viljum við hafa þær oft og þá einnig á unglingastigi. Elín var með kynningu á Skyldi sem er forvarnarverkefni gegn einelti sem Sandgerðisskóli hefur þróað og unnið eftir, þá vaknaði sú spurning hjá okkur hvort það sé hugmyndin hjá GRV að skoða t.d. Skjöld frekar eða ekki? Eða hvort við ætlum við að“ búa til“ okkar eigið (forvarnarverkefni), boltinn liggur nú hjá stjórnendum um hvað skal gera í þessum efnum.

Við fórum einnig yfir áhugaverðar vefslóðir og heimasíður þar sem að unnið er með Uppeldi til ábyrgðar og jákvæð samskipti í skólum. Útbúinn var banki með áhugverðum vefslóðum fyrir kennara til að nota í kennslu og sendum á kennara, sjá K-drif (áhugaverðar slóðir).

Undir vorið ræddum við um að fá fyrirlestur næsta haust um jákvæð samskipti fyrir starfsmannahópinn (alla starfsmenn GRV). Haft var samband við Pál Ólafsson félagsfræðing, mun hann koma og vera með fyrirlestur fyrir starfsfólk á starfsdögum í haust. Einnig sendum við póst á Hildi Jóhannesdóttur hjá foreldrafélaginu varðandi aðkomu þeirra að þessu en ekki var áhugi fyrir því.

Skýrsluhöfundar: Anna Lilja Sigurðardóttir og Dóra Guðrún Þórarinsdóttir

Símenntun

Endurmenntun starfsfólks Grunnskóla Vestmannaeyja 2015 – 2016

Endurmenntun starfsfólks þarf að beinast að því að auka hæfni starfsmanns, starfsánægju og vellíðan á vinnustaðnum. Í skólanum starfar breiður hópur fólks sem hefur það að markmiði að mennta og leiðbeina nemendum.

Hér má sjá endurmenntun skólaársins 2015-2016.

Námskeið fyrir allt starfsfólk/alla kennara:

- **Ísey og ABC skólavörur**, námsgagnasýning 17. ágúst.
- **Spilavinir**, kennsla og sýning námsspila 18. ágúst.
- **Leið til læsis, snemmtæk íhlutun**, 18. ágúst Steinunn Torfadóttir lektor í HÍ.
- **Stig af stigi**, Námskeið fyrir kennara á yngsta stigi 21. ágúst.
- **Heilsueflandi grunnskóli ráðstefna** Fulltrúar úr stýrihópi ásamt matráðum og hjúkrunarfræðing fóru á ráðstefnuna.
- **Íslenska á unglunga og miðstigi**: Drifa Gunnarsdóttir kennari í Njarðvíkurskóla.
- **6 + 1 vídd ritunar**, allir íslenskukennarar, Sísíl verkefni, Hulda Karen Daníelsdóttir.
- **Stærðfræðinámskeið í apríl**, stærðfræðikennarar á mið-og unglingastigi Þóra Þórðardóttir.
- **Sjálfsstyrking, samskipti og jákvæðni**, Héðinn Unnsteinsson rithöfundur.
- **FAB-Lab námskeið 17. – 19. ágúst**, nokkrir kennarar sóttu ráðstefnuna.
- **Skólaheimsóknir innanlands**, hvöttum kennara til skólaheimsókna, kynna sér spennandi kennsluhætti og/eða verkefni. Nokkrir kennarar fóru í heimsóknir.
- **Streita og kulnun í starfi**: Á starfsdögum að vori. Ragnheiður G. Guðnadóttir sálfræðingur
- **Skólaþróun, tækni**, Ingvi Hrannar Ómarsson UT og kennsluráðgjafi í Skagafirði.
- **Uppeldi til ábyrgðar**: Elín Ingvadóttir formaður UTÁ kom með fyrirlestur.
- **Íslenska sem annað tungumál**, Sigríður Ólafsdóttir doktor við HÍ og Hulda Karen Daníelsd.

Örnámskeið:

- **Spjaldtölvur**, fyrstu skrefin við innleiðingu þeirra, Guðbjörg og Sverrir.
 - **Heimapróf í tölvum** – Guðbjörg
 - **Kahoot.it** – vefur sem gerir kennurum kleift að setja nám og kennslu í leikjaform.
 - **Ýmis stutt námskeið** – aðstoð fyrir kennara.
- **Orð af orði** – upprifjun fyrir kennara.
- **Hegðunarraskanir**, þá sérstaklega ADHD, fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða.
- **FÍV breytingar á námsskrá og samvinna skóla**, kennara og stjórnendur á unglingastigi.
- **UTÁ**, fyrir nýtt starfsfólk og upprifjun fyrir aðra áhugasama, Anna Lilja Sigurðard.
- **Stjörnufræðibox**, hvernig á að vinna með og nýta stjörnufræðiboxin sem eru til í skólanum, Sigurhanna Friðþórsdóttir.
- **Heilsueflandi grunnskóli**, heilsuefling starfsfólks, stuttir fyrirlestrar, heilsueflandi dagur.

Mat á skólastarfi

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga, og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar, áætlanir um umbætur. Tilgangurinn með slíku mati er að leiða til umbóta í skólastarfi.

Starfsmannasamtöl voru tekin á vorönn, skólastjóri og aðstoðarskólastjórar tóku viðtöl við kennara og annað starfsfólk. Deildarstjórar tóku viðtöl við stuðningsfulltrúa. Stjórnendur gerðu samantekt úr viðtölum og voru niðurstöður kynntar á starfsmannafundi.

Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli Vestmannaeyja er þátttakandi í Skólapúlsinum sem er nemenda-, foreldra – og starfsmannakönnun. Niðurstöður skólapúlsins má finna á heimasíðu skólans.

<http://grv.is/is/page/mat-a-skolastarfi>

Námsmat – frammistöðumat

Mat á hæfni og framförum nemenda er veigamikill þáttur í skólastarfi og órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Með námsmati er ætlunin að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Það á einnig að vera hvetjandi og örva nemendur til framfara sem og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Leiðsagnar- og frammistöðumat hefur aukist í skólastarfinu. Segja má að það hafi þann megin tilgang að greina og gefa tækifæri til að laga það sem betur má fara í námi og kennslu. Þetta er símat sem fer fram meðan á kennslu stendur og niðurstöðurnar eru nýttar í þeim tilgangi að læra af þeim. Leiðsagnarmatið nýtist þannig bæði nemendum og kennurum. Nemandinn getur nýtt það til að bæta sig í náminu og kennarinn til að bæta sig í starfi. Þannig ná allir betri árangri og námsmatið hefur þjónað tilgangi sínum. Nemendur fá frammistöðumat í janúar sem er umræðugrundvöllur fyrir foreldraviðtöl sem haldin eru við miðársmat í janúar. Í því mati meta bæði nemendur og kennarar. Að vori fá nemendur í 1. -9. bekk frammistöðumat en þá aðeins mat frá kennara. Hægt er að nálgast viðmið á heimasíðu skólans.

<http://grv.is/skrar/file/eydublod/matsvidmid-frammistodumat-endurskodad-foreldrabref.pdf>

Nemendur í 10. bekk útskrifuðust samkvæmt nýju námsmati eftir matsviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla. Vinna við námsmat mun halda áfram næsta vetur.

Samræmd próf

Á haustönn þreyttu nemendur 4., 7., og 10. bekkja samræmd próf í íslensku og stærðfræði og nemendur 10. bekkjar tóku einnig próf í ensku.

Hér má sjá niðurstöður samræmdra prófa í 4. 7. og 10. bekk

Árgangur	námsþáttur	Meðalt. GRV	Meðalt. landið	Meðalt. Suðurl.
4.bekkur	Íslenska	27.70	30,00	28,2
4.bekkur	Stærðfræði	29.70	30,00	29,8
7.bekkur	Íslenska	28.38	30,00	28,4
7.bekkur	Stærðfræði	27.53	30,00	29,6
10.bekkur	Íslenska	29.17	30,00	27,7
10bekkur	Stærðfræði	28.15	30,00	26,9
10.bekkur	Enska	26.22	30,00	28,2

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að bæta árangur skólans í samræmdum prófum og heldur sú vinna áfram.

Skýrslur deildarstjóra og umsjónarkennara

Skýrsla deildarstjóra

Við Grunnskóla Vestmannaeyja starfa tveir deildarstjórar í 100% stöðu í hvoru skólahúsi. Anna Rós Hallgrímsdóttir með 6. -10. bekk og Ólöf Aðalheiður Elíasdóttir í 1. -5.bekk.

Megin hlutverk deildarstjóra er að stuðla að velferð og velíðan nemenda og starfsfólks, skipuleggja skólastarf, vera faglegur ráðgjafi og sinna aga -og umgengismálum í sinni deild. Deildarstjórar sitja í nemendaverndarráði sem fundar aðra hverja viku og sitja oft teymisfundi vegna nemenda. Deildarstjórar sjá um daglega stjórnun og utanumhald, halda utan um sérkennslu og stuðning í samvinnu við sérkennara og námsverskennara. Halda utan um og skrá allar lestrareinkunnir, skipuleggja lestrarspretti í samvinnu við kennara í hverjum árgangi. Deildarstjórar skipuleggja forfallakennslu, skipuleggja og stjórna deildarfundum og skrá allar fundargerðir (bæði kennara –og deildarfunda), sjá um námsgagna –og bókapantanir og hafa umsjón með bókageymslu og öðrum námsgögnum. Halda utan um endurmenntun starfsfólks og sjá um skipulag vegna alls uppbrots í skólastarfinu og mörg sameiginleg verkefni t.d. Göngum í skólann og Norræna skólahalupið í samvinnu við íþróttakennara, Lífshlaupið, Dagur jákvæðra samskipta og vinavika, Skáld í skólum, UNICEF hlaup í 5. og 6. bekk.

Önnur verkefni sem deildarstjórar halda utan um: smiðjudagar 6. -10. bekk og árshátíð unglingastigs, þorablót á yngsta stigi, öskudagur í báðum húsum, starfskynning í 10. bekk, skólaferðalög í 7. og 10.bekk í samvinnu við umsjónarkennara. Skipulagning í kringum samrænd próf, lokaverkefni í 10. bekk, Fjölgreindaleikar í 1. -7. bekk, jólaföndurdagur í 1. -5. bekk, dansdagur í 1.-5. bekk, skóladagur í báðum húsum, ABC verkefni í 4. bekk, litlu jólin o.fl.

Deildarstjórar sjá sameiginlega um útgáfu fréttabréfs til starfsfólks einu sinni í viku, setja inn upplýsingar á skjái á kaffistofu og anddyri. Deildarstjórar eru nokkurs konar fjölmiðlafulltrúar skólans þeir sjá um að skrifa fréttir, taka myndir, setja inn á samskiptamiðla og heimasíðu skólans. Eru einnig í miklum samskiptum við bæjarmiðla þar sem áherslan er að skrifa jákvæðar fréttir úr skólastarfinu. Deildarstjóri á yngsta stigi er í miklum samskiptum við túlka vegna mikils fjölda erlendra nemenda. Deildarstjórar eru í þróunarhópum, Óla Heiða var í þróunarhóp um Heilsueflandi grunnskóla og stýrihóp um gerð lestrarstefnu GRV. Anna Rós hefur setið í þróunarhóp um stærðfræði og upplýsingatækni. Deildarstjórar sinna einnig kennsluskyldu, Óla Heiða kennir 5 tíma á viku og Anna Rós 3 tíma.

Gott og daglegt samstarf er á milli deildarstjóra á yngsta og eldra stigi og hafa deildarstjórar fundað nær vikulega með skólastjóra og aðstoðarskólastjórum í vetur.

Skýsluhöfundar: Anna Rós Hallgrímsdóttir og Ólöf A. Elíasdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Bekkir : 1.bekkur- 1.HRN, 1.SJ og 1. ÞS

Í 1. bekk í GRV í lok skólaársins voru 3 bekkjardeildir með 53 nemendum, þar af 30 stelpur og 23 stráka.

Helstu áherslur árgangsins

Lestur og stærðfræði. Mesta áherslan var lögð á stafabekkingu, undirstöðupætti lesturs og eflingu hljóðkerfisvitundar. Mikil áhersla lögð á það að láta alla lesa helst daglega. Í stærðfræði var áherslan lögð á tölurnar 0-20, talnaskilning og samlagningu og frádrátt með tölurnar 0-20. Nokkuð var um hlutbundna vinnu í stærðfræðinni. Í lífsleikni var unnið með að leysa vanda með aðferðum kennsluefnisins Stig af stigi.

Í stærðfræði var hluti af námsefninu fært niður á 5 ára deild þannig að mörg börn voru búin með Æfingahefti 1a og byrjuðum við því á Sprota 1a nemendabók í ágúst og lukum við þeirri bók í lok október 2015. Við byrjuðum á námsefni sem ætlað er 2. bekk í janúar 2016.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Reynt að byrja alla daga á yndislestri. Í kennslustofunni er unnið mikið í krókum, nemendur vinna 4-5 saman 15-20 mínútur í senn og skipta svo um verkefni. Í þessum krókum er leitast við að hafa verkefni fjölbreytt þannig að bókavinna sé ekki á fleiri en tveimur stöðvum í hverjum hring. Hinar stöðvarnar eru þá t.d. kennsla í gegnum spil eða leik, spjaldtölvur og hlutbundin vinna. Hefðbundin innlög bæði í lestri og stærðfræði.



Stigskipt lestrarsvæði í Leið til læsis vinnu 4-6 vikur í senn tvær klukkustundir á viku.

Þróunarstarf

Erum alltaf að þróa krókavinnu, bæta inn í verkefnum og námsspilum. Svo höfum við verið að þreifa okkur áfram með stigskipt lestrar- og stærðfræðisvæði inni í stofunum okkar. Einnig höfum við verið að hanna ný verkefni í tengslum við Lestrarlandið.

Námsmat

Lestur - Byrjað var á því að leggja fyrir könnun á stafabekkingu barnanna strax í haust áður en þau fengu lestrarbækur. Í október var lögð fyrir skimunin Leið til læsis og Bóhem-próf. Í desember var lögð fyrir könnun í stafabekkingu og/eða lestrarpróf eftir því hvar þau voru stödd. Í vor var svo lagt fyrir stöðlunarpróf Menntamálastofnunnar (mms) í lesfimi sem við létum gilda sem lokaekinnun í lestri.

Stærðfræði – Lögð var fyrir stærðfræðikönnun í janúar úr Sprota 1a og 1b. Munnlegt og verklegt mat var lagt fyrir í mars þar sem skoðuð var þekking barnanna á vikudögum, formum og mynstrum. Í Sprota 2a eru reglulega hefðbundin kaflapróf í lok hvers kafla. Í vor var svo yfirlitspróf (miðsvetrarpróf) úr bls. 1-65 hluta af því prófi tökum við munnlega og verklega.

Námsefni og gögn

Íslenska: Lestrarlandið, lesbók og vinnubók 1 og 2 (sumir með + bækurnar). Verkefnabanki Leiðar til læsis. Ljósrituð aukaverkefni, stafahefti, verkefnabanki frá Kolbrúnu Matthíasdóttur.

Föndurmappa sem fylgir 1. bekk, leir, ýmis spil, tússtöflur og orðakassa, Lærum og leikum með hljóðin púsl. Lestrarbækur frá Námsgagnastofnun fyrir heimalestur, stafaspjöld frá Námsgagnastofnun, heimaskrift og sögubók. Spjaldtölvur, mms vefur og Skólavefurinn.

Stærðfræði: Sproti 1a og 1b ásamt vinnubók. Sproti 2a (fram að blaðsíðu 65) og vinnubók bls. 32. Ýmis stærðfræðispil úr stærðfræðikompunni, heimatibúin verkefni, verkefni úr verkefnabanka Leikur að læra, einingakubbar, reiknivélar, kubbar, smellukubbar, perlur, spjaldtölvur, vefir af mms og Skólavefnum, verkefni af Sprotavefnum, hugtakabók og heimaðæmabók.



Náttúrufræði og samfélagsfræði: Komdu og skoðaðu umhverfið og Komdu og skoðaðu líkamann. Verkefni sem fylgja kennsluleiðbeiningum þessara bóka. Söguramminn/ Skilaboðaskjóðan.

Kristinfræði: Undrið og ýmis verkefni tengd sögum og hátíðsdögum kristinnar trúar.

Stig af stigi/ Lífsleikni: Stig af stigi kassinn/rauður, Litla lifran ljóta, Katla gamla, Ýma tröllastelpa og Aðgát í umferðinni.

Útikennsla/ hreyfing

Gönguferðir, náttúrustígar og örnefnagöngur. Útistærðfræði, tiltekt á skólalóð, heimsókn á Bæjarbókasafnið og skólastofuleikfimi af vefnum Leikur að læra.

Skemmtanir og félagslíf

Foreldrar sjá um bekkjarsamstarf tvisvar á skólaárinu.

Þemavinna/ vordagar

Fjölgreindaleikar 2 dagar að vori. Einn dagur með kennara, fórum á bæjarbókasafnið, Drífa las fyrir okkur sögu og við fengum kynningu á sumarlestrarbingó í samvinnu við Bókasafn Vestmannaeyja.



Almennt um árganginn

Nokkuð sterkur hópur sem kom vel undirbúinn í 1. bekk. Þau þurfa samt stífan ramma og gott utanumhald. Komu mjög vel út í stöðlunarprófum Námsmatsstofnunnar í lestri. Byrjað var með einn stuðningsfulltrúa í 1. SJ í haust en annar kom inn í 1. HRN í nóvember og var full þörf á þeirri aðstoð þar sem mikið er um börn á gráu svæði í þeim bekk. Nokkur hluti barnanna fer til Nínu í sérkennslu. Gott samstarf er milli foreldra og kennara í árganginum.

Samstarf og samvinna

- **Bekkja-/ nemenda**

Leið til læsis hóparnir hafa verið keyrðir þvert á árganginn. Árgangurinn hefur farið saman í göngur og á söfn. Lítið hefur verið um samvinnu milli bekkja þar sem stofurnar eru ekki samliggjandi. Stundatöflurnar hafa líka hamlað samstarfi milli bekkjanna.

- **Kennara**

Mikið samtarf á milli bekkjarkennara. Við erum með tvo fasta samstarfstíma í viku auk þess sem við höfum skipt með okkur verkum og kennsluhugmyndum.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Of stuttur matartími þau þurfa alveg 30 mínútur í mat. Þau þurfa a.m.k einar frímínútur á hverjum degi (þau fengu ekki frímínútur á fimmtudögum í vetur).



Fyrsti bekkur var í stofu 4, 6 og 8, stofur 6 og 8 eru of litlar miðað við allt það föndur sem fer fram í 1. bekk. Það vantar salerni inn í þessar stofur sem skapa ákveðið vandamál og vont að geta ekki stúkað af lestrarsvæði. Stundum er of mikill hávaði á göngunum og í matsalnum. Plássleysi fyrir Leið til læsis hópavinnu.

Í september sungu krakkarnir lagið Það er gott að lesa, í Eldheimum vegna undirskriftar þjóðaráðsins um lestur. Í desember fórum við í heimsókn á Hraunbúðir og sungum jólalög fyrir vistmenn og starfsfólk.

Jákvæður og áhugasamur hópur sem skemmtilegt er að vinna með. Hlökkum til að taka þátt í nýjum ævintýrum með krökkunum okkar næsta vetur.

Skýrsluhöfundar: Herdís Rós Njálisdóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir og Þóra S. Sigurðardóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Bekkir: 2. GSnæ. 2. KM og 2. ÞS

Í 2. bekk í GRV í lok skólaársins voru 3 bekkjardeildir með 65 nemendum, þar af 25 stelpur og 40 stráka.

Helstu áherslur árgangsins

Við leggjum áherslu á lestarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Lögð er áhersla á góð samskipti í hópnum m.a. með hópavinnu í samfélagsgreinum og stærðfræði. Unnið er með félagsfærninámsefnið Stig af stigi sem sérkennarinn okkar hún Nina sér um með miklum ágætum.



Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Unnið er samkvæmt Leið til læsis í 2. bekk. Skimunarpróf er lagt fyrir í september og febrúar, nemendum er skipt í hópa út frá niðurstöðum. Í sex vikur er unnið tvisvar í viku, klukkustund í senn í hópum með námsefni við hæfi hvers og eins. Með þessari snemmtæku íhlutun erum við að koma til móts við þá nemendur sem eru í áhættuhóp samkvæmt Ltl.

UTÁ og bekkjarfundir: Við byrjuðum haustið á því að ræða hvernig draumabekkurinn væri að okkar mati. Síðan unnum við með mitt og þitt hlutverk. Eftir áramót fórum við í að skoða þarfirnar fimm.

Við notum fjölbreytta kennsluhætti t.d. krókavinnu, þemavinnu, hópastarf, einstaklings aðstoð, myndbönd svo eitthvað sé nefnt.

Þróunarstarf

Við vinnum samkvæmt Leið til læsis, Uppeldi til ábyrgðar, Stig af stigi. Sendum heim orðabókavinnu í tengslum við heimalestur. Sumarlestrarhestur sendur heim við skólaslit.



Námsmat

Nemendur taka kannanir og yfirlitspróf reglulega yfir önnina sem við notum svo við frammistöðumati í lok annar. Einnig metum við vinnuframlag, samskipti og námsstöðu.

Útikennsla/hreyfing

Markmið okkar er að fara a.m.k. einu sinni í mánuði út í tengslum við samfélags- og náttúrufræðinámsfnið (sjá kennsluáætlun). Einnig höfum við farið út að vinna stærðfræðiverkefni í nærumhverfi skólans.

Tókum þátt í átakinu „Göngum í skólann“ sem lauk með Norræna skólahlaupinu. Nemendur voru duglegir að koma gangandi og hjólandi í skólann og í hálfan mánuð var keppni um Gullskóinn.

Í september fórum við í göngu upp í Sýslumannskór en það er liður í því að kynna nemendum nærumhverfi sitt. Einnig fórum við í berjamó, tíndum blóðberg og bjuggum til blóðbergste.

Í febrúar fórum við í eftirminnilega sleðaferð þar sem nemendur létu veðrið ekki hafa áhrif á sig og brunuðu af kappi. Við tókum þátt í Lífshlaupinu og stóðu nemendur sig mjög vel.

Í apríl fórum við í fjöruferð í tengslum við námsfnið Komdu og skoðaðu hafið.

Í maí fórum við í vettvangsferð í frystihús sem einnig er hluti af námsfnninu Komdu og skoðaðu hafið.



Skemmtanir og félagslíf

Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember unnum við með þjóðsögna um Djáknann frá Myrká og var það mjög skemmtilegt. Nemendur bjuggu til krossglímu úr orðinu draugasaga og við horfðum á leikna mynd sem krakkar á Akureyri bjuggu til eftir sögunni um djáknann.

Í desember er alltaf nóg að gera hjá okkur, við fórum í kirkjuheimsókn, horfðum á helgileikinn sem 5. bekkur sér um, árlegur föndurdagur var mjög skemmtilegur og síðan æfðum við leikrit og sýndum á litlu jölunum í skólanum okkar.

Rithöfundar komu í heimsókn og kynntu bækur sínar.

Við fengum gesti sem voru með forvarnarverkefnið Börnin í hverfinu sem er forvörn gegn ofbeldi á börnum.

Söngur á sal var einu sinni í mánuði hjá 2. bekk, í september kom Skólalúðrasveit Tónlistarskóla VM í heimsókn og spilaði nokkur lög við mikinn fögnuð nemenda. Einnig fórum við á tónleika hjá þeim í apríl.

Foreldrasamstarf í árgangnum var gott. Foreldrar skiptu á sig að vera með bekkjarfjör einu sinni á hvorri önn. Í vetur var t.d. jólabingó, páskabingó, brjóstsykursgerð, hestbak og leikjafjör. Markmiðið er að allir foreldrar bekkjarins hittist ásamt börnum sínum og eigi skemmtilega stundir saman.

Þemavinna/vordagar

Blóm árgangsins er hvítsmári og fórum við í göngu, tíndum hvítsmára, þurrkuðum hann og settum inn í náttúruskólabók.

Fugl árgangsins: Við fórum og skoðuðum fuglalífið við Hástein, Fiskhella og Skiphella í vor. Þar var fuglinn okkar fyllinn að hreiðra um sig.



Fiskur árgangsins: Við fórum í heimsókn í Sæheima og skoðuðum kola sem forstöðumaður safnins gaf þeim og þá var hægt að heyra skrítið hljóð í þeim. Við horfðum á mynd um flatfiska neðansjávar sem Eyjamaðurinn Erlendur Bogason bjó til.

Á vordögum voru Fjölgreindarleikar í 1.-7. bekk. Þar unnu nemendur margvísleg verkefni í aldursblönduðum hópum. Síðasta skóladaginn fórum við í göngu upp í Hrafnakletta.

Almennt um árganginn

Hópurinn er orkumikill með fullt af duglegum og vinnusömum börnum. Margir eru mjög sterkir námslega en einnig eru margir sem þurfa á aðstoð þroskaþjálfra og sérkennara að halda. Sjö nemendur eru af erlendum uppruna og þeir fá sérstaka málörvunartíma.

Samstarf og samvinna

Árgangnum er skipt í hópa í Leið til læsis en hverjum bekk er skipt í tvo hópa í lotutímum. Við hittum vinabekki okkar sem er 9.bekkur tvisvar á ári og vinnum skemmtileg verkefni með þeim. Umsjónarkennarar árgangsins hittast 2-3 í viku, klst. í senn, ræða um nemendur og málefni árgangsins og skipuleggja kennslu. Góð samvinna er við heimilin og lögð áhersla á daglegan heimalestur. Umsjónarkennarar senda vikupóst til foreldra þar sem helstu upplýsingar um skólastarfið kemur fram, ásamt því að vera í miklum samskiptum við foreldra um nám og líðan barna. Foreldraviðtöl eru að hausti til að ræða líðan barnanna og allir setja sér markmið. Í janúar eru foreldraviðtöl þar sem frammistöðumat nemenda er rætt og farið yfir markmiðin.



Skýrsluhöfundar: Guðrún Snæbjörnsdóttir, Kolbrún Matthíasdóttir og Þórdís Jóelsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Bekkir: 3. MK, 3. SÁ og 3. ULI

Í 3. bekk í GRV í lok skólaársins voru 3 bekkjardeildir með 48 nemendum, þar af 23 stelpur og 25 stráka.

Helstu áherslur árgangsins

Hafa verið fjölbreyttir kennsluhættir og mikil áhersla lögð á verklega vinnu með margskonar efnivið.

Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Unnið hefur verið í vetur á fjölbreyttan hátt s.s. paravinna, hefðbundin bekkjarkennsla, hópavinna þvert á árganginn, verkleg kennsla, útikennsla, hópavinna í bekk og vettvangsferðir. Smíðjur voru einu sinni í viku þvert á árganginn þar sem unnið var þverfaglega með alla námsgreinar í huga. Útikennsla var einu sinni í viku þar sem einnig var unnið þvert á árganginn með t.d. samskipti með hópeflisleikjum, stærðfræði og íslensku. Einn lestrarsprettur (Indjánapema) var í nóvember og tekið var þátt í lestrarklúbbi (Drekaklúbburinn) í samstarfi við bókasafn skólans um vorið.

Kennslugögn: t.d. spjaldtölvur, flashcards (plöstuð spjöld bæði í íslensku, stærðfræði og ensku), tússtöflur, skjávarpi, ýmis námsspil og mikið efni sótt af neti sem unnið var með fjölnota.



Þróunarstarf

Þróunarvinna var unnin í vetur með bókasafni skólans (Drekaklúbbur), samstarf var við Bæjarbókasafnið um yndislestrarbækur. Samvinnuverkefni var með Bæjarbókasafni Vestmannaeyja þar sem áhersla var lögð á lestur og aðstoð við heimanám fyrir erlenda nemendur. Allir kennarar í árganginum voru í þróunarhóp fyrir tvítyngd börn. Áhersla var lögð á

að gera fjölbreytileikann sýnilegan. Unnið hefur verið í samstarfi við Fablab t.d. með jólagjöf og fiskur árgangsins var unninn í samvinnu við upplýsinga- og tæknimennt. Tölvukennari kom nokkrum sinnum yfir skólaárið í smíðjutíma og aðstoðaði kennara við kennslu á spjaldtölvum.

Námsmat

Lestur: Unnið samkvæmt lestrarstefnu GRV

Íslenska og Stærðfræði: Símat, miðárspróf og vorpróf gilda 10 % hvort. Verklek og munnleg próf auk þess em vinnuframlag var metið.

Í öðrum greinum: Vinnuframlag og samskipti metin.

Útikennsla/hreyfing

Útikennsla var einu sinni í viku þar sem einnig var unnið þvert á árganginn t.d. samskipti með hópeflisleikjum, stærðfræði og íslensku. Vettvangsferðir voru farnar í Eldheima, þar sem unnið var verkefni í tengslum við náttúrufræði. Einnig var farið á Bæjarbókasafnið fyrir jólin þar sem við fengum kynningu á safninu og upplestur. Í eldvarnarvikunni fór árgangurinn í heimsókn á Slökkvistöð Vestmannaeyja. Tókum þátt í Lífshlaupinu, Göngum í skólann auk Norræna skólahlaupsins. Örnafnaganga uppá Há var farin með foreldrum. Náttúrustígur í Klaufina og Hamarinn.



Skemmtanir og félagslíf

Í upphafi skólaárs voru skipaðir fulltrúar foreldra úr öllum bekkjum árgangsins til að halda tvo viðburði yfir skólaárið. Kennarar árgangsins ætluðu að hafa skemmtun/afrakstur skólastarfs fyrir foreldra. Ekki náðist að halda viðburð í hádegi vegna veðurs og var honum aflýst. Foreldrum var boðið að koma með þegar farið var í gönguferð upp á Há. Bekkjarkvöld voru sameinuð með foreldrasamstarfi hjá öllum árganginum. Ekki hefur gengið vel að fá foreldra til að sýna frumkvæði í skemmtanahaldi fyrir nemendur.

Þemavinna/vordagar

Farið var í Klaufina sem er okkar náttúrustígur, gengum eftir Hamrinum og skoðuðum dýralíf og gróður. Örnefnaganga að Sængurkonusteini, Prestasteini, Bússu og Frið, sögur voru sagðar um þessi örnefni. Þar sem fugl árgangsins er rita var ákveðið að ganga að Skipihellum og ritubjargið skoðað boðið var upp á ís í Skýlinu. Síðasta dag skólaársins fórum við inn í Herjólfssdal, fórum í leiki og borðuðum nesti. Fjölgreindarleikar voru á vordögum fyrir 1.-7. bekk. Skipt í hópá þvert á árganga og unnið með verkefni eftir kenningu Howards Gardners. Föndurdagur var haldinn í desember. Í náttúru- og samfélagsfræði unnum við þvert á árgang með Komdu og skoðaðu námsbækur til hliðsjónar og ýmis verkleg verkefni voru unnin út frá því. Unnið hefur verið tvisvar á árinu með vinabekk okkar í 8. bekk í sitthvorum skólanum og unnið með vináttu. Blóm árgangsins er gleymérei og við fórum í gamla hraunið til að skoða jurtina og tindum ber í leiðinni. Fiskur árgangsins er steinbítur unnum með hann í samstarfi við upplýsingatæknikennara og Fablab.



Almennt um árganginn

Árgangur 2007 er skemmtilegur en krefjandi hópur. Hluti árgangsins er tvítyngdur og þurfa mörg börn að fá aðstoð sérkennara og þroskaþjálfra. Mikill tími hefur farið í samskiptavanda í árganginum almennt og einnig milli erlendra nemenda.

Samstarf og samvinna

Bekkja/nemenda: Einu sinni í viku var samlestur sem fór fram þvert á árganginn og er skipt í hópa eftir aðferðum LTL. Einu sinni í viku er útikennsla þvert á árgang. Einu sinni í viku eru smiðjutímar þar sem margvísleg verkefni eru unnin þvert á árgang.

Kennara: Einu sinni í viku er fastur samstarfstími auk samvinnu sem fer fram nánast daglega.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Við höfum trú á því að í vetur höfum við unnið fjölbreytt og skemmtileg verkefni með öflugum árgangi og hafi það skilað góðum árangri.

Skýrsluhöfundar: Margrét Elsabet Kristjánsdóttir, Sæfinna Ásbjörnsdóttir og Unnur Líf Ingadóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Bekkir: 4. ALS, 4. JA og 4. RB

Í 4. bekk í GRV í lok skólaársins voru þrjár bekkjardeildir með 51 nemendum, þar af 23 stelpur og 29 strákar.

Helstu áherslur árgangsins

Við leggjum áherslu á lestarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Mikil áhersla var lögð á stærðfræðikennslu eins og aðalnámsskrá segir til um. Lögð er áhersla á góð samskipti í hópnum m.a. með para- og hópavinnu í sem flestum greinum. Unnið er með félagsfærninámsefnið Spor 4 og bekkjarfundi. Unnið er eftir Uppeldi til ábyrgðar, meðal annars með grunnþarfir hver og eins, mismunandi hlutverk starfsmanna skólans og góðan bekkjaranda.

Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Leitast er við að nota fjölbreytta kennsluhætti t.d. krókavinnu, þemavinnu, hópastarf, paravinnu, einstaklings aðstoð, myndbönd, útikennslu, vettvangsferðir, námsleiki svo eitthvað sé nefnt. Haustið hófst á því að ræða hvernig draumabekkurinn væri að okkar mati í tengslum við UTÁ. Síðan unnum við með mitt og þitt hlutverk. Eftir áramót skoðuðum við þarfirnar fimm og hver og einn greindi sig. Reglulegir bekkjarfundir voru haldnir og málefni líðandi stundar krufin.

Í upphafi skólaársins tókum við tíma í undirbúning fyrir samræmd próf, nemendur spreyttu sig á að taka gömul próf.

Í nóvember var lestrarsprettur sem tókst vel og annar var í byrjun apríl. Mat okkar er að síðari spretturinn megi ekki vera seinna á skólaárinu. Á vormisseri var árgangnum skipt í fimm hópa eftir lestrar og lesskilnings getu. Einn hópurinn var í bókmenntum og vann ritgerð með leiðsögn. Þrír

Blaðsíða | 30



hópar unnu samkvæmt PALS – lestrarþjálfun, þó með mismunandi útfærslu. Fimmti hópurinn var með sérkennara og fór í undirstöðuatriði lestrarþjálfunar.

Í náttúrufræðiefninu, Komdu og skoðaðu eldhúsið, voru gerðar fjölbreyttar verklegar tilraunir og nemendur spreyttu sig á fyrstu skrefum skýrslugerðar.

Árgangurinn tók þátt í fjölmennningarverkefni, þar sem unnið var með ýmsa þjóðfána. Í einum bekknum eru börn með tengingar við nokkur lönd. Var þar unnið veggspjald með tölunum og fánum þessara landa.

Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember hlustuðu nemendur á þjóðsögur á bókasafni skólans. Nemendur bjuggu til sameiginlega krossglímu úr orðinu þjóðsaga.

Að vori sýndu nemendur mikinn skörungsskap við söfnun fyrir ABC - barnahjálp. Árgangurinn sýndi verkefninu einstaklega mikinn áhuga og bar lokaupphæðin þess glöggt merki. Fyrir söfnunina fengu nemendur fræðslu um ABC barnahjálpa og horfðu á myndband.

Í lok vorannar unnu nemendur verkefni RÚV um forsetakosningar. Nemendur fengu kynningu á öllum forsetaframbjóðendum og fræðslu um forsetaembættið. Kennarar reyndu að líkja sem mest eftir raunverulegum kosningum, kosning var leynileg í kjörklefa, merkt var við nemendur þegar þeir fengu kjörseðil.

Þróunarstarf

Unnið er samkvæmt Leið til læsis, Uppeldi til ábyrgðar og Orði af orði.

Námsmat

Samræmd próf eru að hausti. Hraðapróf í lestri í sept., des., mars, og maí. Leið til læsis lagt fyrir í sept./okt. – mars. Lesskilningspróf af Mentor, Orðarún í janúar og maí. Nemendur taka kannanir og yfirlitspróf reglulega yfir önnina í íslensku, stærðfræði og ensku. Nemendur tóku hlustunar- og munnlegt próf í ensku. Þessi próf eru notuð við frammistöðumat í lok annar. Vinnubækur og hópverkefni nemenda eru líka í frammistöðumati. Auk þess metum við vinnuframlag og samskipti.



Viljum við segja frá því að nemendur tóku þátt í tilraunakeyrslu á nýjum stöðluðum lestrarprófum Menntamálaráðaneytisins tvisvar á vormisseri undir stjórn Höllu Andersen.

Útikennsla/hreyfing



Markmið okkar er að fara a.m.k. einu sinni í mánuði út í tengslum við samfélags- og náttúrufræðinámsefnið. Við unnum líka stærðfræðiverkefni í nærumhverfi skólans. Við tókum þátt í átakinu „Göngum í skólann“ sem lauk með Norræna skólahlaupinu. Nemendur voru duglegir að koma gangandi og hjólandi í skólann og í hálfan mánuð var keppni um Gullskóinn. Nemendur í 4. og 5. bekk fóru í heimsókn í Barnaskólann og hittu þar 6. og 7. bekk. Þar var farið í hópeflisleiki á skólalóðinni.

Í ágúst fórum við í berjaferð í hraunið fyrir ofan Hamarsskóla og unnum verkefni tengt því í náttúruskólabók.

Í byrjun september fórum við út til að finna blóm árgangsins, sóley, við hefðum ekki mátt vera seinna á ferð í þetta verkefni, afrakstur í náttúruskólabók.

Í október fórum við í Herjólfsbæinn, skoðuðum vegggleðslunnar í tengslum við námsefnið Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti. Þar fékk árgangurinn líka þjóðsöguna Garún, Garún beint í æð.

Í vinavíku í byrjun nóvember var Dagur jákvæðra samskipta. Þá hittust vinabekkir, nemendur völdu sér verkefni og unnu sameiginlega UTA-veggspjöld um jákvæð samskipti. Þessi veggspjöld voru hengd upp á vinnustöðum víðsvegar um bæinn.

Við fórum líka í heimsókn á Rannsóknasetur HÍ og þar var fiskur árgangsins karfi krufinn fyrir okkur. Við komum líka við í Sæheimum og til þess að skoða fugl og fisk árgangsins, karfa og tjald.

Í febrúar tókum þátt í lífshlaupinu og stóðu nemendur sig mjög vel.

Við fórum í heimsókn í Surtseyjarstofu í tengslum við Komdu og skoðaðu landnámið. Þar skoðuðum við hvernig nýtt land verður til.

Í apríl fórum við út með ýmsar mælingar í stærðfræði og unnum í litlum hópum, svo sem ummál og flatarmál, margföldun og deiling, talning, skráning og súlurit.

Við fórum í fuglaskoðun inn í Herjólfsdal og vorum við svo heppin að sjá mikið af tjaldi sem er fugl árgangsins. Unnum verkefni þessu tengt í náttúruskólabók.

Vettvangsferð var farin á Skansinn, þar sem fræðst var um sögu og byggingar svæðisins.

Í maí fór árgangurinn í örnefnagöngu. Farið var í hlíðar Eldfells, útsýni og örnefni skoðuð. Gengum um nýja hraunið og enduðum í nesti í Hraunskóg.

Bekkirnir fóru líka út í ratleik úr náttúrufræðiefninu Komdu og skoðaðu himingeiminn.

Við tókum líka þátt í dansi í Bárugötu ásamt öðrum bekkjum í Hamarsskóla.

Við heimsóttum Bæjarbókasafnið og fórum á sýninguna Uppáhaldsbókin mín, sem var skemmtilegt samstarfsverkefni Bókasafnsins og 4. bekkjar. Betra væri að þetta verkefni væri fyrr á skólaárinu, þá gætu aðrar bekkjardeildir nýtt sér t.d. topplista yfir upphaldsbækurnar í 4. bekk. Gönguferð var farin í Sýslumannskór, sprönguna og undir Löngu.



Heimsókn í Sæheima þar sem að við skoðuðum lítinn stara unga sem var í fóstri. Afrakstur í náttúruskólabók.

Gönguferðir og útileikir voru síðasta kennsludaginn, mismunandi eftir bekkjum.

Nemendur tóku þátt í Fjölgreindarleikum í fyrsta sinn og var almenn ánægja meðal nemenda og kennara með þetta verkefni.

Skemmtanir og félagslíf

Í desember er alltaf nóg að gera hjá okkur, horfðum á helgileikinn sem 5. bekkur sér um. Árlegur föndurdagur var mjög skemmtilegur og síðan æfðum við leikrit og sýndum á litlu jólunum í skólanum okkar.

Í janúar var hið árlega þorablót skólans með fræðslu, söng, þorramat og almennri gleði.

Á öskudegi mættu nemendur og starfsfólk í búningum og var kötturinn sleginn úr tunnunni í Íþróttahúsinu.

Rithöfundar komu í heimsókn og kynntu bækur sínar.

Nemendur horfðu á stuttmyndina „Fellum grímuna“. Þetta er forvarnarverkefni sem miðar að því að sýna almenningi á upplifgandi hátt að öll erum við mannleg og enginn er fullkominn.

Selma Björk Hermannsdóttir og Hermann Jónsson komu með fyrirlesturinn, Ást gegn hatri, en viðhorf þeirra til eineltis er að mæta hatri með ást og finna til með þeim sem leggja í einelti.

Nemendur úr 7. bekk sem tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni komu og lásu upp fyrir okkur. Var þetta liður í Litlu upplestrarkeppninni sem því miður gafst ekki tími til að klára.

Söngur á sal var einu sinni í mánuði hjá 4. bekk, í september kom Skólalúðrasveit Tónlistarskóla VM í heimsókn og spilaði nokkur lög við mikinn fögnuð nemenda. Einnig fórum við á tónleika hjá þeim í apríl. Í desember kom söngkonan Silja Elsat í heimsókn og söng með og fyrir nemendur.

Foreldrasamstarf í árgangnum var gott. Foreldrar skiptu á sig að vera með bekkjarfjör einu sinni á hvorri önn. Í vetur var t.d. Halloween- partý, útileikir og ísferð og fórum á hestbak. Markmiðið er að allir foreldrar bekkjarins hittist ásamt börnum sínum og eigi skemmtilegar stundir saman.

Þemavinna/vordagar

Blóm árgangsins er sóley og fórum við í göngu, tíndum sóleyjar, þurrkuðum og settum inn í náttúruskólabók. Fugl árgangsins er tjaldur. Við fórum og skoðuðum fuglalífið í Herjólsfald og þar sáum við fuglinn okkar. Unnum verkefni um tjald í náttúruskólabók. Fiskur árgangsins er karfi. Við fórum í heimsókn í setrið og þar var karfi krufinn fyrir okkur. Í Sæheimum skoðuðum við líka fuglinn og fiskinn okkar.



Á vordögum voru Fjölgreindarleikar í 1.-7. bekk. Þar unnu nemendur margvísleg verkefni í aldursblönduðum hópum.

Almennt um árganginn

Hópurinn er orkumikill og mjög krefjandi. Nokkrir eru sterkir námslega en við vildum sjá fleiri fylla þann hóp. Of stór hluti á í vandræðum með lestur og lesskilning og að halda sér að verki. Nokkrir nemendur fá þjónustu þroskajálfa, sérkennara og námsráðgjafa. Stuðningsfulltrúi fylgir einum bekk. Lestraramma hefur komið inn í tvo bekki af þremur í vetur og hefur það gefist vel.

Samstarf og samvinna

Árgangurinn er bekkjaskiptur nema í lotum þá er bekkjum blandað og skipt í hópa. Hluti hópsins fékk lestrarþjálfun hjá Höllu Andersen í blönduðum hóp úr bekkjunum. Eftir áramót var öllum 4. bekk blandað í fimm hópa í PALS og bókmenntavinnu. Við hittum vinabekki okkar tvisvar á ári og unnum skemmtileg verkefni með þeim.

Umsjónarkennarar árgangsins hittast 2-3 í viku, klst. í senn, ræða um nemendur og málefni árgangsins og skipuleggja kennslu. Góð samvinna er við heimilin og lögð áhersla á daglegan heimalestur. Umsjónarkennarar senda vikupóst til foreldra þar sem helstu upplýsingar um skólastarfið kemur fram, ásamt því að vera í miklum samskiptum við foreldra um nám og líðan barna. Allir bekkirnir voru með lokaða Facebookar síður sem foreldrar halda utan um, umsjónarkennarar hafa nýtt sér þessar síður.

Foreldraviðtöl eru að hausti til að ræða líðan barnanna og allir setja sér markmið. Í janúar eru foreldraviðtöl þar sem frammistöðumat nemenda er rætt og farið yfir markmið. Markmið nemenda voru prentuð út og höfð sýnileg. Fundir eru oftast ef þurfa þykir.

Á vordögum var árgangurinn í samstarfi við Bókasafn Vestmannaeyja sem bar heitir Uppáhaldsbókin mín.

Skýrsluhöfundar: Anna Lilja Sigurðardóttir, Jóhanna Alfreðsdóttir og Ragnheiður Borgþórsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Bekkir: 5. AP, 5. BI og 5. ES

Í 5. bekk í GRV í lok skólaársins voru 3 bekkjardeildir með 42 nemendum, þar af 18 stelpur og 24 stráka.

Helstu áherslur árgangs

Farið var eftir aðalnámskrá grunnskóla í skólastarfinu/kennslunni. Unnið var eftir kennsluáætlunum sem búnar voru til í ágúst fyrir haustönnina og janúar fyrir vorönnina. Við leggjum áherslu á markvissa lestrarkennslu samkvæmt lestrarstefnu GRV og Framtíðarsýnar Vestmannaeyjabæjar. Meginmarkmið vetrarstarfsins var að vekja/efla áhuga nemenda á lestri og lesskilningi ásamt grunnaðgerðum í stærðfræði. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og liði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði. Útikennsla var föst á stundatöflu einu sinni í viku, 3 kennslustundir. Lögð var áhersla á fjölbreytt verkefni í stærðfræði, náttúru- og samfélagsfræði ásamt verkefnum sem tengjast heimabyggð. Samfélags- og náttúrfræði unnum við í lotum. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. umræður, heimildavinna, samvinnunám, hópavinna, paravinna og útikennsla.



Kennsluhættir/skipulag kennslu

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	7	Arnheiður Pálsdóttir, Bára Ingólfssdóttir
Stærðfræði	7	Arnheiður Pálsdóttir, Elísa Sigurðardóttir
Náttúrugreinar	3	Arnheiður, Bára og Elísa
Samfélagsfræðigreinar	4	Arnheiður, Bára og Elísa
Lífsleikni/bekkjarfundur	1	Arnheiður, Bára og Elísa
Enska	3	Aníta Ýr Eypórsdóttir, Jóhanna Alfreðsdóttir
Upplýsingatækni, list- og verkgreinar	7	Eva, Súsanna, Arnheiður, Ásta Júl., Sverrir, Ester, Óli Lár., Þóra Gísla og Þórhallur.
Íþróttir og sund	3	Snorri , Grétar Þór, Katrín, Guðný, Aníta

Þróunarstarf

Orð af orði, Uppeldi til ábyrgðar, Heilsueflandi grunnskóli og náttúruskóli.

Námsmat

Frammistöðumat er gert tvisvar á vetri. Notast er við símat, kannanir, yfirlitspróf, heimapróf, samvinnupróf, verkleg verkefni, skýrslur, tilraunir, mat á vinnubókum, mat á hópavinnu, leiðsagnarmat.



Útikennsla/hreyfing

Farið var einu sinni í viku í útikennslu samkvæmt stundatöflu. Fjölbreyttir og skemmtilegir tímar þar sem lögð er áhersla að fara út fyrir

skólastofuna. Meðal þess sem var gert var að fara í vettvangsferðir t.d. söfn, fyrirtæki, skoða skip, fjöruferð, sleðaferð og skólalundinn okkar. Einnig var notast við stöðvavinnu í stærð- og náttúrufræði og farið í ratleiki ásamt ýmsu öðru. Fugl, fiskur og planta árgansins er: njóli, loðna og skrofa. Að hausti fórum við og tíndum njóla og unnum verkefni í náttúruskólabók. Einnig heimsóttum við Vinnslustöðina og fengum að skoða loðnu og loðnuvinnslu. Í vor fórum við í örnefnagöngu og unnum verkefni tengd umhverfisstíg 5. bekkjar.

Skemmtanir og félagslíf

Árlegur föndurdagur var skemmtilegur og gekk vel. Rithöfundar komu og kynntu bækur sínar. Söngur á sal/göngum ca. 1x í mánuði. Tónleikar með lúðrasveitinni. Maritafræðsla var bæði fyrir nemendur og foreldra. Foreldrasamstarf í árganginum var gott. Foreldrar sáu um bekkjarfjör 1x á hvorri önn. Markmiðið er að allir foreldrar ásamt börnum sínum hittist og eigi skemmtilega stund saman. Á haustönn var Halloween partý í samstarfi við foreldra. Á vorönn var skemmtikvöld með ýmsum leikjum og skemmtiatriðum. Nemendaráð skólans hélt tvö diskótek fyrir árganginn eitt að hausti og annað að vori.

Þemavinna og vordagar

Í upphafi skólaárs fórum við í dagsferð þar sem við heimsóttum Landnámssýninguna, Alþingi og Þingvelli. Ferðin gekk vel og komu allir glaðir og sátir heim. Í nóvember og desember var nóg að gera við að æfa og sýna helgileikinn. Á Degi jákvæðra samskipta kom 6. bekkur í heimsókn til okkar þar sem unnin voru sameiginleg verkefni. Þessi dagur var mjög skemmtilegur þar sem nemendur nutu sín í leik og starfi. Í lok maí var árleg Víkingahátíð 5. bekkjar sem nemendur hafa undirbúið allan veturinn. Með því að búa sér til búninga og leikmuni í list- og verkgreinum. Í lok skólaárs voru haldnir Fjölgreindaleikar sem tókust mjög vel.



Almennt um árganginn

Í 5. bekk í GRV eru 3 bekkjardeildir. Í byrjun árs voru 46 nemendur í árganginum. Við lok skólaárs voru nemendur 41 og verða því tvær bekkjardeildir næsta skólaár. Stuðningsfulltrúi er í einni bekkjardeild. Árgangur 2005 er fullur af flottum krökkum sem eru flest áhugasöm um námið. Við höfum þurft að vinna í samskiptum nemenda í vetur sem hafa tekist vel að okkar mati. Í árganginum eru nemendur sem sækja tíma í námveri og hjá þroskapijálfa. Einnig höfum nýtt okkur námsráðgjafann mikið í vetur. Sérstaklega vegna líðan nemenda.

Samstarf og samvinna



Mikil og góð samvinna hefur verið þvert á árganginn. Í útikennslu er nemendum skipt í hópa. Tímabundið á vorönn skiptum við árgangum upp í jafna námshópa þar sem lögð var áhersla á íslensku og stærðfræði. Unnið var mikið með verkleg verkefni, spil, spjaldtölvur, kubba ofl. Þetta samstarf tókst vel og voru nemendur áhugasamir við þessa vinnu. Kennarar vinna mjög náið og vel saman við að skipuleggja

vinnu nemenda. Umsjónarkennarar árgangsins hittast 2-3 í viku, klst. í senn, ræða um nemendur og málefni árgangsins og skipuleggja kennslu.

Foreldraviðtöl eru að hausti til að ræða líðan barnanna og allir setja sér markmið. Í janúar eru foreldraviðtöl þar sem frammistöðumat nemenda er rætt og farið er yfir markmiðin og þau endurskoðuð. Góð samvinna er við heimilin og lögð áhersla á daglegan heimalestur.

Umsjónarkennarar senda vikupóst til foreldra þar sem helstu upplýsingar um skólastarfið koma fram, ásamt því að vera í miklum samskiptum við foreldra um nám og líðan barnanna.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Í vetur kom hún Þórey Björgvinsdóttir til okkar sem lestraramma og voru nemendur og kennarar mjög ánægðir og þakklátir fyrir hennar framlag. Á haustönn var lestrarsprettur sem tókst vel. Miklar framfarir urðu hjá nemendum og veittar voru viðurkenningar fyrir góðan árangur. Erna Jóhannesdóttir lagði fyrir skimunarpróf í lestri 2x á skólaárinu. Þegar niðurstöður lágu fyrir úr fyrri skimun var farið í lestrar-og lesskilningátak sem stóð yfir í 3 vikur. Gaman að sjá framfarir nemenda. Stefnan er tekin á að hún komi aftur í haust.

Halla Andersen hefur verið með örnámskeið í lestri fyrir nemendur sem hafa þurft aukna þjálfun.

Sameiginleg ritgerð var unnin á vorönn þar sem nemendur fengu fyrstu þjálfun í ritgerðasmíð.

Að lokum má nefna að 5. bekkur tók þátt í mörgum verkefnum á skólaárinu. Þar má nefna dagsferð að hausti, helgileikinn, skóladaginn (hlutavelta og kaffisala), UNICEF-hreyfinguna, víkingahátíðina og Fjölgreindaleikana. Allt þetta krefst mikils undirbúnings og tíma kennara og nemenda ásamt öðru uppbroti sem árgangurinn tekur þátt í.



Skýrsluhöfundar: Arnheiður Pálsdóttir, Bára Ingólfssdóttir og Elísa Sigurðardóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

Bekkir: 6. BB, 6. SEÁ og 6. ÓS

Í 6. bekk voru í lok skólaársins voru 3 bekkjardeildir með 53 nemendum, þar af 20 stelpur og 35 strákar.

Helstu áherslur árgangs

Meginmarkmið vetrarstarfsins var að vekja/efla áhuga nemenda á lestri og lesskilningi ásamt grunnaðgerðum í stærðfræði. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi kennslu við hæfi og liði vel í skólanum ásamt því að efla samheldni nemenda og sjálfstæði. Farið var eftir aðalnámskrá grunnskóla í skólastarfinu/kennslunni. Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn fyrir og eftir jól. Hver bekkur stofnaði Facebooksíðu sem efldi samstarfið við foreldra. Samskipti við foreldra voru góð.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Námsgrein	Tímar	Kennari
Íslenska	6	Bryndís, Lóa, Snjólaug
Stærðfræði	6	Bryndís, Lóa, Snjólaug
Náttúrugreinar	3	Bryndís, Lóa, Snjólaug
Samfélagsgreinar	4	Bryndís, Lóa, Snjólaug
Lífsleikni/bekkjarfundur	1	Bryndís, Lóa, Snjólaug
Enska	3	Eva, Evelyn og Lóa
Danska	1	Lóa og Magnús
Trúabragðapema	2	Ásta, Dóra Guðrún, Lóa Hrund, Óli, Snjólaug
Verkgreinar/Upplýsingatækni	6	Ásta, Dóra Guðrún, Eva, Lóa Hrund, Óli, Snjólaug
Íþróttir og sund	3	Katrín, Guðný, Aníta

Unnið var eftir kennsluáætlunum sem gerðar voru í ágúst fyrir haustönnina og janúar fyrir vorönnina. Nemendur unnu með vikuáætlanir í íslensku og stærðfræði. Þessar áætlanir voru eintaklingsmiðaðar þannig að sumir voru með vikuáætlun meðan aðrir voru með dagskipta áætlun. Einnig voru mismunandi verkefni á áætlununum nemenda. Samfélags- og náttúrugreinum unnum við í lotum. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. umræður, heimildavinna, samvinnunám, hópavinna, paravinna og útikennsla.



Námsmat

Notast var við símat, kannanir bæði skriflegar og rafrænar, mat á vinnubókum, mat á hópavinnu, leiðsagnarmat, jafningjamat. Frammistöðumat var gert tvisvar á vetri.

Útikennsla/hreyfing

Farið var einu sinni í mánuði í útikennslu eins og skólinn gerir ráð fyrir að sé gert. Meðal þess sem var gert var að fara á Stakkgerðistún til að finna plöntu árgangsins, taka myndir fyrir forsíðu vetrarins í náttúruskólabókina, hafa gaman og farið í leiki. Farið í miðbæinn í ratleikinn húsin í bænum. Útistærðfræði bæði á skólalóð og fyrir utan hana. Útileikir. Gönguleið sjötta bekkjar og umhverfisstígur, söfn, stofnanir, fjöruferð og nánasta umhverfi skólans.



Náttúruskólabók

Hver árgangur vinnur með einn fisk, fugl og eina plöntu á hverju ári. Í 6. bekk lærðu nemendur um súluna, þorskinn og fífilinn. Við fengum góða heimsókn frá líffræðingi hjá Hafrannsóknarstofnun til að fræða okkur um þorskinn.



Skemmtanir og félagslíf

Eitt sameignilegt bekkjarkvöld að hausti þar sem foreldrar og nemendur fóru saman í QR kóða ratleik um skólann. Að því loknu fóru foreldrar heim en nemendur borðuðu saman pizzur og fóru í leiki. Að vori var síðan hver bekkur með sitt bekkjarkvöld. Nemendaráð skólans hélt tvö diskótek fyrir árganginn eitt að hausti og annað að vori.

Þemavinna og vordagar

Í desember voru smiðjudagar þar sem nemendur völdu sér mismunandi verkefni eftir áhuga. Í samfélagsfræði var þemavinna mikið notuð til dæmis í Snorra Sturlusyni og Norðurlöndunum. Einnig var unnið þemaverkefni um náttúrhamfarir. Á vordögum voru Fjölgreindarleikar, ásamt vinnu með umhverfisstíg og náttúru Eyjanna.

Almennt um árganginn

Þegar skólinn tók til starfa í haust voru 53 nemendur í árganginum en tveir bættust við á haustönninni þannig að í vor voru 55 nemendur í þremur bekkjardeildum, stuðningsfulltrúi var í öllum bekkjum.

Samstarf og samvinna

- Bekkja/nemenda. Lítum á árganginn sem eina heild, nemendur vinna allir að sömu verkefnum og er stundum blandað saman.
- Kennarar vinna mjög náið og vel saman við að skipuleggja vinnu nemenda. Góð teymisvinna á sér stað.



Önnur atriði sem vert er að nefna.

Í vetur voru lögð fyrir skimunarpróf í lestri og stærðfræði. Þegar niðurstöður lágu fyrir var farið í mikla vinnu með niðurstöðurnar. Lögð var sérstök áhersla á grunnaðgerðir í stærðfræði og lestur heima og í skólanum. Prófin voru síðan endurtekin og sýndu þá niðurstöður að nemendum hafði farið talsvert fram.

Skýrsluhöfundar: Bryndís Bogadóttir, Ólafía Ósk Sigurðardóttir og Snjólaug Elín Árnadóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Bekkir: 7. AÝS, 7. JN og 7. MS

Þrjár bekkjardeildir voru í 7. bekk. Að hausti voru 16 nemendur í tveimur bekkjum og í þeim þriðja voru 17 nemendur. Um miðjan vetur fækkaði í tveimur bekkjum um 1 nemanda í hvorum bekk. Að vori voru 54 nemendur, þar af 25 stelpur og 22 strákar.

Helstu áherslur árgangsins

Lögð var áhersla á að efla jákvæð samskipti, auka vellíðan og bæta sjálfsmynd nemenda. Aðalnámskrá grunnskóla var fylgt við gerð námsáætla.

Kennsluhættir / skipulag kennslu

Námsgrein	Tímar	Kennarar
Íslenska	6	Anna Ýr og Jóhanna
Stærðfræði	6	Jóhanna og Magnús
Enska	3	Anna Ýr og Magnús
Danska	2,5	Dóra Hanna og Guðbjörg
Bekkjartími	0,5	Umsjónarkennari
Samélagsgreinar	3	Anna Ýr, Jóhanna og Magnús
Náttúrugreinar	3	Jóhanna og Magnús
Íþróttir/sund	3	Guðný, Grétar, Katrín og Snorri
Þema: trúarbragðafræði	2	Ásta , Eva, Lóa Hrund, Magnús og Ólafur
Lotur: Myndmennt, textílmennt, hönnun og smíði, upplýsingatækni lestur og stærðfræði.	4	Ásta , Dóra Guðrún, Ester Sigríður,Eva ,Jónatan ,Lóa Hrund og Ólafur Lár.

Þróunarstarf

Þróunarstarf var að bæta samskipti nemenda í árganginum.

Námsmat

Námsmat er gefið tvisvar sinnum yfir veturinn. Það felst í frammistöðumati í öllum greinum og prófseinkunn/vinnueinkunn í sumum þeirra. Í stærðfræðinni eru tekin kaflapróf jafnt og þétt yfir veturinn og gildir meðaltal þeirra ásamt lokaprófi til lokaeinkunnar. Leshraði og lesskilningur er kannaður tvisvar sinnum og lestrarlag einu sinni yfir skólaárið. Árgangurinn tók samræmt próf í íslensku og stærðfræði í haust.



Útikennsla/hreyfing

Árgangurinn fór í þriggja daga ferð að Úlfjótssvatni. Nemendur fengu fjölbreytta kennslu alla dagana.

Innanbæjar fórum við í nokkrar vettvangsferðir:

- Farið var í Herjólfsdal og minningarbærinn skoðaður einnig rústir Herjólfsbæjar.
- Farið var í leiki á frosinni tjörninni.
- Farið var í Landakirkju og fræðst um páskahátíðina.
- Farið var í Stafkirkjuna og fræðst um kristnitökuna.
- Farið var í Veitustofnun og fræðst um Hitaveitu Vestmannaeyja.
- Tvisvar sinnum var farið í Skansfjöru og náttúran rannsökuð.
- Farið var á Stakkagerðistún og þyngdarkraftur Jarðar rannsakaður.
- Farið var á Bæjarbókasafnið í fræðslu- og kynnisferð.
- Unnið var með fugl, fisk og plöntu árgangsins (spói, koli og vallhumall).

Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarkvöld að hausti hélt hver kennari með sínum bekk.

Í desember voru litlu jólin undirbúin og haldin sameiginlega.

Bekkjarkvöld að vori var haldið sameiginlega innan árgangsins: diskó, spil, spjall og leikir.

Þemavinna/vordagar

Farið var í dagsferð til Reykjavíkur og Þjóðminjasafnið og Vísindasmiðja HÍ heimsótt. Sjöundubekkingar heimsóttu Sæheima í tengslum við náttúruskólabókina.

Í maílok gengum við á Helgafell og nutum útsýnisins og fórum yfir helstu kennileiti. Fjölgreindaleikar voru haldnir 1. og 2. júní þar voru nemendur sjöundu bekkja fyrirliðar.



Almennt um árganginn

Árgangurinn samanstendur af kraftmiklum og kátum krökkum. Hópurinn er samheldinn og skemmtilegur.

Samstarf og samvinna

- bekkja/nemenda:

Árganginum er blandað í þema og lotum. Bekkirnir vinna mikið saman og halda hópinn í frímínútum. Allar vettvangsferðir hefur árgangurinn farið í saman.

- Kennara:

Einstaklega góður kennarahópur sem ekki verður hægt að bæta.



Húsnæði/aðstaða

7. bekkur er í elsta hluta Grunnskóla Vestmannaeyja. Stofurnar eru rúmgóðar og bjartar en afar erfitt er að loftræsta þær.

Aðstaða til tölvunotkunar er afleit í stofunum. Aðgengi að tölvum fyrir nemendur er fyrir neðan allar hellur. Vinna á þráðlausa neti skólans gengur illa.

Skýrsluhöfundar: Anna Ýr Sveinsdóttir, Jóhanna Njálsdóttir og Magnús Stefánsson

Skýrsla umsjónarkennara í 8. bekk

Bekkir: 8. GJ, 8. EB og 8. SF

Í árganginum er skráður 51 nemandi, 22 stúlkur og 29 drengir í þremur bekkjardeildum þ.e. 8. EB, 8. GJ og 8. SF. Umsjónarkennarar kenna allir náttúru- og samfélagsfræði í sínum bekkjum auk þess sem bekkjarfundir eru 40 mínútur í viku hverri. Einn kennaranna sér um íslenskukennslu í tveim af bekkjunum, einn kennir auk ofnagreindra námsgreina (nema íslensku) ensku og dönsku í sínum bekk og einn umsjónarkennarinn kennir einnig stærðfræði í sínum bekk.

Samstarf umsjónarkennara hefur gengið mjög vel eins og árið áður og höfum við skipt með okkur verkum í undibúningi í náttúru- og samfélagsfræði og teljum okkur með því móti fá mun meiri fjölbreytileika í kennsluhætti og framsetningu verkefna sem og í námsmati. Umsjónarkennarar hittast einu sinni í viku í a.m.k. klukkustund og kennarar sem kenna önnur bókleg fög hittast einnig í um klukkustund í viku hverri. Þannig að sumir kennarar eru í samstarfi í a.m.k. tvær klukkustundir á viku. Kennarar hittast oftast þegar um undirbúning fyrir sérstök verkefni er að ræða.



Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir í vetur hafa eins og áður verið með fjölbreyttara móti og má þar nefna fyrirlestra, sýnikennslu, sýningar, skoðunarferðir, hlustunarefni, skriflegar æfingar, vinnubókarkennslu, töflukennslu, lesið, spurt og spjallað, tvenndarvinnu, námsleiki, náms-spil, þjálfunarforrit, verklega kennslu, vettvangsathuganir, jafningjafræðslu og hópvinnu- aðferðir.

Námsmat

Námsmat er gefið tvisvar á vetri og er einnig nokkuð fjölbreytt, bæði er um leiðsagnar – og lokamat að ræða. Símat fer fram allan veturinn en um miðjan vetur er frammistöðumat í öllum greinum þar sem tekið er tillit til prófseinkunna sem og verkefnavinnu, vinnuframlags, samskipta og frumkvæðis. Ferilmappa er metin í íslensku, samfélags- og náttúrugreinum og gildir hún 10% af lokaeinkunn. Notast hefur verið við próf á tölvutæku formi í íslensku, náttúru- og samfélagsfræði (Socrative - heimapróf) sem nemendum finnst mjög gott að taka. Mætti auðvitað kalla þessi próf, heimaverkefni. Einnig hafa verið próf í samfélagsfræðinni þar sem nemendur undirbúa sig t.d. fyrir sex viðfangsefni en velja sér síðan tvö til að vinna með í prófinu. Þetta fyrirkomulag hefur einnig hentað nemendum vel. Bæði í náttúru- og samfélagsgreinum er um yfirlitspróf að ræða þar sem prófað er úr öllu námsefninu en nemendur



mega vera með námsbókina. Í vor voru einnig yfirlitspróf í grunnfögunum fjórum en þau gilda 20% af lokaeinkunn.

Viðburðir

Haldið var sameiginlegt bekkjarkvöld í nóvember með skemmtiatriðum, bingói og diskói. Einnig voru pantaðar pítsur. Áttundi bekkur tók einnig þátt í verkefninu Reyklaus bekkur en hlaut ekki verðlaun að þessu sinni. Nemendur í 8. bekk voru með á árshátíð unglingastigs í fyrsta sinn en hún var haldin 11. febrúar sl. Mættu nemendur í sínu fínasta þússi í Höllina, borðuðu góðan mat að hætti Einsa kalda og dönsuðu til miðnættis með hinum geysivinsæla Friðriki Dór.



Haust og vordagar

Á haustdögum unnu nemendur með náttúruskólabókina. Farið var í gönguferð vestur á eyju og staðurinn skoðaður þar sem Sigríðarslysið var og lásu nemendur um Jón Vigfússon sem klifraði upp kolsvartan hamarinn og fékk heiðursverðlaun fyrir. Blóm áttunda bekkjar er blóðberg, fuglinn er langvía og fiskurinn er síld. Til að kynnst þessum fyrirbærum betur voru Sæheimar heimsóttir og síðan voru skemmtileg verkefni unnin í fyrrgreinda bók.



Einnig var lögreglustöðin heimsótt í tengslum við náttúrufræðina og fræddust nemendur enn meira um skaðsemi fíkniefna og fengu þeir að máta fangaklefa. Magnús í Marita-fræðslunni hélt einnig fyrirlestur um skaðsemi fíkniefna fyrir nemendur en fundur var jafnframt haldinn með foreldrum. Áttundi bekkur heimsótti líka vinabekk sinn í HS og fékk hann í heimsókn. Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur og var unnið með Halldór Laxness í 8. – 10. bekk því 60 ár voru frá því hann fékk Nóbelsverðlaunin. Laxnes var kynntur, skoðuð var stafsetning hans, lesnir kaflar úr sögum og Gljúfrasteinn kynntur. Kennarar mættu einnig í þjóðlegum klæðnaði.

Á vordögum vorum við mikið úti og fórum í örnafnagöngu upp á Há og út í Löngu en Langa er undir Heimakletti og þangað er bara hægt að fara þegar fjara er. Einnig fóru nemendur í ratleik áttunda bekkjar sem slær alltaf í gegn.

Starfsfræðsludagar

Á vordögum voru einnig starfsfræðsludagar og kynntu nemendur sér ferðaiðnaðinn í Vestmannaeyjum. Þeir heimsóttu fyrirtæki og söfn sem tengjast þessum iðnaði, tóku viðtöl og afraksturinn var kynning nemenda föstudaginn 3. júní í sal BS þar sem foreldrum var boðið. Þetta verkefni var einstaklega skemmtilegt og áhugavert hjá nemendum. Veitt voru verðlaun fyrir vönduðustu verkefni.

Almennt um árganginn

Árgangurinn er einstaklega hress og skemmtilegur og miklir karakterar. Mikið um öfluga íþróttamenn og sterka námsmenn. Einhverjir munu yfirgefa okkur í sumar og flytjast erlendis en einnig munum við heimta til baka nemanda sem hefur verið búsettur þar. Áherslur kennara í vetur eins og oft áður hafa verið jákvæð samskipti, vellíðan og að bæta sjálfsmynd nemenda. Bekkjарfundir voru haldnir vikulega til að spjalla og spá í þessa hluti.

Skýrsluhöfundar: Evelyn Bryner, Guðríður Jónsdóttir og Svanhvít Friðþjófsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 9. bekk

Bekkir: 9. ÁST, 9. HJ og 9. RÖ

Í árganginum eru skráður 57 nemendur, 29 stúlkur og 28 drengir í þremur bekkjardeildum.

Bekkir eru: 9. ÁST, umsjónarkennari Ásdís Steinunn Tómasdóttir, 9. HJ, umsjónarkennari Hildur Jónasdóttir og 9. RÖ, umsjónarkennari Rósa Hrönn Ögmundsdóttir. Umsjónarkennarar kenna allir samfélagsgreinar í sínum bekkjum og annað hvort íslensku eða stærðfræði. Einn umsjónarkennarinn kennir að auki ensku í sínum bekk. Bekkjarfundir eru 40 mínútur í hverri viku.

Samstarf umsjónarkennara hefur gengið prýðilega, samstarfstímar hafa verið fastir í byrjun hverrar viku og hafa nýst mjög vel til skipulagningar. Einnig hafa tveir kennaranna haft samstarfsfundi um íslenskukennsluna einu sinni í viku. Kennarar hittast oftast ef þörf krefur og þegar um sérstakar upptökur er að ræða.



Umsjónarkennarar 9. bekkjar tóku upp á sitt einsdæmi að bjóða nemendum sínum upp á heimanámstíma einu sinni í viku 60 mínútur í senn og tókst það vel.

Kennsluaðferðir

Stuðst hefur verið við fjölbreytta kennsluhætti í vetur. Má þar nefna fyrirlestra, sýnikennslu, sýningar, skoðunarferðir, hlustunarefni, skriflegar æfingar, vinnubókarkennslu, töflukennslu, lesið, spurt og spjallað, tvenndarvinnu, námsleiki, náms-spil, þjálfunarforrit eins og t.d. Storyboardthat, Kahoot og Socrative, verklega kennslu, vettvangsathuganir og útikennslu, jafningjafræðslu og hópvinnu af ýmsu tagi.



Teymiskennsla fór fram í 12 vikur í samfélagsgreinum 80 mínútur í senn. Þá kenndum við umsjónarkennarar sitt hvort efnið í lotum í hverjum bekk fyrir sig. Hildur kenndi núvitund, Ásdís kenndi höfin (út frá bókinni *Um víða veröld, jörðin*) og Rósa var með kortavinnu (út frá bókinni *Um víða veröld, jörðin*).

Námsmat

Frammistöðuðmat þar sem tekið er tillit til prófseinkunna sem og verkefnavinnu, vinnuframlags, samskipta og frumkvæðis er gefið tvisvar á vetri. Námsmat/símat/leiðsagnarmat fer fram allt skólaárið og er það nokkuð fjölbreytt. Sem dæmi má nefna ferilmöppur, hópverkefni, rafræn próf, heimapróf, framsagnir, ritunarverkefni, munnleg próf og hlustunarpróf. Í vor voru einnig yfirlitspróf í grunnfögunum fjórum en þau gilda 20% af lokaeinkunn.

Viðburðir

Haldið var sameiginlegt árgangakvöld í október með Halloweenþema, kökuskreytingakeppni og spilum. 9. bekkur tók að vanda þátt í forvarnardeginum sem haldinn var í október. Aðrir viðburðir/uppbrot þennan veturinn voru m.a. Skáld í skólum, vinadagur, geðheilbrigðisdagur, dagur íslenskrar tungu, dagur stærðfræðinnar, Héðinn Unnsteinsson, könnun fyrir ungt fólk, Marítafræðsla. Níundi bekkur tók þátt í verkefninu Reyklaus bekkur.

Fjórir nemendur úr árgangnum tóku þátt í Pangea stærðfræðikeppninni. Einn þeirra komst í lokaúrslit keppinnar og stóð hann sig með stakri þryði.



Árshátíð unglingastigsins var haldin 11. febrúar í kjölfar smiðjudaga. Árshátíðin tókst mjög vel og voru nemendur til fyrirmyndar sem fyrr, borðuðu góðan mat að hætti Einsa kalda og dönsuðu til miðnættis með hinum geysivinsæla Friðriki Dór. Þess má geta að 9. HJ vann árlegu spurningakeppnina.

24. maí fóru 9. bekkingar í dagsferð. Farið var í Vísindasmiðju HÍ, Ráðhúsið var kannað og fengum við fræðslu í Hellisheiðarvirkjun. Unnið var úr dagsferðinni í náttúruskólabókina.

Haust og vordagar

Náttúruvísindadagar voru haldnir í einstaklega góðu veðri dagana 15.-16. september. 9. bekkur fór á þrjá staði, Eldheima þar sem safnið var skoðað, Eldfell þar sem samlokur voru grillaðar og á



Skansinn þar sem veður var kannað og skal það tekið fram að það var aðeins eitt vindstig á Stórhöfða en ekkert vindstig á Skansinum.

30. maí fór 9. bekkur í örnefnagöngu upp Dalfjallið og niður í Stafnes. Þessi ganga gekk ágætlega en mælum við ekki með þessari göngu án þess að hafa vana einstaklinga með í för.

Starfsfræðsludagar

Á vordögum voru starfsfræðsludagar. Starfsmaður VSV Lilja Björg Arngrímsdóttir kom og kynnti starfsemi VSV á sal í BS. Grímur kokkur sýndi nemendum flökun og nýtingu hráefnis. Nemendur skiptu sér í hópa þvert á árganginn, kynntu sér fiskvinnslufyrirtæki í Vestmannaeyjum. Þeir heimsóttu fyrirtæki og stofnanir sem tengjast þessari starfsemi, tóku viðtöl og afraksturinn var kynning nemenda föstudaginn 3. júní í sal BS þar sem foreldrum og viðmælendum nemenda var boðið. Veitt voru verðlaun fyrir besta verkefnið, frumlegasta verkefnið og skemmtilegasta verkefnið.



Almennt um árganginn

Krakkarnir í 9. bekk eru líflegir og skemmtilegir. Hópurinn er alla jafna kurteis, þryður og vinnusamur. Flestir koma sér fljótt að verki og leggja sig fram. Einhverjar hreyfingar voru á búsetu nemenda á skólaárinu. Áherslur kennara hafa verið jákvæð samskipti vellíðan og sjálfsstyrking nemenda. Okkur finnst við þurfa að halda áfram að vinna með sjálfsstyrkingu á næsta skólaári.

Skýrsluhöfundar: Ásdís Steinunn Tómasdóttir, Hildur Jónasdóttir og Rósa Hrönn Ögmundsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 10. bekk

Bekkir: 10. BP, 10. HF og 10. LS


Í árganginum eru skráðir 56 nemendur, 28 stúlkur og 28 drengir í þremur bekkjardeildum. Bekkirnir eru: 10. BP, umsjónarkennari Berglind Þórðardóttir (sem tók við af Óskari Jósúasyni í janúar), 10. HF, umsjónarkennari Sigurhanna Friðþórsdóttir og 10. LS, umsjónarkennari Lára Skæringsdóttir. Umsjónarkennarar kenna allir tvö fög í sínum bekk, auk bekkjarfunda. Lára kennir samfélagsgreinar og ensku í sínum bekk, Berglind samfélagsgreinar og stærðfræði og Hanna náttúrugreinar og íslensku. Auk þess kenna umsjónarkennararnir allir eitthvað í a.m.k. einum öðrum 10. bekk.



Samstarf umsjónarkennara hefur gengið prýðilega, en samstarfstímar ekki verið fastir nema þegar undirbúa hefur þurft verkefni s.s. skólaferðalag, lokaverkefni o.þ.h. Lára og Berglind hittust þó reglulega v/undirbúnings fyrir samfélagsfræði.

Kennsluaðferðir

Stuðst hefur verið við fjölbreytta kennsluhætti í vetur. Má þar nefna fyrirlestra, sýnikennslu, sýningar, skoðunarferðir, hlustunarefni, skriflegar æfingar, vinnubókarkennslu, töflukennslu, lesið, spurt og spjallað, tvenndarvinnu, námsleiki, náms-spil, þjálfunarforrit eins og t.d. Storyboardthat, Kahoot og Socrative, verklega kennslu, vettvangsathuganir og útikennslu, jafningjafræðslu og hópvinnu af ýmsu tagi.



Hver bekkur fékk 6 tíma í núvitund sem hluta af samfélagsfræði. Lára sá um þann hluta kennslunnar en hinir bekkirnir unnu verkefni um landshlutana.

Námsmat

Frammistöðumat þar sem tekið er tillit til prófseinkunna sem og verkefnavinnu, vinnuframlags, samskipta og frumkvæðis, er gefið tvisvar á vetri. Námsmat/símat/leiðsagnarmat fer fram allt skólaárið og er það nokkuð fjölbreytt. Sem dæmi má nefna ferilmöppur, hópverkefni, rafræn próf, heimapróf, framsagnir, ritunarverkefni, munnleg próf, samvinnupróf og hlustunarpróf. Í vor voru einnig yfirlitspróf í grunnfögunum fjórum en þau gilda 20% af lokaeinkunn.

Viðburðir

Bekkjarkvöld voru haldin hjá hverjum bekk fyrir sig ásamt gönguferðum, kaffihúsaferðum o.fl. Aðrir viðburðir/uppbrot þennan veturinn voru m.a. Skáld í skólum, vinadagur, geðheilbrigðisdagur, dagur íslenskrar tungu, dagur stærðfræðinnar, Héðinn Unnsteinsson, könnun fyrir ungt fólk, Marítafræðsla og Þorgrímur Þráinsson.



Árshátíð unglingastigsins var haldin 11. febrúar í kjölfar smiðjudaga. Árshátíðin tókst mjög vel og voru nemendur til fyrirmyndar sem fyrr, borðuðu góðan mat að hætti Einsa kalda og dönsuðu til miðnættis með hinum geysivinsæla Friðriki Dór.

Nemendur fóru í starfskynningu í desember og mars, einn dag í hvort skipti. Desemberkynningin fór fram í Vestmannaeyjum en í mars höfðu nemendur val um að fara annað og nýttu margir nemendur sér það enda dagurinn valinn í tengslum við skólaferðalagið.

Í mars var farið í skólaferðalag í Bláfjöll sem heppnaðist í flesta staði mjög vel. Allir fengu tækifæri að fara á skíði, fórum í óvissuferð til Reykjavíkur, fórum m.a. í sund, keilu, út að borða og bíó.

Útskrift var haldin 6. júní í Höllinni þar sem nemendur og fjölskyldur þeirra mættu og áttu ánægjulega stund saman með kennurum og öðru starfsfólki skólans. Lokaball var haldið í kjölfarið og tókst vel.

Sú venja hefur skapast að 1. og 10. bekkur hafa hist nokkrum sinnum á ári, í tengslum við vinaviku, jólaföndur, Göngum í skólann o.fl. Þetta er skemmtilegur siður sem báðir hópar njóta góðs af og hlakka til.

Haust og vordagar

Á Náttúruvísindadögum unnu allir nemendur áhugasviðsverkefni sem var að nokkru leyti undirbúningur fyrir lokaverkefni sem var á vordögum. Nemendur völdu sér ýmist plöntu, fisk eða fugl árgangsins sem voru lúpína, marhnútur og lundi og unnu tveggja daga rannsóknarverkefni.

Lokaverkefni

Í mörg ár hefur staðið til að leggja lokaverkefni fyrir nemendur í 10. bekk. Í ár varð það loksins að veruleika. Fyrirmynd að verkefninu var sótt til tveggja skóla á höfuðborgarsvæðinu, Hlíðarskóla og Laugarlækjaskóla. Verkefnið fólst í því að nemendur byrjuðu á því að velja sér rannsóknarefni og semja rannsóknarspurningu.

Thelma Gísladóttir var með fyrirlestur um rannsóknarspurningu sem nýttist nemendum mjög vel. Verkefnið stóð yfir í tvær vikur og lauk með glæsilegum kynningum fyrir foreldra og kennara. Verkefnið þótti takast í alla staði mjög vel og voru umsjónakennarar mjög stoltir að frammistöðu sinna nemenda.



Almennt um árganginn

Í 10. bekk eru fjörugir og skemmtilegir krakkar sem margir hafa mikinn karakter. Þeir eru kröftugir og krefjandi en jafnframt skapandi og hæfileikaríkir. Í hópnum eru margir öflugir íþróttamenn, t.d. fengu 20 nemendur brons merki ÍBV fyrir tveggja ára þátttöku í Íþróttakademíunni. Það verður spennandi að fylgjast með þessum hópi í framtíðinni.

Skýrsluhöfundar: Berglind Þórðardóttir, Sigurhanna Friðþórsdóttir og Lára Skæringsdóttir

Ýmsar skýrslur

Skýrsla íþróttakennara

Við lok skólaársins er gott að líta yfir farinn veg og taka saman starf vetrarins.

Það sem hefur tekist vel

Almennt hefur skólaárið gengið vel hjá okkur í íþróttahúsinu miðað við þann fjölda nemenda sem þangað kemur daglega.

Við erum ánægð með þá viðburði sem hafa verið á skólaárinu og við stjórnað eða tekið stóran þátt í svo sem:

- Norræna skólahlaupið
- Jólasundmótið
- Öskudagurinn
- Skóladagur Bs og Hs
- Fjölgreindarleikar

Það sem þarf að huga betur að fyrir næsta skólaár

- Hafa fasta auka sundtíma í töflu, svo hægt sé að bjóða þeim nemendum sem ekki náðu sundstigi síns árgangs upp á aukasund strax að hausti.
- Auka íþróttatíma fyrir nemendur með slaka hreyfifærni.
- Hafa sameiginlegan starfsmannafund með starfsfólki íþróttamiðstöðvar áður en nýtt skólaár hefst þar sem lagðar verða þær línur sem starfa á eftir í íþróttahúsinu á skólatíma.
- Nýjar tölvur í kennaraaðstöðu í íþróttahúsi.

Helstu áherslur/markmið

Meginmarkmið með íþróttakennslu er að skapa áhuga fyrir íþróttum og hollri hreyfingu almennt. Auka þol, styrk og leikni. Nemendur eru hvattir til þess að taka sjálfstæða ákvörðun við val á íþróttum til að stunda sér til heilsubótar og gamans. Enn fremur er stefnt að því að auka skilning og hæfni nemenda á að fara eftir reglum og fyrirmælum. Auka félagslegan þroska og kenna þeim að taka tillit til annarra í leik og starfi. Áhersla er á virðingu og umburðarlyndi. Jafnframt er nemendum kennt inntak keppni, svo sem að leggja sig fram að kunna að taka tapi og sigrum.



Kennsluhættir/skipulag kennslu

Íþróttir 1. - 8. bekkur: Kennt er 2 x 40 mín á viku. Útikennsla eftir veðri og vindum, áttum góða daga úti í byrjun og í lok skólaársins. Hjá 1. bekk er annar tíminn kenndur í sal Hamarsskóla og/eða úti á lóð skólans.

Hjá 9. og 10. bekk er kennt 2 x 60 mín á viku, skipt er eftir kyni í skólaíþróttum. Sund 1. -6. bekkur: Kennt er 1 x 40 mín á viku. Tveir íþróttakennarar sjá um kennsluna og hópnum er skipt í tvennt.

Sund 7.- 8. bekkur: Kennt er 1 x 40 mín á viku, einn íþróttakennari sér um kennsluna.

Sund 9.- 10. bekkur: Sundtímabilið var 12 vikur. Einn íþróttakennari sá um kennsluna í hverjum hóp. 3 hópar voru þetta skólaárið, stúlkur í 9. og 10. bekk voru saman í hóp, drengir í 9. bekk mynduðu annan hóp og drengir í 10. bekk voru í 3 hópnum.

Akademía: Kennt var 1 x 60 mín á viku. Skipt var eftir kyni. Sund ½ skólaárið og íþróttir hinn helminginn.

Þróunarstarf

Vorið 2015 fengum við íþróttakennarar námskeið sem bar heitið "sundleikir" þar sem Hrafnhildur Sævarsdóttir kynnti fyrir okkur hvernig hún byggir upp sundtímana sína. Hún notast mikið við leiki í sinni kennslu og hefur okkur þótt það spennandi kostur. Í leik gleyma börnin sér oft í gleðinni sem verður til þess að jákvæð upplifun verður að skólasundi.

Skólaárið 2015-2016 unnum við meira með leiki samhliða hefðbundinni sundkennslu sem okkur þótti skila sér vel.

Á haustönn lögðum við íþróttakennarar af stað með þróunarstarf í sundi hjá 1.-4. bekk. Verkefnið fól í sér stigaskiptingu nemenda þar sem nemendur unnu með námsþætti sem hæfðu þeirra getu hverju sinni. Markmið verkefnisins var að hver og einn nemandi væri að vinna að verkefnum sem hæfði sinni getu, svokallað einstaklingsmiðað nám. Útbúin voru námsgögn með myndum og útskýringum sem gerðu okkur kennurum kleift að vinna með veikleika hvers og eins nemanda, jafnvel nokkra í einu ef bæta þurfti úr sömu þáttum, á meðan aðrir samnemendur fylgdu myndum og/eða fyrimælum blaðsins. Nemendur voru heilt yfir ánægðir með verkefnið, þótti þeim myndirnar spennandi og voru flestir virkir allan tímann.

Námsmat

Íþróttir og sund: Námsmat byggist á námsstöðu, vinnusemi og samskiptum. Námsstaðan byggist á líkamsgetuprófum sem lögð eru fyrir jafnt og þétt yfir skólaárið. Frammistöðumat er gefið 2 sinnum á skólaári, á miðju skólaári og í lok árs. Sundstig og umsögn ef þess þarf við skólalok.

Námsefni/gögn

Við kennum eftir aðalnámskrá grunnskóla bæði í sundi og íþróttum.

Í sundi notum við kút og kork við kennslu í yngstu bekkjunum. Einnig notum við ýmiss konar smádót til köfunar og húllahringi. Blöðkur eru notaðar á öllum stigum og einnig kork.

Í íþróttum er notast við bolta, sippubönd, skott, badmintonspaða og flugur, combistangir, keilur, kistu, hest, kubb, kaðla, dýnur, svampkubba, blöðrur, spilastokk, húllahringi, skeiðklukku.

Útikennsla

Í upphafi og lok hvers skólaárs nýtum við náttúruna til útikennslu þegar veður leyfir. Hér í kring eru hinir ýmsu staðir sem hægt er að nýta, s.s. hraunið í kringum íþróttamiðstöðina, fara í göngu eða útihlaup, ganga upp á fjöll, golf, hjólreiðar, fara í sprönguna ásamt því að hægt er að stunda hvers lags útileiki á svæðunum um kring.

Farið var í göngur m.a. upp á Molda, Dalfjall og Eggjar, Skansfjöru, Kaplagjótu og Heimaklett í elstu árgöngunum. Í hrauninu er vinsælt að fara í löngu og bófaleik, eina krónu, vink vink í pottinn og Mississippí. Listaverkaleikur í Hásteinsgryfju er alltaf vinsæll og leikur í Herjólfssdal.

Þegar vel viðrar er fjölbreytt aðstaða til útikennslu.

Dæmi um útikennslu:

- Golf
- Göngur
- Hjólreiðar
- Fjallganga
- Leikir
- Spranga o.fl.

Húsnæði/aðstaða

Sund: 25x12 metra innilaug og fjölbreytt útisvæði með rennibrautum, vaðlaug og heitum pottum.

Íþróttahús: Þrír stórir íþróttasalir. Í sal 3 er fimleikagryfja með trampólíni, tvíslá og hringjum. Kaðlar og rimlar í öllum söllum. Sal 2 og 3 er hægt að skipta í tvennt og sal 1 er hægt að skipta í þrennt með tjaldi. Einnig er möguleiki að opna á milli sal 2 og 3.

Dæmi um íþróttir sem hægt er að stunda:

- Blak
- Badminton
- Fótbolti
- Handbolti
- Bandí
- Fimleikar
- Frjálsar
- Körfubolti
- Skotboltaleikir
- Snag golf o.fl.

Einnig höfum við aðgang að Eimskipshöllinni (Knattspyrnuhús með gervigrasi)

Þemavinna/vordagar

Við vorum með hópeflisleiki á Barnaskólalóðinni í upphafi verkefnisins "Göngum í skólann". Einn hópur var á hverri stöð í ca. 8 mínútur og þannig rúllaði það þar til allir voru búnir að fara á allar stöðvar.

Á öskudaginn var skólastarfið brotið upp með leikjum í íþróttamiðstöðinni. Í lokin var kötturinn sleginn úr tunnunni og allir nemendur fengu lítinn "nammipoka"

Smiðjudagar voru á mið- og efstastigi og tók hluti íþróttakennara þátt í þeim.

Áheitahlaup, UNICEF- hreyfingin, til styrktar barnahjálpi Unicef fór fram í 5. og 6. bekk á Stakkagerðistúni.

Á vordögum fór íþróttakennslan að miklu leyti fram utan dyra ef veður leyfði. Það var farið í ratleikinn 25 með yngsta og miðstig. Ýmsir leikir, s.s. hringur og punktur, Missisippí, löggju bófa, slá í rass o.fl. Boltaleikir eins og sto, skotbolti, brennó, fótbolti. Útihlaup, mismunandi vegalengdir, göngutúrar (inn í Dal, Steinstaðahringur, bak við Helgafell og út á hraun, út í Kaplagjótu, upp á Molda, Eggjar og Dalfjall, upp á Heimaklett).

Samstarf og samvinna

Samstarf og samvinna kennara á þessu skólaári var til fyrirmyndar. Yfir heildina gekk vinnufyrirkomulag og samvinna vel.

Skýrsluhöfundar: Aníta Ýr Eypórsdóttir, Grétar Þór Eypórsson, Guðný Jensdóttir, Katrín Harðardóttir og Snorri Rútsson

Skýrsla verkgreinakennara

Skýrsla list – og verkgreinakennara í Hs

Helstu áherslur/markmið

Unnið er út frá markmiðum aðalnámskrár. Rík áhersla lögð á einstaklingsmiðað nám og að allir fái að njóta sín í sköpun. Við viljum bæta námsárangur, stuðla að auknum þroska og vellíðan. Einnig viljum við auka almenna færni nemenda. Áhersla er lögð á að auka metnað í skólanum og viðhalda góðu samstarfi við foreldra.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Danskennsla er ein kennslustund á viku í hverjum bekk. Aðrar list- og verkgreinar eru kenndar í lotum þar sem bekkjunum er blandað, hóparnir eru fámennari og njóta kennslunnar hluta úr vetri.

Þróunarstarf

Þróunarhópurinn FabLab nær yfir allar list- og verkgreinarnar nema heimilisfræði. Þróunarhópurinn Heilsueflandi grunnskóli nær yfir dans og heimilisfræði.



Námsmat

Kennarar í list- og verkgreinum unnu saman að matslistum sem notaðir voru til að meta námið. Markmið aðalnámskrár voru notuð sem viðmið við gerð matslistanna.

Námsefni/gögn

Unnið er með námsefni frá Námsgagnastofnun, hugmyndir þróaðar af kennurum hvernar greinar og hugmyndir nýttar af netinu. Lögð er rík áhersla á að verkefni séu við hæfi hvers og eins.

Útikennsla/hreyfing

Á hverju ári er Alþjóðlegi dansdagurinn haldinn hátíðlegur í Bárugötu. Þar sýna allir nemendur í 1. – 5. bekk dans fyrir gesti og gangandi. Í öðrum greinum eru tilfallandi verkefni unnin úti ef veður leyfir.



Húsnæði/aðstaða

Handmenntastofa: Þarf að skipta um kork á kennaraborðið eða setja tréplötu ofan á.

Heimilisfræðistofa: Er orðin mjög þreytt og margt sem þarfnast lagfæringar t.d eru skúffur að hrynja í sundur, bakaraofnar (eldavélar) þarfnast endurnýjunar ásamt pottum, pönnum og áhöldum. Rafmagn slær út t.d. ef tvö vöfflujárn eru í sambandi í einu. Vatn er oft einkennilegt á litinn sérstaklega eftir frídaga, allt frá gulu útí brúnt. Loftræsting er léleg.



Myndmennt: Vantar loftræstingu (er engin), borð og stólar eru illa farin.

Salur/dans: Þarf að endurnýja græjur og hljóðkerfi.

Smíðastofa: Vantar skjávarpa þar sem nemendur horfa á myndbönd í tengslum við verkefni sín. Einnig þyrfti að loka á milli vélarsals og kennslurýmis. Það væri gott að geta fært stóru ryksuguna út í geymslu til að minnka hávaða. Það þarf að bæta og skipta út verkfærum. Mörg verkfæri eru farin að vera mjög léleg.

Tölvustofa: Vantar fleiri heyrnatól, þannig að það sé eitt við hverja tölvu.

Þemavinna/vordagar

List og verkgreinakennarar taka þátt í þemavinnu þegar hún er t.d. föndurdagur, víkingahátíð og öðruvísidagar.

Samstarf og samvinna

- **Bekkja/nemenda**

Nemendahópar í lotum eru blandaðir úr bekkjum árgangsins. Á danssýningu hjálpa eldri nemendum yngri nemendum þegar vantar dansfélaga.

- **Kennara**

- Umsjónarkennarar leita oft eftir samvinnu list og verkgreinakennara (og öfugt) þegar verið er að vinna ákveðin verkefni. List og verkgreinakennarar hjálpast oft að með verkefni, skáka nemendum milli greina og fleira ef þess þarf.

Samstarf kennara er gott og auðvelt að leita til samkennara.

Skýrsluhöfundar: Ásta Júlíusdóttir, Ester S. Helgadóttir, Súsanna Georgsdóttir, Sverrir Marínó Jónsson, Valgerður Bjarnadóttir og Þóra Gísladóttir

Skýrsla list- og verkgreinakennara í Bs

Heimilisfræði

Kennari: Dóra Guðrún Þórarinsdóttir

Áherslur/ markmið

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæðari í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu. Auk þess er lögð áhersla á að þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.

Uppbygging kennslunnar / kennsluaðferðir

Lotukennsla á miðstigi, loturnar eru 2 x 40 mín á viku aðra önnina, tímunum er skipt þannig upp að eina vikuna er bakað, aðra er eldað og síðan er unnið í kennslubók eða öðrum verkefnum sem tengjast mat, t.d. matarsóun.

Val á unglingastigi er þemakennt þ.e.a.s. nemendur velja sér ákveðið þema sem unnið er með út lotuna eins og Matur og menning, Holt og gott og Hefbundið og gott. Nemendur elda fjölbreyttan mat, fræðast um ólíkar matarhefðir, næringargildi og hvernig er hægt að vinna með sama hráefnið á ólíkan hátt. Einnig er farið í vettvangsheimsóknir, farið í fyrirtæki sem vinna með matvæli og veitingastaði þar sem að fagmenn fara yfir vinnsluaðferðir og menntun.

Á miðstigi er þemakennsla þar sem að unnið er með eitt trúarbragð á hverri önn í tvö ár, trúarbragðið er tekið fyrir bæði bóklega og verklega þ.e.a.s. í öllum verklegum greinum. Í heimilisfræði er unnið með matarmenningu og ólíka siði þegar kemur að trúnni, síðan er bakað, eldað og unninn eftirréttur.



Á miðstigi eru haldnir smiðjudagar og fara nemendur þá í ólíkar smiðjur. Í heimilisfræði var bókunarsmiðja þar sem að nemendur bökðu smákökur jólasveinsins. Á unglingastigi voru þemadagar þar sem nemendur voru þrjá daga á sama stað. Í heimilisfræðinni fengum við til okkar matreiðslumeistara þar sem að unnið var með sjávarfang og ólíka eftirrétti sjá frétt:

<http://www.kvotinn.is/gera-hollan-mat-enn-hollari/>

Kennsluaðferðir

Í upphafi hvers tíma er farið vel yfir uppskriftir og verkaskiptingu hjá nemendum. Kennsluaðferðir eru bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar. Á unglingastigi er einnig grenndarkennsla.

Námsefni / námsgögn

Gott og gagnlegt 2 og 3, Uppskriftavefurinn inn á www.mms.is, námsefni frá landlæknisembættinu, kennsluefni sem samið er af kennara.

Frammistöðumat er gefið í lok annar sem byggist á vinnubrögðum/umgengni, áhuga/virkni, sjálfstæði/frumkvæði og samvinnu/samskiptum. Símat og leiðsagnarmat yfir önnina á verkum og vinnu nemenda.

Húsnæði og aðstaða

Stofan er björt og rúmgóð, hentar mjög vel í heimilisfræðikennslu. Stofan er vel útbúin tækjum og öðrum verkfærum sem að þarf að hafa við slíka kennslu. Hins vegar er kominn tími á að endurnýja eldavélar þar sem að ofnarnir eru ekki að hita eins vel og þeir ættu að gera, einnig þarf að endurnýja potta og pönnur. Þá má fara að huga að almennu viðhaldi í stofunni þar sem að rakaskemmdir eru undir gluggum og eldhúsbekkir eru farnir að bólga við vaskana.

Textílmennt

Kennari: Ásta Kristmannsdóttir

Áherslur/markmið

Áhersla er lögð á að aðlaga verkefni að getu hvers og eins, þannig að allir fái að njóta sín. Lögð er áhersla á frumleika nemenda í öllum verkum þeirra.

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir textílvinnu. Auk þess er lögð áhersla á að þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.

Uppbygging kennslunnar/kennsluaðferðir

Lotukennsla á miðstigi, loturnar eru tveir tímar í viku aðra önnina.

Val á unglingastigi er í tvo til þrjá tíma aðra önnina.

Við erum með þemakennslu í trúarbögðum á miðstigi, þar er unnið með eitt trúarbragð á hverri önn. Sem dæmi er Islamstrú tekin fyrir bóklega og í öllum verkgreinum, tvær kennslustundir í viku og þrjár vikur á hverjum stað.

Einnig eru þemadagar á miðstigi í þrjá daga að hausti.

Nemendur koma í tvo klukkutíma hver hópur og erum við með mismunandi verkefni sem henta fyrir þann tíma.

Stundum tengjast verkefnin jólum eða bara eitthvað sniðugt sem hentar fyrir alla.

Á haustin vinnum við einnig í samvinnu við Félagsmiðstöðina Rauðagerði að þátttöku í Stíl, keppni í fatahönnun, förðun og hárgreiðslu. Nemendur mæta einu sinni í viku í nokkrar vikur og nýta sér aðstöðu og leiðbeiningu kennara. Að lokum er haldin forkeppni og þeir sem vinna hana fara í aðalkeppnina í Reykjavík.



Kennsluaðferðir

Einstaklingskennsla, heildstæð verkefni, hugmyndavinna, sköpun og verklegar æfingar.

Námsefni/námsgögn

Helstu námsbækur eru: Á þrjónunum, sníðablöð og Onion sníð, ásamt mynsturbókum sem til eru í kennslustofunni. Einnig leita nemendur eftir hugmyndum á netinu ásamt hugmyndum og uppskriftum frá kennara.

Námsmat

Símat er í gangi allan veturinn, þar sem verkefni og framlag nemenda er metið jöfnum höndum. Í lok annar er gefið frammistöðumat sem byggist á vinnubrögðum/umgengni, áhuga/virkni, sjálfstæði/frumkvæði og samskiptum.

Húsnæði/aðstaða

Erum í bjartri og rúmgóðri stofu sem er velbúin tækjum og tólum sem tilheyra greininni. Góð geymsla fyrir efni og há borð til að vinna við.

Hönnun og smíði

Kennari: Ólafur E. Lárusson

Áherslur / markmið

Markmið námsins er að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir handverki, þá er lögð áhersla á að þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni.

Uppbygging kennslunnar

Nemendur frá 6. – 7. bekk fá smíðakennslu einu sinni í viku þ.e. 2x40. mín í senn. Nemendur læra að nota almenn handverkfæri og rafmagnstífsagir til almennra smíða. Þá er nemendum kennt að nota lóðstöðvar í tæknimennt. Veraldarvefurinn mikið notaður þegar kemur að frjálsu vali á verkefnum. – Í upphafi skal endinn skoða. Nemendur þurfa að sýna gagnrýna hugsun á meðan á vinnuferli stendur og leita lausna.



Markmið:

Að nemendur nýti þekkingu sína í hönnun og smíði til að vinna að verkefnum sem þeir hafa áhuga á. Þeir læri að nýta tækni í verkefnavinnu ásamt því að hafa lært að nota mismunandi efnistegundir.

Námsmat

Frammistöðumat er gefið í lok annar sem byggist á vinnubrögðum/umgengni áhuga og virkni í tímum. Í vali er gefin lokaekinn hjá nemendum í 10. bekk samkvæmt Mentor.



Húsnæði:

Smíðastofan er í vesturálmú skólans og þar er tækja og verkfæra kostur til flestra verkefna sem unnin eru. Einstöku stærri vélar eru komnar til ára sinna en þó vel nothæfar um sinn. Öll almenn handverkfæri eru til staðar, lóðstöðvar og það sem tilheyrir tæknimennt er til staðar og verkefni eru unnin í samvinnu við rafiðnaðarsambandið.

Myndmennt

Kennari: Lóa Hrund Sigurbjörnsdóttir

Markmið og áherslur

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu. Auk þess er lögð áhersla á að þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Áhersla lögð á að nemendur geti notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.

Uppbygging kennslunnar

Lotukennsla á miðstigi, tvær kennslustundir einu sinni í viku aðra önnina.

Val á unglingastigi, tvær kennslustundir einu sinni á viku aðra eða báðar annirnar.

Þemakennsla á miðstigi þar sem unnið er með eitt trúarbragð á hverri önn. Sem dæmi er Íslam tekið fyrir í öllum verklegum greinum.

Kennsluaðferðir

Fræðsla í fyrirlestrarformi, sýnikennsla, verklegar æfingar, skoða myndlistasýningar og fleira.



Námsefni/námsgögn

Listaverkabækur, gögn af netinu, verkefnabanki kennara, náttúran og fleira.

Námsmat

Símat er í gangi allan veturinn. Frammistöðumat er gefið í lok annar sem byggist á verkfærni/vandvirkni, vinnusemi/áhuga, sjálfstæði/frumkvæði, umgengni, fyrirmælum og hugmyndum/hönnun.

Húsnæði/aðstaða

Myndmenntakennslan hefur farið fram í kofa á skólalóðinni. Kofinn er rúmgóður og með ágætt geymslu- og skáapláss en vaskurinn á það til að stíflast. Stendur jafnvel til að flytja stofuna inn í skólahúsnæðið.

Smiðjudagar á miðstigi

Smiðjudagar voru haldnir í byrjun desember. Í myndmenntasmiðju gátu nemendur unnið allskonar jólaskeið eingöngu úr pappír.

Smiðjudagar á unglingastigi

List- og hönnunarsmiðja var í boði á smiðjudögum í ár. Þar var lögð áhersla á að nemendur feguðu skólann sinn á sem ódýrasta máta m.a. með því að nýta það sem til var. Nemendur skiptu sér niður á svæði í skólanum og fengu nokkuð frjálsar hendur. Það var málað, teipað, neglt, klippið og límt svo eitthvað sé nefnt.

Upplýsingatækni

Kennari: Eva Káradóttir

Uppbygging kennslunnar / kennsluaðferðir

Í vetur hafa nemendur í 4. og 5. bekk fengið 40 mínútna tíma einu sinni í viku. Þrír bekkir í hvorum árgangi. Í 4. bekk eru 17 og 18 nemendur í bekk. Í 5. bekk eru 12 – 15 nemendur í bekk.

Nemendur 6. og 7. bekkja voru í upplýsingatækni í lotum.

Hver hópur kom í eitt tímabil, einu sinni yfir veturinn, skiptist veturinn í þrjú tímabil og kom hver hópur einu sinni í viku í 80 mínútur. Hópurinn var ca 12 nemendur og var það mjög hæfilegur hópur. Fyrir júl var 8. bekk skipt í 4 hópa og kom hver hópur í 40 mínútur, ca 12 í hverjum hópi en eftir júl skiptust hóparnir í tvennt, stelpu- og strákahóp og voru rúmlega 20 í hvorum hóp.

Áherslur og markmið

4. og 5. bekkur

Aðaláhersla hefur verið lögð á fingrasetningu og höfum við notað forritin Fingrafimi, typing.com og 10 fingers.

Í 4. bekk var farið í Word, Powerpoint, Paint og code.org þar sem nemendur voru að forrita einföld verkefni.

Einnig var farið í Storyboardthat þar sem nemendur bjuggu til teiknimyndasögur, ýmis forrit á netinu og nettengd verkefni. Hóparnir í 4. bekk voru of stórir.

Í 5. bekk var farið í word, gerðu nemendur verkefni og unnu einnig ritgerð í samvinnu við umsjónakennara.

Þeir gerðu verkefni í Excel í samvinnu við umsjónakennara, unnu m.a í Powerpoint, Storyboardthat, Paint ásamt forritum á netinu. Spjaldtölvur eru notaðar af umsjónakennurum inni í kennslustofum og eru þær alltaf notaðar meira og meira og eru samtvinnuðar í námið.

Tölvustofan er notuð af umsjónarkennurum í tengslum við hvert fag og þurfa kennarar að panta stofuna fyrirfram.



6. og 7. bekkur

Áhersla var lögð á fingrasetningu, Word, Excel og Powerpoint. Nemendur bjuggu til teiknimyndir og notuðu forritin Paint, Audacity og Moviemaker., mörg frábær listaverk þar sem lista- og hönnunarhæfileikar þeirra fengu að njóta sín.

Nemendur gerðu myndaverkefni, ýmist með stillimyndum eða vídeómyndum sem þeir tóku sjálfir með því að taka myndir í skólanum og með því að búa til leikmynd úr leir. Þar notuðum við m.a. greenscreen en við fengum SonyVegas klippiforrit seint í vetur sem við erum mjög spennt að nota. Fórum á Mysteryskype fund við skóla í Hvalfirði sem er eitthvað sem við stefnum á að gera meira af næsta vetur, tókst mjög vel. 7. bekkur bjó einnig til fyrirlestur í Powerpoint og flutti í tíma fyrir hina nemendurnar í bekknum. Lögðu mikinn metnað í þennan fyrirlestur og var mjög gaman að fylgjast með þeim.

8. bekkur

Í byrjun var lögð áhersla á Word og Excel. Nemendur bjuggu til fyrirlestur í Powerpoint þar sem þeir nýttu forritið til hins ýtrasta. Nemendur unnu verkefni á netinu og fóru í ýmis kennsluforrit eins og rasmus.is, skolavefurinn.is og Khanakademy.

Eftir júl ákváðum við að breyta öllum kennsluháttum og vera með eitt ákveðið þema, EM 2016, en ekki hvað ☺. Við skiptum hópnum í tvennt, einn strákahóp og einn stelpuhóp. Hvor hópur kom einu sinni í viku í 80 mínútur. Skipt var í hópa af kennurum og voru tveir og tveir saman í hóp. Hóparnir drógu sér land og í pottinum voru þau lönd sem tóku þátt í Evrópukeppninni í Frakklandi 2016. Nemendur fengu fyrirmæli og útskýringar á því sem var ætlast til af þeim.

Önninni var skipt upp í 2 lotur.

- Í fyrstu lotu áttu þau að skýra hópinn sinn, draga sér landslið, sækja sér g-mail, búa til heimasíðu, velja sér fótboltamann (hver einstaklingur átti að velja sér landsliðsmann úr sínu liði) hanna fána, lógó og heróp liðsins. Excelverkefni, þar átti að setja upp þann riðil sem þeirra land var í með tíma, staðsetningu og dagsetningu.
- Í annarri lotu átti að halda áfram með heimasíðuna, búa til kynningu um fótboltamanninn sem þeir höfðu valið sér, skrifa sínum fótboltamanni bréf með spurningum og senda bréfið. Þegar þetta er skrifað höfum við bara fengið svar frá einum fótboltamanni en það var mikill spenningur yfir því. Búa til video af sínum manni. Nemendur höluðu niður nokkur stutt myndbrot af youtube og bættu við skemmtilegum klippum einnig af Youtube. Klipptu í Moviemaker og settu inn hljóð og tónlist sem við átti í myndböndunum. Gera Kizoa sýningu þar sem myndir af þeirra manni voru í hávegum hafðar. Seinna Excelverkefnið snerist um að finna tölulegar upplýsingar um þeirra mann, búa til töflu og setja upp súlu/skífurit. Excelverkefnin voru bæði prentuð út í lit og hengd upp á vegg fyrir framan tölvustofuna og voru þau mikið skoðuð af börnum sem áttu leið fram hjá stofunni. Þetta gekk mjög vel hjá stelpuhópunum og kláruðu flestir hóparnir þar allt sem átti að gera. Hjá strákunum gekk oft brösulega en þeir áttu svolítið erfitt með að þurfa að ákveða hvað þeir áttu að gera. En flestir hóparnir skiluðu sínu. Ef litið er á heildarmyndina þá held ég að nemendur hafi lært heilmikið og haft gaman af þessu en þetta átti samt betur við stelpurnar heldur en strákana.

Markmið

Markmið vetrarins var að búa til heilsteyppt námsefni í upplýsingatækni með það í huga að auka fjölbreytni í kennsluháttum, þjálfar nemendur í að vinna og skila af sér heildstæðum og viðamiklum verkefnum, þjálfar samvinnu, auka ábyrgð nemenda í eigin námi, vinna í mismunandi forritum og vinna með ákveðið þema í huga.

Námsmat

Símat í gangi allan veturinn, þar sem verkefni og framlag nemenda er metið jöfnum höndum. Í lok annar er gefið frammistöðumat sem byggist á vinnubrögðum/umgengni, áhuga/virkni, sjálfstæði/frumkvæði og samskiptum.

Húsnæði/aðstaða

Hamarsskóli: Tölvustofan er rúmgóð, nýjir stólar sem henta vel og tölvubúnaðurinn sjálfur allt í lagi en alltaf hægt að gera betur. Þurfum að byggja upp öflugt upplýsingatækniver, þetta er búnaður sem er nauðsynlegur í öllum fögum í skólanum og sem á eftir að skipa stóran sess í öllu námi í framtíðinni.

Barnaskóli: Tölvustofan er rúmgóð, nýlegar og ágætis tölvur en stólarnir komnir á tíma.

Tölvustofan er of mikið upptekin, vantar sárlega upplýsingatækniver þar sem nemendur og kennarar geta gengið að tækjum og tólum án fyrirhafnar.

Skýrsluhöfundar: Ásta Kristmannsdóttir, Dóra G. Þórarinsdóttir, Eva Káradóttir, Lóa Hrund Sigurbjörnsdóttir og Ólafur Lárusson

Skýrslur um sérkennslu

Skýrsla námsvers á yngsta stigi

Helstu áherslur:

- Aðaláherslur í námsveri er að vinna með grunnþætti í íslensku/lestri og stærðfræði eftir þörfum nemenda í 3.- 5.bekk.
- Samstarf: Ég lagði mikla áherslu á mikið og gott samstarf við umsjónarkennara þeirra nemenda sem koma í námsver til mín. Flestir kennarar unnu einstaklingsnámskrár í samvinnu við mig en þó má enn bæta þá vinnu. Einnig var mikið samstarf við foreldra barna sem eru í lestrarerfiðleikum eða þurftu smá aukapúst og fengu margir nemendur verkefni til þjálfunar heima.
- Ég kom inn í lestrarhópa í 3. og 4. bekk þar sem ég skipulagði og vann með slökustu nemendurnar í lestri.
- Teymisfundir nemenda sem koma í námsver
- Lestrarnámskeið: Við Halla lögðum góða vinnu í að skipuleggja lestrarnámskeið sem nemendur stóð til boða í ákveðinn tíma í skólanum. Markmiðið var að ná til fleiri nemenda og með daglegri þjálfun heima og í skóla er líklegt að árangurinn skili sér fljótt.
- Logosgreiningar: Margar beiðnir lágu fyrir í logosgreiningu og náðist að leggja logospróf fyrir 15 nemendur.
- Lestarp próf: Það var lögð mikil áhersla á að koma lestarprófunum í góðan farveg og unnið væri eftir lestrarstefnunni. Ég og Halla skiptum á okkur að lestarprófa eins og gert var ráð fyrir. Skólinn fékk óvænt boð um að taka þátt í nýjum stöðluðum lestarprófum frá Menntamálastofnun (mms) sem tóku töluverðan tíma.
- Ýmsir hvatningarpóstar í lestri sendir heim á foreldra.

Kennsluhættir/ skipulag kennslu: Reynt var að skipuleggja eftir þörfum hvers og eins en oft á tíðum komu nemendur með námsefnið úr sínum bekk. 3. og 4. bekkir voru með fasta tíma í stærðfræði og íslensku/lestri þar sem áherslur voru þær sömu. Nemendur í 5. bekk komu með verkefni sem þurfti að vinna hverju sinni.

Fjöldi nemenda sem áttu fasta tíma í námsveri

3.bekkur: 12 nemendur

4.bekkur: 14 nemendur

5.bekkur: 9 nemendur

Þróunarstarf

Læsissteymi, þar sem nýrri lestrarstefnu var fylgt eftir.

Húsnæði/aðstaða

Námsver í HS.

Samstarf og samvinna

Mikill tími af vinnu minni fer í samstarf við aðra kennara, stjórnendur og foreldra. Afar jákvætt að fá að vera í samstarfi við alla kennara þar sem við getum rætt og fundið leiðir og námsefni til að mæta nemendum sem eru í námserfiðleikum. Það má þó alltaf gera betur og varðandi nemendur sem eru á einstaklingsnámskrá þá myndi ég vilja enn meira og betra samstarf. Samstarf þar sem gerðar eru áætlanir með verkefni og heimavinnu sem hæfir markmiðum sem sett voru í einstaklingsnámskránni.

Önnur atriði sem vert er að nefna

- Ég hef mikinn áhuga á að þróa lestrarnámskeiðin enn frekar og eftir heimsókn mína í Kópavogsskóla þá getum við gert enn betur. Í stað þess að námskeiðin fari fram á skólatíma þá vil ég fara í samstarf við heimilin sem vilja þiggja þessa vinnu.
- Stundataflan: það tekur gríðarlega langan tíma að skipuleggja tíma nemenda á haustin. Þar er að mörgu að hyggja og mun ég prófa mig áfram í þeim efnum. Eins verða kennarar að koma með athugasemdir strax varðandi stundatöfluna þannig að hægt sé að breyta.
- Samstarf við Bókasafn Vestmannaeyja: Við Drífa Þöll ætlum að þróa saman verkefni næsta vetur sem heitir Fágæti og furðuverk. Þá munum við útbúa lestrarpoka fyrir nemendur með ýmsum þemum. Forráðamenn og nemendur lesa saman bækur úr pökanum sem höfðar til áhuga þeirra og skipta um poka eftir ákv. tíma.

Skýrsluhöfundur: Helga Sigrún Þórsdóttir, sérkennari GRV

Skýrsla námsvers á miðstigi

Áherslur og markmið

Að nemendur auki færni sína í íslensku og stærðfræði. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá hvers og eins.

Kennt var í námsveri 6.-7. bekkjar. Unnið samkvæmt einstaklingsáætlun hvers og eins í samráði við umsjónarkennara. Aðalnámskrá Grunnskóla var fylgt við gerð námsáætlana.

Helstu áherslur voru á að efla jákvæð samskipti, auka vellíðan og bæta sjálfsmynd nemenda. Reyndum að gera það eftirsóknavert að vera í námsverinu. Vorum farin að nota spjaldtölvur og má eflaust gera meira af því til að gera námið fjölbreyttara og áhugaverðara.

Tímafjöldi á viku hjá Maríu voru 11,5 kennslustundir í íslensku og stærðfræði með nemendur úr 6. bekk. Að meðaltali voru 4 -7 nemendur (9 nem. í sér lesskilningshóp) sumir voru allan veturinn en aðrir tímabundið. Unnið með námsefni 4.,5. og 6.bekkjar. María var einnig 3 kennslustundir á viku með nemendur úr 7. bekk í íslensku og stærðfræði í samstarfi við Ingu Þórarinsdóttur.

Tímafjöldi hjá Ingu var 9 kennslustundir á viku. Hún tók nemendur út úr bekkjunum nemendur sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar í íslensku og stærðfræði. Höfuðáhersla lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins. Að meðaltali voru þetta sex nemendur. Sumir voru í námsverinu allan veturinn en aðrir styttra.

Mjög góð samvinna var við umsjónakennara í 6. og 7. bekk. María hafði skipulagsfund með umsjónarkennurum í 6. bekk u.þ.b. einu sinni í viku og var útbúið vikuplan. Unnin sérnámskrá og hjálpast að við að finna hentugt námsefni. Inga fylgdi skipulagi umsjónarkennara í 7.bekk og var samstarf og samvinna mjög góð, einstaklega góður kennarahópur sem ekki verður hægt að bæta.

Námsmat: Símat allan veturinn, tekin kaflapróf úr Stiku og yfirlitspróf. Í íslensku tóku nemendur sérpróf úr því námsefni sem þeir voru með og stundum tóku þeir það sama og árgangurinn.

Almennt um árganginn

Árgangarnir samanstanda af kraftmiklum og kátum krökkum. Hópurinn er samheldinn og skemmtilegur.

Skýrsluhöfundar: Inga Þórarinsdóttir og María Pálmadóttir

Skýrsla námsvers á unglingastigi

Stærðfræði

Nemendur skiptust þannig að 7 nemendur úr 10. bekk, 3 nemendur úr 9. bekk, 5 nemendur úr 8. bekk og einn nýbúi. Flestir unnu eftir einstaklingsnámskrá. Sumir unnu eftir námsefni bekkjarins.

Helstu áherslur/markmið

Í námsveri 8.-10. bekkjar er mikið lagt upp úr einstaklingsvinnu. Nemendur eru að fást við það sem þeir ráða við, reynt er að þyngja efni smátt og smátt eins og mögulegt er. Erum að vinna að því að reyna að koma nemendum sem mest inn í bekk. Geta verið 1-3 tíma á viku inn í bekk.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Í stærðfræðinni er vikuáætlun fyrir hvern nemanda. Nánast alfarið er einstaklingskennsla. Mjög erfitt er að vera með annarskonar kennslu því oft eru 2 – 4 námshópar í stofunni í einu og jafnvel í sitt hvorri greininni. Yfir skólaárið eru nemendur að fá námsbækur (mis þungar) við sitt hæfi og verkefni frá kennara. Nemendur fá oft frjálst í lok tímans í ca. 5 mín.



Námsmat

10. bekkur stærðfræði

- Yfir skólaárið 4 -6 verkefni (próf) úr því námsefni sem nemandinn hefur lokið.
- Einnig eru 6 – 10 örverkefni sem eru tekin í tíma óundirbúin.
- Það eru 2 – 4 verkefni sem tengjast stærðfræði daglegs lífs.
- Innrétta herbergi verkefni sem tókst mjög vel. Skiluðu í bæklingi í publisher.
- Mæla og teikna upp ýmislegt við Íþróttamiðstöðina, tókst vel.

9. bekkur stærðfræði

- Yfir skólaárið 4 -6 verkefni (próf) úr því námsefni sem nemandinn hefur lokið.
- Einnig eru 6 – 10 örverkefni sem eru tekin í tíma óundirbúin.

8. bekkur stærðfræði

- Yfir skólaárið 4 - 6 verkefni (próf) úr því námsefni sem nemandinn hefur lokið.
- Einnig eru 6 – 10 örverkefni sem eru tekin í tíma óundirbúin.

Námsefni/gögn í stærðfræði

- Stærðfræði dagsins önn
- Stjörnubækur
- Stærðfræði 8+, 9+, 10+
- Almenn stærðfræði I, II, III
- Námsefni frá kennara
- Sproti, Stika
- Skali 1a
- Nams.is og ýmis forrit

Útikennsla/hreyfing

Er mjög lítil í stærðfræði. Þar sem skipulagið á námsverinu er þannig að það geta verið nemendur úr ýmsum greinum á sama tíma t.d. úr 8. bekk og 9. bekk í íslensku og stærðfræði.

Húsnæði/aðstaða

Námsverið fyrir 8. - 10. bekk er í stofu 22. Tölvumál eru ekki í góðu lagi en húsnæðið er mjög gott.

Þemavinna/vordagar

Reyni að vera með einhvers konar þemavinnu í stærðfræði en er erfitt. Því oft eru aðrir hópar í sömu kennslustund t.d. stærðfræði 8. b, stærðfræði 10. bekkur og íslenska.

Samstarf og samvinna /bekkja/nemendur/kennara/stuðningsfulltrúa

Mikið og gott samstarf við kennara í námsveri í 8.-10. bekk. Mjög mikilvægt er að vera með sama stuðningsfulltrúa í námsverinu. Það er mjög gott samstarf á milli kennara og stuðningsfulltrúa. Samstarf þarf að vera mun meira milli umsjónarkennara og fagkennara þeirra barna sem eru í námsverinu. Oft virðist það vera að fagkennari og umsjónarkennari fylgist ekki með nemendum sem eru þar. Þetta hefur aðeins lagast t.d. ef eitthvað upprot er hjá umsjónabekknunum eru nemendur í námsveri sóttir. Mjög gott samband er á milli nemenda í námsverinu, kennara og stuðningsfulltrúa þar. Nemendum líður vel í námsverinu.

Önnur atriði sem vert er að nefna

- Hafa námsverið meira rúllandi, nemendur koma í stuttan tíma (t.d. 1 – 2 mán.). Einhver pláss verða frátekin fyrir nemendur sem þarf að seinka (gera einstaklingsnámskrá). Ef nemendur eiga að stoppa stutt í námsveri eiga beiðnir um pláss að fara í gegnum stjórnendur.
- Ég er mjög ánægður með framfarir hjá nemendum í stærðfræðinni.
- Skiplagið á námsverinu er nokkur hindrun í að vera með meiri útikennslu, þemaverkefni ofl.
- Skóladagur í námsveri: Töfl, púsl, spurningakeppni ,boltagerð(úr blöðrum og hveiti).
- Lokaverkefni 10. bekkjar gekk nokkuð vel hjá nemendum úr námsveri. Hóparnir voru þrír og voru 2-3 í hverjum hóp.
- Mjög mikilvægt er að nemendum líði vel í námsveri og þeir finni í hverju þeir eru „bestir“
- Íhugunarefni. Ef nemandi þarf að vera allt skólaárið í námsveri þá er verið að seinka honum í námsefni árgangsins og þá er gerð einstaklingsnámskrá. En nemandi getur verið í stuttan tíma í námsveri t.d. einn mánuð og farið aftur inn í bekk.
- Mætti einnig hugsa sér námsverið fyrir þá nemendur sem eru komnir lengra.

Skýrsluhöfundur: Björn Elíasson

Íslenska

Helstu áherslur/markmið

Markmið að nemendur fái færni að vinna með íslensku eftir því sem geta þeirra leyfir. Mikil áhersla er lögð á það að nemendum líði vel í námsveri og að þeir finni í hverju þeir eru „bestir“

Nemendur úr 8. – 10. bekk. Nemendur skiptust þannig: 5 drengir úr 10. bekk. 2 stúlkur úr 9. bekk 1 drengur úr 9. bekk. 1 nýbúi. Unnið með einstaklinginn sem slíkan. Allir vinna eftir einstaklingsnámskrá. Námssefni er valið eftir getu hvers og eins. Farið í það sem bekkirnir eru að gera hverju sinni eftir þeirra getu.

Námsefni

Unnið út frá bekkjarefni með 9. bekk ásamt verkefnum við hæfi hvers og eins. Annað efni hjá 10. bekk; Hugarflug, ýmis hefti, Lesrún, Gott mál, annað efni í bókmenntum hjá 10. bekk: (notuðum verkefni frá bekk og sniðum eftir færni hvers og eins). Útlaginn og Gauragangur, horft á myndir, verkefni unnin af neti, Námsgagnastofnun og Skólavef. Útiverkefni með bekk.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Alltaf einn kennari með hópnum, stundum tveir og yfirleitt stuðningsfulltrúi. Mikilvægt að sami stuðningsfulltrúinn sé í námsveri og sömu kennarar. Aðaláhersla lögð á grunnfærni. Notuð eru hjálpargögn: spil, spjaldtölvur, borðtölvur og ýmis forrit og vefir sem tengjast íslensku. Þemavinna/vordagar með bekkjunum.

Húsnæði

Stofa 22 hjá unglingadeild. Mjög góð.

Námsmat

Símat, verkefni og próf lögð fyrir með jöfnu millibili.

Samvinna:

Er mjög góð hjá námsverskennurum. Samvinna er einnig mjög góð við aðra kennara skólans.

Önnur atriði sem vert er að nefna

- Skóladagur í námsveri: Töfl, púsl, spurningakeppni, boltagerð (úr blöðrum og hveiti). Mjög vel heppnað.
- Lokaverkefni í maí hjá 10. bekk. Björn hélt utan um hópinn.
- Tölvumál: enn má bæta
- Íhugunarefni. Hverjir koma í námsver: Erum stundum of góð við kennara. Kennarar með 15- 16 manna bekk eiga auðveldlega að geta verið með nemendur og útbúið sjálfir námskrá við hæfi hvers og eins. Fljótandi, þ.e. nemendur eiga að geta komið og unnið upp eða fá aðstoð við ýmislegt og stansað stutt.

Skýrsluhöfundur: Unnur Baldursdóttir

Skýrsla sérkennslu á yngsta stigi

Helstu viðfangsefni

Stig af stigi Félagsfærninám

Fjöldi nemenda: úr 1. bekk 54 nemendur, úr 2. bekk 64 nemendur eða 6 hópar á viku 30-40 mín í senn. Námsefnið „Stig af stigi“ er félagsfærninám sem nemendur byrja að læra á 5 ára deildinni og halda síðan áfram upp í 3. bekk. Megin viðfangsefnin eru þrjú: Innlifun, að leysa vanda, reiðistjórnun.

Íslenska sem annað mál

Málörvun: 18 nem., 1-2x 40 mín. Fyrir áramót var nemendum getuskipt í fjóra hópa (þvert á árganga) en eftir miðársmatið var hópnum skipt eftir árgöngum að mestu.

Nemendahópurinn er mjög fjölbreyttur, allt frá nemendum sem tala reiprennandi íslensku, nemendur sem eru byrjendur í íslensku sem og nemendur með málþroskaerfiðleika og íslensku sem annað mál.

Viðfangsefnið í hópunum var þar af leiðandi einnig mjög fjölbreytt, en margir hópar unnu að hluta til með námsefnið „Kæra dagbók 1“. Einnig var farið í æfingar varðandi setningarbyggingu, beygingar og persónufornöfn. Allir hópar unnu einhvers konar lokaverkefni þar sem lögð var áhersla á tjáningu, frásögn og að koma hugmyndum sínum á framfæri.

K-PALS lestrarnám

Fjöldi nemenda úr 1. bekk var 10 í 4 hópum, 13 nemendur úr 2. bekk í 2 hópum, 1-2x 40 mín á viku. Námsefnið „K-PALS“ samanstendur af 70 lestrarverkefnum og 70 hljóðaleikjum sem eiga að þjálfa nemendur í lestri og hentar sérstaklega vel fyrir nemendur sem eiga við einhverjar erfiðleika. Sérkennari hefur einnig notað námsefnið fyrir byrjendur í íslensku og látið börn sem eru að læra að tala og lesa á íslensku vinna með íslenskum börnum með námsefnið, sem hefur reynst mjög vel.

Stærðfræði-PALS

Fjöldi nemenda úr 2. bekk var 12, 1x 30 mín á viku. Námsefnið „Stærðfræði-PALS“ er hugsað fyrir nemendur frá 5 ára og upp í 6. bekk. Námsefnið fyrir 5 ára og 1. bekk er hugsað sem þjálfun og innlögn á töluheitum og talnagildi sem og samlagning og frádráttur með allt að tveggja stafa tölum. Þetta er mjög gott námsefni til að þjálfa góð vinnubrögð og læra að tala sig í gegnum stærðfræðidæmi í upphafi stærðfræðináms. Þetta hefur hentað vel nemendum sem hafa átt erfitt með að tileinka sér grunninn í stærðfræði. Aftur er unnið sjálfstætt í þörum (eins og í K-PALS) og skipst á hlutverkum og læra nemendur því að vinna saman, að vinna sjálfstætt og að halda einbeitingu auk þess að tala sig í gegnum stærðfræðidæmi.

Sérkennari hefur einnig notað námsefnið fyrir byrjendur í íslensku og látið börn sem læra að tala og reikna á íslensku vinna með íslenskum börnum með námsefnið, sem hefur reynst mjög vel.

Leið til læsis

Fjöldi nemenda úr 2. bekk var 5, 2x 60 mín á viku, en ekki allan veturinn. Í Leið til læsis er öllum nemendum árgangsins skipt í lestrarhópa eftir því hvaða þátt í lestrinum þeir þurfa helst að þjálfa. Sérkennari hefur sinnt hópi nemenda sem eru (flestir) með einstaklingsnámskrá eða mjög slakir í lestri þegar Leið til læsis lotur hafa verið í 2. bekk.

Einstaklingskennsla

Tveir til þrír nemendur úr 2. bekk, 2-3x 40 mín. á viku. Tveir nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá bæði í lestri/skrift sem og í stærðfræði hafa fengið 2-3 tíma á viku í einstaklingskennslu, þar sem sérkennari hefur aðlagð námsefni og námshraða algjörlega að þeirra þörfum. Tímarnir hafa verið skilgreindir í lestur/skrift, í stærðfræðitíma hafa nemendur verið með umbunarkerfi. Í þeim tímum til að hvetja þá enn frekar til náms, en erfitt getur verið að halda áhuganum og athyglinni ef lengi er unnið með sama viðfangsefni.

Námsaðstoð

Annar bekkur, 3 x 60 mín á viku. Þegar annar bekkur hafði lokið við „Stig af stigi“ námsefnið fyrir skólaárið, voru tímarnir í stundatöflunni nýttir í almenna námsaðstoð, ein klst./á viku fyrir hvern bekk. Umsjónarkennarar sendu þá 1-5 nemendur í einu til sérkennara með námsefni úr bekknum, nemendur sem voru á eftir í námsefninu eða þurftu meiri aðstoð eða minni truflun.

Uppgjör sérkennarans

Starf mitt sem sérkennari eru fjölbreytt og spennandi. Megin viðfangsefnin eru eins og sjá má hér að ofan félagsfærninám, íslenska sem annað mál, lestrar- og stærðfræðináms sem og einstaklingsnám á yngsta stiginu í grunnskóla. Eins og gefur að skilja var ekki hægt að halda úti öllum hópum í allan vetur, en margt af þessu var kennt í lotum eins og t.d. K-PALS, Leið til læsis,

Stig af stigi og var stundataflan mín þar af leiðandi breytileg allan veturinn. Það gat stundum verið mikið álag, að púsla saman nýrri stundaskrá á mánaðarfresti. Það veitti hins vegar einnig möguleika til þess að bregðast við breytilegum þörfum. Sumir nemendur þurftu meira, aðrir minna. Einnig var hægt að endurskoða hópasmsetningar sem nýttist almennt vel.

Það voru 4 nemendur með einstaklingsnámskrá í vetur og munu eflaust verða aðeins fleiri á næsta ári, þegar námskröfur verða meiri. En eitt af mínum megin markmiðum í sérkennslu var meðal annars að fækka einstaklingstímum sem allra mest, bæði til þess að geta sinnt fleiri börnum í einu en þó fyrst og fremst vegna þess að markmiðið felur í sér að nemendur læra að taka tillit til annarra, að vinna saman, að hjálpast að og að læra í hóp, sem má síðan stækka smám saman. Þetta markmið náðist vel. Aðeins tveir til þrír nemendur fengu einstaklingskennslu í vetur en gátu jafnframt tekið þátt í hóptímum í K-PALS og Stærðfræði-PALS, annar þeirra með aðstoð stuðningsfulltrúa en hinn gat unnið orðið sjálfstætt í paravinnu með öðrum nemendum. Þetta kostaði þó nokkurn undirbúning og þjálfun en er mikill ávinningur í lokin, þegar nemandinn verður sjálfstæðari í vinnubrögðum og óháðari sérkennaranum. Aðrir nemendur sem vinna eftir einstaklingsnámskrá voru í para- og/eða hópavinnu í öllum sérkennslutímum.

Íslenska sem annað mál er sífellt stækkandi þáttur í mínu starfi. Nemendur eru mjög misjafnlega staddir í íslensku. Sumir tala reiprennandi íslensku en þurfa samt sem áður aðstoð við sífellt stækkandi orðaforða og flóknara námsefni. Aðrir eru að bjarga sér á íslensku í daglegu tali en þurfa að bæta málfræði, setningarbyggingu, orðaforða og að koma sínum hugsunum og hugmyndum skiljanlega á framfæri. Enn aðrir eru byrjendur í málinu og síðan er hópur nemenda sem á við almenna málörðugleika að etja auk þess að íslenska er annað málið þeirra. Haustið 2015 skipti ég nemendum í aldursblandaða hópa eftir því hvar þeir voru staddir í íslensku. Það reyndist ágætlega en eftir áramótin ákvað ég samt sem áður að breyta hópunum og kenna mestmegnis eftir árgöngum. Sífellt fleiri nýir nemendur bættust við og var erfitt að finna tíma sem hentaði þeim og síðan voru framfarir einnig misjafnar eftir nemendum. Í lok skólaárs unnu allir hópar nokkurs konar lokaverkefni sem reyndi meira á tjáningu og frásögn og sást þá glögggt að nemendur höfðu bætt sig töluvert í íslensku á árinu.

Allt í allt var þetta spennandi og skemmtilegur vetur og hlakka ég til að hitta nemendur aftur eftir sumarfrí og takast á við ný verkefni.

Skýrsluhöfundur: Nina Anna Dau sérkennari

Skýrsla sérkennslu á eldra stigi - sérdeild

Bekkur/hópur:

Í hópnum í vor voru 9 nemendur, einn úr 10. bekk, þrír úr 9. bekk, einn úr 8. bekk, tveir úr 7. bekk og tveir úr 6. bekk. Allir eru í íslensku og stærðfræði. Tveir nemendur eru einnig í ensku. Tveir nemendur byrjuðu strax í haust en tveir nemendur úr 6. og 7. bekk komu þegar fór að líða á skólaárið.

Helstu áherslur/markmið

Allir vinna eftir einstaklingsnámskrá. Náms efnið er valið fyrir hvern og einn. Yfirleitt eru þessir nemendur ekki að taka sama námsefni og árgangurinn en einstaka sinnum kemur það þó fyrir. Aðaláherslan er lögð á að allir nái grunnaðferðum og síðan er reynt að byggja ofan á þær. Í vetur höfum við t.d. lagt áherslu á að allir viti hvernig margföldun virkar þannig að allir geti fundið út hver útkoman verður án þess að nota reiknivél og einnig höfum við verið að vinna mikið í frádrætti (að taka til láns). Við notum samt reiknivélina mikið, Numicon stærðfræði-efnið og ýmsa hluti. Flestir eru að reikna Stærðfræði daglegs lífs en sumir eru með léttara efni. Í

Íslenskunni er aðaláhersla lögð á lestur og almenna íslenska málfræði og stafsetningu, ljóð og ritun.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Alltaf er einn kennari með hópnum og einn stuðningsfulltrúi. Mjög mikilvægt og gott er að það er alltaf sami stuðningsfulltrúinn og finnst ég að það er mikill munur frá því þegar fleiri skiptu á milli sín að vera í sérdeildinni. Þessi stuðningsfulltrúi er t.d. fasta akkerið í deildinni sem nemendur bera mikið traust til. Best væri að þar sem ég er í hálfu starfi að aðeins einn kennari væri að vinna á móti mér.

Þróunarstarf

Ég hef verið í hópnum hjá Guðbjörgu Guðmannsdóttur en hef nokkuð oft misst af fundum þar sem ég er mjög oft að prófa á mánudögum þegar fundirnir eru. Það hefur komið fyrir að ég er búin að boða nemanda í próf þegar kallað er til fundar. En efnið er mjög áhugavekjandi og skemmtilegt.

Námsmat

Námsmat fer sífellt fram. Þegar hópurinn er svona fámennur er maður nokkuð vel meðvitaður um framvindu námsins. Próf fara fram á öllum námstímanum, t.d. í lok allra stærðfræðiheftanna og einnig eru stutt könnunarpróf t.d. í margföldun. Allir lesa daglega og þar er fylgst með hvernig gengur en lestrarpróf eru 3-4 á hvorri önn. Niðurstöður námsmats eru sendar út eins og hjá öðrum nemendum.

Námsefni/gögn

Stofan er ágætlega útbúin kennslugögnum og námsefni. Aldrei hefur staðið á að fá það námsefni/gögn sem beðið er um. Við reynum að fylgjast vel með nýútkomnu efni og pöntum það ef okkur líst þannig á það. Hér er námsefni sem hentar nemendum með sérþarfir og er nokkuð af námsefni sem aðrir kennarar sækja í stofuna í önnur námsver. Það helsta eru námsbækur t.d. lestrarbækur yngri barna, litaglærur, sérstakar stærðfræði- og íslenskubækur og fullt af verkefnum í þeim greinum. Numicon-námsefni í stærðfræði, reiknivélar, margföldunarlestin og fleira sem nýtist vel í stærðfræðinni. Þá eigum við talsvert af kennsluspilum sem eru vel nýtt. Einn IPAD eigum við og hann hlaðinn smáforritum sem koma að góðu gagni.

Húsnæði/aðstaða

Stofa 24 - aðstaða er nokkuð góð, stofan björt og ágætlega stór fyrir það starf sem er unnið þar. Borð og stólar fyrir nemendur eru í lagi en bestu stólarnir eru aðeins 5 svo að stundum verða nemendur að velja stóla sem þeim finnst ekki eins góðir. Tölvumálin í stofunni eru í algjöru lamasessi og á það jafn við um gamlar og nýjar tölvur. Ný tölva kom í vor og hefur hún alls ekki verið í lagi, stundum höfum við þurft að bíða í 12 mínútur eftir að komast til að vinna í henni. Við höfum haft samband 3 sinnum við tölvumanninn. Hinar (2) tölvurnar eru bæði hægar og gamlar. Prentari er í stofunni og aðeins er hægt að prenta úr einni tölvunni. Góður skjávarpi og smarttafla eru í stofunni sem nýtast vel.

Þemavinna/vordagar

Nemendur eru í bekkjunum sínum á þema/vordögum og eru þá í fylgd með stuðningsfulltrúum. Stöku sinnum eru þeir hér í stofunni ef verkefni bekkjarins eru ekki við hæfi þeirra.

Samstarf og samvinna bekkja/nemenda

Aðrir nemendur eru alltaf velkomnir í sérdeildina og okkur finnst mjög skemmtileg og nauðsynlegt að aðrir viti hvað fer þar fram. Æskilegast væri að skipuleggja frekari heimsóknir og jafnvel að gera

eins og við höfum reyndar gert áður að bjóða öðrum nemendum að koma með sérdeildarnemandanum hingað.

Kennarar: Ég tel að það sé mjög góð samvinna við aðra kennara. Kennarar koma mjög oft hingað og fá verkefni og bækur, glærur og annað efni sem þeir telja henta öðrum nemendum. Kennarar sem eiga nemendur hér sýna starfinu áhuga og fylgjast vel með sínum nemendum. Flestir muna eftir þeim þegar eitthvað er á döfinni í bekknum og finnst mér það hafa lagast mikið. Sumir hringja alltaf og láta vita ef nemandinn er ekki mættur og aðrir gera það þá jafnvel seinna.

Önnur atriði sem vert er að nefna

- Það er aðallega það sem áður er fram komið að það þarf að laga tölvumálin. Það væri ekki verra að hafa fleiri nemendastóla eins og þá 5 sem eru fyrir. Þeir eru sérstaklega góðir vegna þess að þeir passa öllum þar sem hægt er að hækka og lækka setuna. Hér inni eru nemendur á öllum aldri og misstórir.
- Sjónvarpið og vídeóið eru að verða barn síns tíma og ekki er lengur hægt að sýna DVD í tölvunni sem er tengd skjávarpanum þar sem enginn DVD-spilari er í henni. Það væri því mjög gott að fá DVD spilara til að tengja við þá tölvu.
- Skemmtanir og félagslíf; nemendur taka þátt í bekkjar- og félagslífi árgangsins.

Skýrsluhöfundur: Ólöf Margrét Magnúsdóttir, sérkennari

Skýrsla lestrar – og læsiskennslu á yngsta stigi

Helstu áherslur/markmið

Lestur / auka lestrarhraða, lesskilning, framsögn, leiðrétta lestrarlag

Kennsluhættir/ skipulag kennslu

1., 2. og 3. bekkur: Læsiskimun að hausti, Leið til læsis. Kenni einum hópi í svæðaskiptum lestri, 6 vikna lotur, 2 klst á viku í 6 vikur haust og vor. Prófa lesfimi og sjónrænan orðaforða tvisvar yfir veturinn og skipti í lestrarhópa út frá niðurstöðum. Hraðapróf í lestri. Hitti einn nemanda í 2. bekk í lestri 4 sinnum í viku, 20 – 40 mín. í senn

Lestrarnámskeið í 3. bekk: Haust, 6 vikur, 4 sinnum í viku, 30 mín. í senn. Vor 4 vikur, hálfur bekkur, 30 mín í senn

4. bekkur: Aukakennari í ágúst og sept. í íslensku og stærðfræði. Undirbúningur fyrir samræmd próf.

Lestrarnámskeið, hitti einn nemanda í lestri 4 sinnum í viku, 20 – 40 mín. í senn, 5 vikur í vor. Hitti tvo nemendur í lestri, 3 sinnum í viku 30 mín í senn, 3 vikur, hitti einn nemanda 4 sinnum í viku, 30 mín. í senn í 8 vikur. Prófa leshraða 4 sinnum yfir veturinn.

5. bekkur: Lestrarnámskeið, 30 mín 5 daga vikunnar í 3 vikur, lestrarnámskeið, 30 mín 4 daga vikunnar í 3 vikur. Prófa leshraða 4 sinnum. Lestrarnámskeið, 2 hópar, 4 sinnum í viku, 30 mín í senn. Prófa lesfimi og sjónrænan orðaforða tvisvar yfir veturinn og skipti í lestrarhópa út frá niðurstöðum. Einn hópur í PALS þrisvar sinnum í viku 40 mín í senn, 4 vikur.

Námsmat

Símat, framfarir, hraðapróf, stöðlunarpróf frá MMS. Valið efni úr Sögusteinn, Völusteinn og Óskasteinn. Bókstafabjálfun, hljóðatengingar, nefnuhraði, rím, atkvæðaklapp, 100 orða listi, lesfimi. Mínútublöðin, grunnefni úr LtL bankanum, Vogaskólamappan með lestrarprófum. Sameiginleg ritun nemendur skrifuðu sögu út frá „fígúrum“ sem kveikju.

Námsefni/gögn

Stöðluð próf frá Menntamálastofnun. Þjálfunarefni/verkefnabanki í Leið til læsis, lestrar- og vinnubækur við hæfi, sögugerð út frá smá figúrum „köllum“, lestrarbækur við hæfi, Dúbbabækurnar, Kuggur eftir Sigrúnu Eldjárn.

Valdar sögur úr Sögusteini, lítil leikrit og ljóð, Gagn og gaman 2, Ungi litli, Vísnaþókin. Æfð framsögn og greinarmerki sem stýring í lestri.

Lesfimiþjálfun úr verkefnabanka LtL, sameiginleg ritun út frá „figúrum“ og heimanámspakki endurtekinn lestur, framfarir skráðar, 100 orða listi á tíma, árangur skráður. Margskonar bækur við hæfi hópsins.

- **Þróunarstarf** ekkert formlegt
- **Húsnæði/aðstaða** Í lausum stofum hverju sinni, handmenntastofu, göngum og skotum hverju sinni, litlu gluggalausú „geymslunni“ á neðri gangi.
- **Samstarf og samvinna** Við sérkennara, deildarstjóra, alla umsjónakennara og aðra sem koma að lestrarkennslu, foreldra barna sem komu á lestrarnámskeiðin.
- **Önnur atriði sem vert er að nefna** Tók við og fór yfir sumarlestrarhesta nemenda og afhenti viðurkenningar. Útbjó sumarlestrarhesta fyrir sumarið 2016 og foreldrabréf tengt þeim í samvinnu við Helgu Sigrúnu sérkennara og fagstjóra í íslensku. Vinn að mest með Helgu Sigrúnu sérkennara og fagstjóra í íslensku.



Skýrsluhöfundur: Halla Júlía Andersen

Skýrsla þroskaþjálfar

Helstu áherslur/markmið

Unnið er eftir markmiðum í námskrám einstaklinganna sem koma til okkar. Mikil áhersla er lögð á félagsfærni, líðan, sjálfstyrkingu, hópefli og hegðun nemanda, einnig er unnið með fínhyrfingar og annað sem kemur upp hverju sinni.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Nemendur koma ýmist í litlum hópum eða í einstaklingstíma. Í sérdeild Barnaskóla er unnið með nemendum á ýmsum aldurstigum í hóp og í samráði við sérkennara.

Þróunarstarf

Þroskaþjálfar taka þátt í þróunarstarfi eins og kennarar. Þroskaþjálfari í HS er í Fablab þróunarhópi og þroskaþjálfari í BS er í Uppeldi til ábyrgðar þróunarhóp.

Námsmat

Farið er yfir þau markmið sem sett eru með vinnu þroskaþjálfar og staðan endurmetin í samvinnu við umsjónakennara. Unnið er með börnum eftir einstaklingsnámskrám.

Námsefni/gögn

Þroskaþjálfar þurfa mikið að útbúa sín námsgögn sjálfir en þó hafa verið gefin og keypt nokkur góð spil. Mikill tími fer í að útbúa og aðlaga námsefni að þörfum nemanda. Einnig er unnið með sjálfstyrkingarefni úr bókunum; Fjársjóðsleitinn, Bætt hugsun betri líðan, Verum vinir, Reiði,

Áhyggjur, Neikvæðni, einnig félagsfærni efni svo sem Cat kassinn og aðrar bækur. Mikið aðlagð efni af netinu af ýmsum toga.

Útikennsla/hreyfing

Þroskaþjálfari í Barnaskóla fer á eina inni og eina útivakt í tengslum við félagsfærniþjálfun, að öðru leyti á þetta ekki við.

Húsnæði/aðstaða

Aðstaða þroskaþjálfara í HS er fín, mætti þó fara að huga að nýjum stólum og borði. Aðstaða þroskaþjálfara í BS er ágæt hvað varðar næði, vantar sárlega loftræstingu/viftu. Mikilvægt er að þroskaþjálfari geti gengið að sinni aðstöðu vísri á hverju hausti.

Þemavinna/vordagar

Þroskaþjálfar taka þátt í þemavinnu þegar hún er, t.d. á föndurdegi og öðruvísidögum.

Samstarf og samvinna

- **Bekkja/nemenda**
Nemendur koma í blönduðum hópum oftast innan árganga.
- **Kennara**
Mikið samstarf er við kennara vegna nemenda sem þroskaþjálfar hitta, meðal annars í formi teymisfunda. Samstarfið er nauðsynlegt til að sem bestur árangur náist í þeirri vinnu sem er í gangi hverju sinni.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Í starfsstöð Barnaskóla hefur verið mikil vinna í vetur með nemendur 6. bekkja, er þar helsta breyting frá því árinu áður. Í sérdeildinni hafa átta börn komið í fasta tíma til þroskaþjálfara, önnur fimmtán börn hafa einnig fengið fasta tíma í allan vetur og hafa 22 einstaklingar útskrifast af sjálfstyrkingarnámskeiði. Í vetur hefur mest allur 6. bekkur fengið þjónustu þroskaþjálfara að einhverju leyti, eða 55 börn, bekkjunum var skipt upp eftir kynjum og allir teknir með í litlum hópum í hópeflistíma. Í 7. bekk komu 15 börn í tíma, en þar kláraði þroskaþjálfari að hitta krakka í hópefli. Í 8. bekk hafa fimm nemendur verið hjá þroskaþjálfara, sautján nemendur í einhvern tíma úr 9. bekk og úr 10. bekk tíu nemendur. Alls hefur þroskaþjálfari hitt 101 nemanda í Barnaskólanum í vetur. Í Hamarskóla fengu þrjú börn úr 1. bekk þjónustu hjá þroskaþjálfara, fjórtán börn úr 2. bekk, tíu úr 3. bekk, þrettán börn úr 4. bekk og sjö börn úr 5. bekk, samtals 47 nemendur. Nemendur fengu mis marga tíma, fór eftir þörfum. Einnig voru þrjú sjálfstyrkingarnámskeið. 5 stúlkur og 4 drengir úr 5. bekk luku námskeiði og fjórir drengir úr 4. bekk, samtals þrettán börn. Alls hitti þroskaþjálfari í Hamarskóla 60 nemendur.

Skýrsluhöfundar: Björg Ólög Bragadóttir og Sigríður Sigmarsdóttir.

Skýrsla safnvarða

Skýrsla safnvarðar í Barnaskóla

Bókasafnið á loftinu gegnir ýmsum hlutverkum, þó er aðaláherslan bækur, náms, fræði -og afþreyingar bókmenntir, sem nemendur og kennarar sækja sér til gagns og gaman.

Útlán á skáldritum, fræðiritum, kennsluleiðbeiningum og öðrum gögnum til nemenda og kennara er stór þáttur í daglegum störfum, auk þess er hvatning og aðstoð við val á lesefni veitt. Haldið er

fast utanum skil á bókum, þá sérstaklega hjá útskriftar hópnum, allvel gekk þetta árið, þó eru alltaf bækur sem ekki skila sér.

Fylgst er með útkomu nýrra bóka allan veturinn, keyptar eru þær bækur sem líklegar eru til vinsælda. Þeim komið á aðalsafnið, skráðar og plastaðar að lokum komið fyrir í hillum á safninu. Safnvörður les allflestar þeirra bóka sem keyptar eru svo hægt sé að mæla með og ræða fer sá lestur fram eingöngu heima.

Tekið er til reglulega í þröngu plássi, gamlar og illa farnar bækur afskráðar úr Gegni sem og kennsluleiðbeiningar og þeim komið til förgunar. Tekið vel til í dönsku- og stærðfræðinámsbókum á vordögum.

Viðgerðir á bókum gerðar, stærri bækur fara á aðalsafnið. Uppfærsla og nýskráning safnkorta, fer fram á aðalsafni.

Mikil vera nemenda er á safninu, vegna t.d. forfalla kennara, bekkjafunda, veikinda barna, kemur það eftirlit til viðbótar við venjulega vinnu og getur því oft skapast mikill erill svo ekki sé fastara að orði kveðið. Hefur veturinn verið erfiður að þessu leyti. Nemendur með vandamál af ýmsum toga finnst gott að blása á loftinu og fá smá spjall um vandamálið og kannski hálspillu.

Próf eru mikið tekin á safninu, þá er setið yfir eins og það hét.

Mikil ásókn er í frímínútum elstu nemenda að vera á safninu, fastur hópur krakka sem kjósa frið og ró.

Húsnæði og aðstaða er barn síns tíma, bograndi undir súð, ekki gott að mati sjúkrapjálfa. Tól og flest tæki ekki góð, það stendur til bóta að mér skilst, nýr bókaskanni kom í lok annar, loftræsting er ekki góð, lítð rými og mikið af bókum og lykt úr kennslueldhúsi ekki góður kokteill.

Bókavörður var partur af þróunarhóp um Uppeldi til ábyrgðar, mjög gaman.

Endurmenntun fer fram í lestri og meiri lestri ekki minna en 1000 bls. á mánuði, 1,45 mín -2 klst á dag.

Þemavinna og vordagar eru ekki í boði, safnið er opið.

Tókum þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns, var mikill og markviss áhugi og þátttaka hjá yngri börnunum.

Norræna bókasafnsvikan, plaköt og bækur settar fram, þær bækur virtust ekki falla að smekk unglinganna.

Skýrsluhöfundur: Stella Skaptadóttir

Skýrsla safnvarðar í Hamarsskóla

Helstu áherslur

Skólasafnið gegnir mikilvægu hlutverki í að móta lestrarvenjur nemenda og styður vel við lestrarnám þeirra.

Nemendur Hamarsskóla lesa mikið og nýta sér skólasafnið ákaflega vel, koma og fá lánaðar bækur bæði í tengslum við námið og til skemmtunar og afþreyingar. Kennarar fá einnig lánuð skáldrit, fræððirit og DVD og því er mikið útlán á bókum og öðrum gögnum.

Útlán bóka, aðstoð við val, skil og frágangur ásamt því að hafa bækurnar aðgengilegar er mjög stór þáttur í starfi safnsins.

Skólasafnsvörður sér um að finna til bækur í bókakassa til að hafa í kennslustofum fyrir þá kennara sem þess óska.

Til þess að auka lestraráhuga nemenda og hvetja þá til lesturs var Drekkaklúbbur settur á laggirnar. Undirbúningur hófst í janúar og í mars hóf hann göngu sína með þátttöku nemenda í 3. bekk. Stofnun Drekkaklúbbsins krafðist mikils undirbúnings og er í sífelldri endurskoðun. Einnig tók skólasafnið þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns.

Lestrarsprettur var hjá 5. bekk í október og 3. bekk í nóvember. Fann til og hafði aðgengilegar þær bækur sem hæfðu verkefninu.

Allan veturinn er fylgst með því hvaða bækur koma út, þó hvað mest á tímabilinu október / nóvember – febrúar.

Nokkuð var um innkaup í nóvember / desember. Stærstu innkaupin voru í febrúar, á bókamakaði Félags íslenskra bókaútgefenda.

Áður en bækurnar eru keyptar þarf að ígrunda vel hvaða bækur henta lesendum safnsins. Samspil texta og mynda er skoðað svo og tengsl framsetningar og efnis, leturstærð, fyrir hvaða aldur þær eru ætlaðar, hvort sagan er skemmtileg, áhugaverð og hvort hún verði vinsæl. Einnig eru vinsældir fyrri bóka einstakra höfunda skoðaðar svo og til hverra efni sögunnar höfðar. Kostnaðaráætlun er gerð. Að þessu loknu eru bækurnar keyptar.

Les þær bækur sem keyptar eru og fer sá lestur fram í skólanum og heima.

Nýjar bækur voru kynntar á kennarafundum og fagfundum.

Allar nýjar bækur og gögn eru skráð. Skólasafnsvörður sér um að koma bókum og gögnum í skráningu en skráningin fer fram á Bókasafni Vestmannaeyja.

Afskrái allar ónýtar og týndar bækur og flyt bækur á milli safna innan Gegnis þegar þörf er á.

Í ágúst / september uppfærði skólasafnsvörður Hamarsskóla öll kennarakort ásamt eitthvað af nemendakortum í Gegni.

Annast viðgerðir á bókum og hefur verið töluvert mikið að gera í viðgerðum í vetur. Bæta þarf umgengi bóka sem bekkir fá lánaðar í bókakassa sína. Þess ber þó að geta að umgengnin er auðvitað misjöfn eftir bekkjum.

Í ágúst / september fór fram tiltekt og grisjun í þeim hillum safnsins sem geyma kennsluleiðbeiningar. Þetta er tímafrek vinna þar sem afskrá þarf öll gögn sem fargað er.

Kennarar nýta sér vel þann möguleika að hafa nemendur sína á bókasafninu þegar vikuáætlun nemenda er lokið og þegar þörf er á að skipta bekkjum vegna bekkjafunda, verkefnavinnu, stærðfræðiprófa og lestrarprófa.

Nemendur eru á safninu þegar þeir geta ekki farið í sund eða leikfimi vegna veikinda. Mikið hefur verið um það í vetur.

Allan veturinn fer fram bókasafnskennsla á safninu, 3 stundir á viku í 2. bekk.

Bókasafnskennsla

Nemendur læra:

- Að gera greinarmun á fræðiritum og skáldritum.
- Hvar skáldrit og fræðirit eru staðsett á safninu samkvæmt Dewey kerfinu.
- Um einstaka hluta bókarinnar, meðferð bóka og annarra gagna safnsins.
- Umgengisreglur skólasafnsins.

Markmið bókasafnskennslu er að þjálfa nemendur í upplýsingalæsi og í því skyni er lögð áhersla á að nemendur læri að:

- Afla upplýsinga úr bókum og öðrum gögnum (tímaritum, fræðslupáttum í sjónvarpi og DVD).
- Vinna úr upplýsingum.
- Skila niðurstöðum á ýmsan hátt.

Kennsluhættir

Nemendur fá kynningu á ýmsum tegundum bókmennta, svo sem sögum, ljóðum, þulum, þjóðsögum og ævintýrum og er það gert með sögustundum. Nemendur kynnast einnig íslenskum og erlendum barnabókahöfundum.

Unnið er með íslenskt mál. Um er að ræða orðabókarverkefni og Orð af orði verkefni þar sem spil koma við sögu.

Nemendum hefur tekist vel að tileinka sér efnið og vinna verkefnin sem eru fjölbreytt og miðuð við getu hvers og eins.

Námsmat Frammistöðumat

Kennslugögn Gögn safnsins

Önnur starfssemi

September: Bókasafnsdagurinn, nánar tiltekið þann 8. Í tilefni dagsins voru blöðrur og fánar á safninu.

Október: Nemendum í 1. bekk boðið upp á sögustund.

Nóvember: Dagur íslenskrar tungu. Kvæði Jónasar Hallgrímssonar sýnileg og áberandi á safninu (veggspjöld).

Norræna bókasafnsvikan. Undirbúningur, skipulagning, kynning, umsjón og framkvæmd.

Þjóðsögur. Heillandi heimur þjóðsagnanna kynntur fyrir nemendum í 4. bekk og sögð draugasaga úr Vestmannaeyjum.

Söguhjól sett upp.

Desember: Jólabækurnar teknar fram.

Kynning á nýútgefnum bókum.

Jólabema á bókasafninu. Upplestur á jólasögum, frásagnir af jólasíðum – og venjum fyrir þá sem vildu nýta sér það.

Haldið upp á 70 ára afmæli Línu Langsokks.

Janúar: Fræðsla um sögu byggðarlagsins fyrir nemendur í 3. bekk. Heimaeyjargosið, - fræðsla, frásögn og reynslusaga.

Febrúar: Saga daganna. Fræðsla um bolludag, sprengidag og öskudag fyrir alla sem vildu nýta sér það.

Mars: Áttthagabækur / Eyjabækur dregnar fram og hafðar áberandi á safninu.

Apríl: Dagur barnabókarinnar. Undirbúningur, umsjón og kynning.

Apríl / Maí: Fræðsla um sögu byggðarlagsins fyrir nemendur í 5. bekk. Tyrkjaránið til umfjöllunar.

Þróunarstarf

Þróunarvinna um lestur og læsi.

Húsnæði / aðstaða

Bæta má loftræstingu á skólasafninu ásamt því að skipta um gólfefni.

Þemavinna / vordagar: Skólasafnsvörður tekur þátt í jólaföndurdegi, skóladegi og

Fjölgreindarleikum ásamt tilheyrandi undirbúningi daganna á undan.

Skýrsluhöfundur: Kristín Sigurðardóttir safnvörður Hs

Skýrsla nemendaráðs

Í nemendaráði voru 13 nemendur af unglingastigi. Í ráðinu í vetur voru; Arnar Freyr 10. BP, Daníel Helgi 10. HF, Birta Lóa 8. EB, Hulda 9. ÁST, Gíslný 10. LS, Bergþóra 10. LS, Úlfur 9. RÖ, Þórhallur 9. RÖ, Snorri 9. RÖ, Guðný Ósk 9. RÖ, Selma Þöll 10. BP, Óliver 9. HJ og Linda Björk 8. GJ.



Við sáum um diskótek fyrir nemendur í 1.- 7. bekk, eitt ball á önn fyrir hvern árgang.

Vorum með tvö böll fyrir nemendur í 8.-10. bekk. Árshátíð, fengum DJ frá Reykjavík, heppnaðist mjög vel og lokaball með DJ Hödda.

Vorum með dömukvöld á unglingastigi. Þetta er í fyrsta skipti sem það er haldið. Fengum Hafdís Kristjánsdóttur til að kynna hollustufæði og Maríu snyrtifræðing sem kynnti allt um umhirðu húðarinnar. Kvöldið tókst mjög vel og var virkilega góð mæting. Ekki var áhugi á herrakvöldi þetta árið.



- Sáum um sjoppu á árshátíð og Stíl
- Sáum um tónlist og kynningu á Stíl
- Vorum með spurningakeppni nemenda GRV
- Funduðum reglulega yfir veturinn
- Fórum 2 sinnum saman út að borða
- Pöntuðum boli fyrir nemendaráð GRV

Fínn hópur sem skipaði nemendaráð í vetur.

Hugmyndir fyrir næsta ár; Uppistand, spilakvöld, kökuskreytingakeppni og herrakvöld. Einnig ætlar nemendaráð að styrkja nemendaferðir fyrir 5. 7. og 9. bekk

Skýrsluhöfundar: Lóa Sigurðardóttir og Hildur Jónasdóttir

Skýrsla námsráðgjafa

Námsráðgjafi er hluti af stoðkerfi skólans. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að vera talsmaður nemenda í skólanum, standa vörð um velferð nemenda og leita lausna í málum þeirra. Náms og starfsráðgjafar er bundnir þagnarskyldu um einkamál nemenda, að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

Náms- og starfsráðgjafi situr á nemendaverndarráðsfundum.

Auglýst staða náms- og starfsráðgjafa við Grunnskóla Vestmannaeyja

Staða náms- og starfsráðgjafa hafði verið auglýst fyrir skólaárið en enginn náms- og starfsráðgjafi með starfsleyfi hafði sótt um auglýsta stöðu innan Grunnskóla Vestmannaeyja. Staðan var auglýst

aftur í lok ágúst með það markmið að fá inn náms- og starfsráðgjafa með tilskyld starfsleyfi til þess að starfa sem slíkur. Það sýnir metnað í stjórnendum að sjá til þess að nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans fái aðgang að náms- og starfsráðgjafa sem hefur faglega þekkingu og menntun inn í skólastarfið og sé liður í uppbyggingu á gæðum skólastarfs í Vestmannaeyjum.

Stöðuhlutfall

Stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa hefur í mörg ár verið 100% stöðugildi við skólann. Hefur starfshlutfallið nú verið minnkað í 50% og var það stöðuhlutfall allt skólaárið 2015-2016. Það er mat starfandi náms- og starfsráðgjafa að þetta stöðuhlutfall sé ekki nægilega hátt til þess að halda utan um þá 520 nemendur sem að eru í skólanum, foreldra, samskipti við foreldra, samskipti við félagsþjónustu og sálfræðing, sinna nemendavernd og þeim verkefnum sem koma upp með 50% stöðuhlutfalli. Eins og kom fram í gæðamati skólans sem gert var á þessu skólaári þá er þörf á öflugri stoðþjónustu og þar með talið hærra stöðuhlutfalli náms- og starfsráðgjafa innan skólans. Starfandi námsráðgjafi skipti vinnunni sinni þannig að hann starfaði mánudag, miðvikudag, fimmtudag og föstudag í Barnaskóla Vestmannaeyja og þriðjudaga í Hamarsskóla, alla daga fyrir hádegi. Annan hvern mánudag og annan hvern þriðjudag eru fastir nemendaverndarráðsfundir í hvorum skóla fyrir sig. Námsráðgjafi vann alla daga fyrir hádegi svo að hann gæti sótt þá 50% vinnu sem að hann hafði á mótí náms- og starfsráðgjafarstöðunni í Grunnskóla Vestmannaeyja. Gat hann því ekki setið kennarafundi eða náð á starfsfólk skólans ef að ræða þurfti mikilvæg mál. Einnig þurftu stjórnendur skólans og kennarar oft en ekki að færa til fundi svo að náms- og starfsráðgjafi gæti setið þá fundi þar sem mikilvægt var að hann mætti. Það er mat starfandi náms- og starfsráðgjafa að það hafi oft komið upp sú staða að það var óhentugt að yfirgefa vinnustaðinn og það kom líka fyrir að í neyðartilfellum þá þurftu skólastjórnendur að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa í hina vinnuna til þess að leysa ákveðin mál þar sem hagsmunir barna voru í húfi. Það er mat náms- og starfsráðgjafa að það yrði allra hagur að hækka þetta starfshlutfall í 80-100 % stöðugildi innan skólans.

Það er gott að hafa það í huga að ef að það er öflug náms- og starfsráðgjöf við skólann og nemendur fá tækifæri til þess að mynda sér hugmyndir af því hverju þeir stefna að í námi og starfi þá er það hvetjandi námslega auk þess sem það eykur líkur á vellíðan og markmiða setningu barna. Það er einnig gott fyrir nemendur að hafa aðgang að náms- og starfsráðgjafa allan skóladaginn til þess að leita til bæði persónulega og námslega til þess að stuðla að vellíðan og bætingu í námi.

Næsti yfirmaður náms- og starfsráðgjafa er skólastjóri. Hlutverk skólastjóra er að vera yfirmaður í Grunnskóla Vestmannaeyja sem er í tveim byggingum þannig það er oft þannig að skólastjóri er ekki á þeim stað hverju sinni að hægt sé að leita til hans með öðrum hætti en tölvupósti eða hringja í hann. Þess vegna hefur náms- og starfsráðgjafi verið í mestum samskiptum við aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra í hvorum skóla fyrir sig.

Helstu verkefni

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa þetta skólaárið var persónuleg ráðgjöf, leiðsögn og fræðsla um skipulagningu tíma og áætlunargerð. Nemendur komu einnig í persónlega ráðgjöf og fræðslu í námstækni, lífstíl og venjum, einbeitingu, úthaldi og til að vinna að því að vera í tilfinningalegu jafnvægi. Einnig hafa verið samskipti við Fjölskyldu- og fræðslusvið vegna barnaverndarmála, sálfræðing vegna nemanda innan skóla, auk þess að vísa nemendum áfram til sálfræðings og koma upplýsingum bæði til geðlækna og sálfræðinga.

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

Mesti þungi starfsins þetta skólaárið hefur verið persónuleg ráðgjöf við nemendur sem eiga við geðræna erfiðleika að stríða, persónulega erfiðleika eða búa við erfiðar heimilisaðstæður. Einnig hefur verið unnið með eftirfarandi þætti á þessu skólaári:

- Stuðningur og ráðgjöf vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla.
- Stuðningur og ráðgjöf vegna erfiðleika í einkalífi.
- Leiðsögn og ráðgjöf um streitu- og kvíðastjórnun.
- Ráðgjöf og aðstoð í eineltismálum eða samskiptavanda.
- Tilvísun og samstarf við sérfræðinga í sértækum málum.
- Hópráðgjöf til þess að styrkja einstaklinginn í námi.

Ráðgjöf, hagsmunagæsla og upplýsingamiðlun vegna sérhæfðra réttindamála

Eins og fram hefur komið er náms- og starfsráðgjafi hagsmunaaðili nemenda, hafa verkefnin að helstu verið fólgin í eftirfarandi:

- Stuðningur við einstaklinga með sérþarfir í samstarfi við aðra fagaðila.
- Mat og greining á úrræðum fyrir einstaklinga með sérþarfir.
- Samstarf við yfirvöld, sérfræðinga og þjónustuaðila í málefnum einstaklinga með sérþarfir.
- Sitja teymisfundi með þeim sem vinna með einstaklingum með sérþarfir.

Ráðgjöf við náms- og starfsval

Nemendur leituðu til náms- og starfsráðgjafa varðandi það að kanna áhugasvið sitt og einnig varðandi val á skóla.

- Veitir upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval.
- Nemendur gátu komið til náms- og starfsráðgjafa og tekið áhugasviðskönnunina Bendil sér að kostnaðarlausu og voru nokkrir sem að nýttu sér það.

Endurmenntun

Réttindanámskeið í Bendil- áhugasviðskönnun. Erfið samskipti stúlkna.

Önnur verkefni

Erindi um vináttu inni í öllum bekkjum 7. bekkjar.

Leggja fyrir ASEBA-mat, sem er forgreiningartæki sem námsráðgjafi getur lagt fyrir til þess að sjá fyrir um hvort að nemandi þurfi á nánari greiningu að halda. Í kjölfarið haldið skilafund með foreldrum eða komið gögnum áfram til sálfræðings ef þörf var á nánari greiningu.

Aðgengi að náms- og starfsráðgjafa

Það er ýmist þannig að nemendur koma inn með beiðni frá kennara, foreldrum eða hafa óskað eftir því sjálfir að koma í viðtöl. Einnig eru nemendur sem að hafa leitast eftir því sjálfir að koma og hafa þá ekki beiðni. Um 10% nemenda Grunnskóla Vestmannaeyja komu í einstaklingsráðgjöf til námsráðgjafa, reglulega í lengri eða skemmri tíma, þá eru ekki taldir með þeir nemendur sem að voru í hópráðgjöf eða þeir bekkir sem náms- og starfsráðgjafi fór og hitti.

Vinnuaðstaða

Vinnuaðstaða er til fyrirmyndar í Barnaskólanum en alls ekki góð í Hamarsskólanum. Í Barnaskólanum er aðstaðan á efstu hæð gamla skólans í notalegu herbergi með góðum aðbúnaði til þess að taka á móti fólki, tölvu, prentara og því helsta sem að náms- og starfsráðgjafi þarf að hafa aðgang að. Í Hamarsskóla er aðstaðan inni á skrifstofu skólastjóra sem er ekki hentug aðstaða fyrir náms- og starfsráðgjafa. En hefur plássleysi í Hamarsskóla orðið til þess að starfsaðstaðan er á skrifstofu skólastjóra. Það hefur verið leyst þannig að skólastjóri er þá í Barnaskóla þegar að náms- og starfsráðgjafi er í Hamarsskóla.

Atriði sem þarf að athuga betur fyrir næsta skólaár

- Það þarf að vera skýr munur á starfi þroskaþjálfra og námsráðgjafa. Að mínu mati er þroskaþjálfri að sinna þáttum sem námsráðgjafi á að sinna eins og t.d. einstaklings og hópráðgjöf. Það er mikilvægt að þessir þættir séu skýrir í starfinu.

- Það mætti athuga hvort að náms- og starfsráðgjafi ætti frekar að vera inni í Hamarsskóla þá daga sem að hjúkrunarfræðingur er ekki til staðar í húsinu og vera þá í aðstöðu hjúkrunarfræðingsins í Hamarsskóla.
- Í upphafi skólaárs væri gott að sjá náms- og starfsráðgjafa með inni í tíma ásamt hverjum umsjónakennara í hverjum bekk fyrir sig frá 2. bekk og uppí 10. bekk. Að kynna náms- og starfsráðgjafastarfið í skólanum og segja nemendum fá því hvert hlutverk náms- og starfsráðgjafa sé.
- Þegar líða fer á önnina væri gott að fá náms- og starfsráðgjafa með skipulag í kennslu í starfsfræðslu í samvinnu við kennara hvers bekkjar fyrir sig í 8., 9. og 10. bekk. Þar sem náms- og starfsráðgjafi skipuleggur starfsfræðslu í samfélagsfræðitímum þannig að hægt sé að vinna framhaldið í samvinnu með umsjónarkennara.
- Náms- og starfsráðgjafi þarf nauðsynlega að fá rými í annað en eingögu persónulega ráðgjöf, vera með hópráðgjöf, námskeið og vera sýnilegri í skólanum og í meiri samvinnu við nemendur, kennara og annað samstarfsfólk.
- Það er óhentugt að vera náms- og starfsráðgjafi í 50% stöðu, það er of lítið starfshlutfall fyrir þetta starf auk þess geta ekki sinnt kennarafundum. Náms- og starfsráðgjafinn vinnur mikið einn og því mikilvægt fyrir hann að ná tengslum við annað samstarfsfólk innan skólans. Þannig ég myndi telja það mikilvægt að leggja upp með það að náms- og starfsráðgjafi geti sótt kennarafundi sé það möguleiki.
- Það er einnig mikilvægt að náms- og starfsráðgjafi fái greiddan bílastyrk til þess að geta farið á milli stofnanna ef að til þess er ætlast.

Skýrsluhöfundur: Friða Hrönn Halldórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Skýrsla stuðningsfulltrúa

Stuðningsfulltrúar í Hs

Hvernig hefur vinnuskipulag starfshópsins gengið í vetur?

Vinnuskipulag hefur gengið vel, gengið ágætlega að manna forföll. Við erum duglegar að láta yfirmenn vita ef við erum á lausu og ef okkur finnst við ekki nýtast nógu vel einhvers staðar.

Nefnið atriði sem þarf að athuga betur fyrir næsta skólaár

Hafa samstarfsfundi hjá stuðningsfulltrúum t.d. hittast einu sinni í mánuði kl. 08:00 í ca. 20 – 30 mín. á meðan yndislestur er í bekkjum.

Meira samstarf mætti vera á milli skóla og íþróttahúss, það sem gerist í íþróttahúsi þ.e. í tímum og í búningasklefa þurfa íþróttakennarar að klára og koma skilaboðum til viðkomandi umsjónarkennara.

Viljum fá meiri upplýsingar um það sem rætt er á kennarafundum og varðar starf okkar og hvað er í vændum í skólanum hverju sinni. Við stuðningsfulltrúar sjáumst nánast einar um útivakt í frímínútum og þurfum að vita ef eitthvað kemur uppá hjá nemendum og ef það þarf að fylgjast með einhverjum sérstökum nemendum.

Okkur finnst of lítið að einn sé á útivakt með heilan árgang því skólalóðin býður ekki uppá það og þá sérstaklega þegar þarf að fylgjast með einhverjum einum nemanda.

Okkur finnst að þær sem séu á matarvakt eigi að borða með börnun það sem er í boði hverju sinni eins og gert er á leikskólanum, höldum að það skapist meiri ró í salnum. Þarf að athuga að hljóðmengun í matsalnum þar er of mikill glymjandi.

Skólalóðin er mjög döpur. Jarðvegur lélegur þar sem myndast mikið af óþarfa pollum. Þyrfti að finna hjólum annað eða betra pláss þar sem mikið er leikið þar sem hjólagrindur eru.

Nefnið atriði sem hafa gengið mjög vel

Samskipti við kennara sem við vinnum með hafa gengið vel. Ánægulegt hvað Fjölgreindaleikarnir gengu vel (hefðum samt viljað fá kynningu á hvað væri í vændum fyrir okkur).

Samstarfsfundir/undirbúningstími; hvernig hafa þeir nýst ykkur í vetur?

Höfum haldið einn samstarfsfund að okkar ósk hann nýttist vel en náðum ekki klára því við vorum, stoppaðar af. Undirbúningstími nýstist vel en það eru ekki allir að fá sinn tíma.

Hvernig hentar vinnuaðstaða ykkar?

Mætti vera betri, en er mjög misjöfn. Stólar sem stuðningsfulltrúum standa til boða margir lélegir. Mikil þrengsli í skólanum t.d. ef þarf að fara með nemenda afsíðis til að taka próf þá er bara hægt að fara fram á gang sem er ekki boðlegt.

Nefnið atriði sem henta sérsaklega vel

Sama og atriði sem hafa gengið mjög vel hér að ofan.

Nefnið atriði sem þarf að huga betur að

Sama og atriði sem þarf að athuga betur hér að ofan.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Hefði verið gott að fá kynningu á þessu verkefni áður en við fórum í þessa vinnu.

Viljum að tekið verði tillit til þess að eftir frímínútur þarf að smala börnunum inn og stundum þarf að gera upp/tilkynna ýmis mál og jafnvel kemur kaffitími í kjölfarið og allt tekur þetta tíma sem kennarar gera sér kannski ekki grein fyrir. Viljum að öllum kennurum sé gerð grein fyrir þessu.

Skýrsluhöfundar: Hjördís Steina Traustadóttir, Lilja Ólafsdóttir,
Íris Huld Gunnarsdóttir og Sesselja Pálsdóttir

Stuðningfulltrúar Bs

Hvernig hefur vinnuskipulag starfshópsins gengið í vetur?

Vinnuskipulag hefur gengið mjög vel, engir árekstrar og gengið vel að manna þegar forföll hafa verið. Við erum duglegar að láta yfirmenn vita ef við erum á lausu og ef okkur finnst við ekki nýtast nógu vel einhvers staðar.

Nefnið atriði sem þarf að athuga betur fyrir næsta skólaár

Skólabíllinn kemur alltof snemma. **Á að koma 10 mínútur í 8 ekki fyrr.** Mjög óþægilegt að vera alltaf í stressi að mæta á undan bílnum.

Gott að vita hver leysir af ef maður fer í frí til að geta undirbúið okkar skjólstæðinga.

Tölvumálin í sérdeildinni eru mjög slæm.

Ítreka þarf við kennara að nemendur í námsveri og sérdeild séu alltaf látnir vita þegar eitthvað er um að vera í bekknum t.d. frjáls tími, fyrirlestur, gönguferð o.fl.

Nefnið atriði sem hafa gengið mjög vel

Upplýsingaflæði hefur lagast mikið. Erum almennt mjög ánægðar með samstarf við kennara.

Gengið vel með okkar skjólstæðinga sem og aðra nemendur skólans.

Eftir að reynsla er komin á Vinnustund finnst okkur það kerfi til batnaðar.

Samstarfsfundir/undirbúningstími; hvernig hafa þeir nýst ykkur í vetur?

Undirbúningstímar hafa nýst okkur vel, bæði við lestur greina, undirbúning við námsefni og spjall okkar á milli. Á starfsdögum er gott þegar stuðningsfulltrúar geta haft sameiginlega fundi eins og verið hefur í vetur.

Samstarfsfundir eru þó of fáir yfir árið, aðeins í byrjun og lok skólaárs.

Hvernig hentar vinnuaðstaða ykkar?

Aðstaðan sjálf er fín en við erum stundum þrjár til fjórar á sama tíma og þá er aðstaðan heldur lítil. Þá þurfum við að leita að öðrum stað til að vera á (st.34, bókasafn o.fl.)
Við komumst þó yfirleitt í tölvur þegar við þurfum í undirbúningstíma. Mætti fara að yfirfara alla vinnustóla fyrir stuðningsfulltrúa og kennara.

Nefnið atriði sem henta sérstaklega vel

Starfið okkar er skemmtilegt og það gengur vel, jákvæðni í hópnum.
Almennt finnst okkur við stuðningsfulltrúar vera í góðu sambandi hvað varðar upplýsingaflæði og annað sem lítur að okkar starfi. Það sem hefur hentað sérlega vel er samvinna okkar á milli og einnig við aðra starfshópa. Gott aðgengi er að skólastjórnendum og gott að leita til þeirra. Starfsandinn er sérstaklega góður.

Nefnið atriði sem þarf að huga betur að

Tölvumálin í skólanum, endurnýja þarf tölvukost í námsveri og sérdeild. Skólabíllinn.

Önnur atriði sem vert er að nefna

Ánægðar að vinnuaðstaða okkar hefur breyst til batnaðar. Betri mæting þyrfti að vera í partýjum, árshátíð og öðrum uppákomum. Það myndi efla starfsandann upp í 100%

Skýrsluhöfundar: Guðbjörg Lilja Þórarinsdóttir, G. Karen Tryggvadóttir, Kolbrún Ævarsdóttir, Rut Ágústsdóttir og Sigríður Vigdís Ólafsdóttir

Skýrslur fagstjóra

Skýrsla fagstjóra í íslensku 1. -5. bekk

Fyrsti fagfundur vetrarins og jafnframt fyrsti fundur fagstjóra var í september 2016. Fjórir fagfundir voru haldnir á skólaárinu og mæting mjög góð og umræður miklar og gagnlegar. Hér verður stiklað á því helsta.

Markmið, námsáætlanir og námsefni

Fagstjóri prentaði út markmið í íslensku fyrir hvern árgang og lét kennara fá. Kennararnir voru sammála um að það mætti gera betur í þessum málum. Bækur er að stýra kennslu of mikið. Það er þó mikilvægt að gefa kennurum tíma og tækifæri til að skipuleggja og gera kennsluáætlanir út frá markmiðum. Þetta krefst mikillar vinnu og verða kennarar að fá tíma til að undirbúa það og sinna því vel! Fagstjórar í íslensku fóru yfir allar námsáætlanir og þurfum við að gera betur þar. Vægi námsþátta er ekki alltaf í réttum hlutfalli og best er að horfa til viðmiða í samræmdu prófum. Allir íslenskukennarr ættu að hafa þessi viðmið:

4. bekkur	7. bekkur	10. bekkur
Íslenska Stafsetning 15% Lestur (og bókmenntir) 50% Málnotkun (málfræði) 25% Ritun 10%	Íslenska Stafsetning 15% Lestur (og bókmenntir) 40% Málnotkun (málfræði) 35% Ritun 10%	Íslenska Málfræði 25% Lestur (og bókmenntir) 55% Ritun 20%

Komið er nýtt námsefni í íslensku sem fagstjóri vill að árgangar skoði að nota næsta vetur. Lesrún 2 er væntanleg, Flökkuskinna, Orðspor 1, Sestu og lestu svo dæmi séu tekin.

Lestur

Mikil umræða um hvernig sinna eigi lestri betur á skólatíma. Ekki eru allir kennarar að ná að láta nemendur lesa í skólanum a.m.k. 3x eins og mælst er til í lestrarstefnunni. Margir kennarar eru í tímaþröng og fá litla sem enga aðstoð inn í bekk til að sinna þessu betur. Lestrarömmur/þjálfarar eru afar hjálpsamir í þessari þjálfun en það þyrftu fleiri til.

- Upp kom sú hugmynd að allir kennarar fengju aukatíma í töflu til að sinna lestri þá t.d. í öðrum bekkjum.
- Nemendur eru að lesa í alls kyns verkefnum daglega í skólanum þó það sé ekki í lestrarbókinni þeirra. Það gæti verið góð lausn að útbúa límmiða eða stimpil þar sem nemendur líma inn í lestrarhestinn þá lestrarvinnu sem fór fram í skólanum: t.d. samlestur hjá umsjónarkennar o.s.frv.
- Skólinn þarf að vinna markvissara með lesskilning, vantar fleiri verkefni og próf því prófin í Mentor eru þung. Spurning um þróunar/teymishóp sem vinnur þetta áfram? Fagstjórar fengu í gegn að farið verið markviss í vinnu með lesskilning næsta vetur. Allir íslenskukennara fengu eintak af bókinni eflum lesskilning til að lesa og skoða í sumar. Í samráði við stjórnendur verður vonandi farið í markvissa vinnu næsta vetur.
- Heimalestri er að mestu leyti vel sinnt. Einhverjir kennarar fóru þá leið að merkja í dagbók nem hversu oft þeir lesa heima í mánuði. Með því varð aðhaldið enn betra og tóku sumir foreldrar/nemendur betur við sér. Það er þó mikilvægt að kennarar samræmi sig betur í þessum málum og geri raunhæfar kröfur á heimilin hvað þetta varðar. Hversu oft í mánuði er hægt að ætlast til að nemendur lesi heima? Þessi umræða mun halda áfram næsta vetur en línur þurfa að vera skýrar fyrir alla kennara og öll heimili.
- Lestrarsprettir eru að festast enn betur í sessi í flestum árgöngum. Kennarar voru sammála því að hafa eitthvað sýnilegt hvatakerfi upp á veggjum í kringum sprettina, sbr. Fiskabúrið í 4. bekk og indíánapemað í 3. bekk. Ákveðið var þó að breyta lestrarprófunum fyrir og eftir sprett. Kennarar koma sjálfir að þeim prófum og fóru sumir þá leið að merkja hversu langt barn las í texta fyrir sprett og svo eftir sprett. Það er fullmikil vinna að lestrarprófa fyrir og eftir lestrarsprett og mikilvægt að kennarar finni sinn farveg í þessu.

Dagur íslenskrar tungu

Unnið var með uppáhaldsbókina. Allir nemendur teiknuðu mynd af þeirri bók og eldri nemendur skrifuðu um bókina. Fyrsti bekkur bjó til eina stóra ævintýrabók sem kom mjög vel út. Verkefnin voru misvel unnin og fáir bekkir höfðu verkefnin sýnileg upp á vegg. Bekkirirnir sungu keðjusöng á göngum sem kom vel út. Fagstjóri vill meiri vinnu í kringum dag íslenskrar tungu næsta vetur!

Litla upplestrarkeppnin

Fórum hægt og of seint af stað sökum mikilla anna í 4. bekk. Fengum upplesara úr 7. bekk í heimsókn sem var virkilega skemmtilegt. Ekki gafst tími til lokahátíðar en vonandi náum við að þróa þessa vinnu betur næsta vetur.

Framsögn

Margir kennarar eru að huga vel að framsögn en þjálfun má vera meiri í öllum árgöngum. Það er mikilvægt að kennarar þjálfu nemendur af og til í eldri bekkjum þannig að nemendur viti hvað til þeirra er ætlast í framsögn. 5. bekkir tóku framsagnarpróf sem gengu ágætlega en þjálfun hefði þurft að vera meiri og markvissari.

Ritun

Í vetur skapaðist mikil umræða um ritun og skrift. 3. bekkur notaðist við regnbogaritun í kennslu sem gekk vel. Kennarar voru sammála því að byrja strax í 1. bekk með ritun, í tengslum við heimalestur og heimavinnu sem og verkefni í skólanum. Nemendur í 1. HRN æfðu sig að skrifa 100 algengustu orðin út frá upplestri sem gekk vel. Undir lok skólaársins voru þeir farnir að skrifa niður setningar eftir upplestri. Skrift þarf að kenna markvisst þannig að nemendur læri réttan stafadrátt. Misjafnt á milli kennara og árganga hversu mikil áhersla var á skrift.

Bókasöfnin

Kristín á skólabókasafninu útbjó Drekaflokk í samstarfi við Höllu Andersen og Möggu Betu. 3. M.K. byrjaði í þessari vinnu og var greininlegt að þetta höfðaði til þeirra. Allir vildu komast í næsta drekaflokk og verða drekameistari. Frábært framtak sem verður gaman að sjá áfram í þróun. Drífa Þöll á Bæjarbókasafni VM óskar eftir samstarfi við skólann. 4. bekkur gerði verkefni í samstarfi við Bókasafn VM og voru verkin til sýnis í Einarstofu í nokkrar vikur. Drífa og Helga Sigrún ætla í samstarf í haust út frá verkefninu Fágæti og furðuverk.

Sumarlestrarhestur og foreldrapóstur

Sumarlestrarbingó gafst vel síðasta sumar og var ákveðið að senda það aftur heim í vor. Auk þess skrifaði fagstjóri hvatningarpóst heim fyrir sumarið þar sem foreldrar fengu hugmyndir af æfingum og verkefnum til að þjálfa í lestri.

Skýrsluhöfundur: Helga Sigrún Þórsdóttir, fagstjóri í íslensku

Skýrsla fagstjóra í íslensku 6. -10. bekkur

Í þessari skýrslu er samantekt fagfunda í íslensku og öðru er tengist fagstjórn veturinn 2015-2016. Veturinn hófst á því að Drífa Gunnarsdóttir kennari, fagstjóri í íslensku og deildarstjóri í Njarðvíkurskóla kom og kynnti starf íslenskukennarans í Njarðvíkurskóla. Fengum við gögn sem við gátum nýtt okkur.

Lestarið var teknir í notkun á öllum stigum og giltu til einkunnar en þetta tókum við upp eftir Njarðvíkurskóla. Eftirfylgni er þó ekki eins mikil í GRV og þar. Minnt var á vægi námsþátta en lagt er til að vægi lesturs og bókmennta sé mest og vægi málfræðinnar minnst. Fagstjóri útbjó mjög ítarlega kennsluáætlun í íslensku fyrir 8. bekk sem stóðst nokkurn veginn.

Smáforritið Snjallfinnur var kynnt til sögunnar og er það ókeypis. Snjallfinnur er aðgengilegur í Google Play Store og er hannað sem ítarefni með Málfinni, lítilli málfræðibók. Í Snjallfinni eru 500 fjölvals-verkefni tengd málfræði og málnotkun. Forritið er hannað fyrir síma og spjaldtölvur með Android-stýrikerfi. Útgáfa fyrir iOS-farsíma og spjaldtölvur er væntanleg innan skamms.

Lína ritari ljósritaði sk. Vogaskólamöppuna - s.s. lestrarprófin og verkefnabanka *Tungutaks*, ætlaður 8. - 10. bekk og benti fagstjóri íslenskukennurum á heimasíðu Holtaskóla í Keflavík en á þeirri síðu er að finna m.a. gátlista í íslensku <http://www.holtaskoli.is/Nemendur/Gatlistar/> Holtaskóli er einnig með mjög áhugaverða lestrarstefnu sem vert er að skoða.

Þetta gerðum við á degi íslenskrar tungu:

- **6. b.** vann með málshætti – þýðingu og myndrænt A5 blöð.
- **7. b.** æfði upplestur og fór í yngri bekki HS/ leikskóla.
- **8. b. – 10. b.** Vann með Laxness í 8. – 10. bekk. 60 ár frá Nóbelsverðlaunum.
- Kynna Laxness, ath. stafsetninguna, smásögur, kafla úr sögum. Ari Eldjárn, mæta í þjóðlegum búningum/húfum. Sýna kvikmyndir. Gljúfrasteinn umfjöllun.

Íslenskukennarar á unglingastigi mættu í þjóðlegum fatnaði. Ekki var efnt til ljóð- eða smásögukeppni þetta árið þar sem fagstjóri sá ekki að hann hefði tíma til að undirbúa og fara yfir það efni sem bærisk til keppinnar auk þess að finna til verðlaun og viðurkenningaskjöl. Fagstjóri lagði til að útbúnað yrði sérstakur hillur á bókasafni og íslensku efni flokkað eftir árgöngum. Því miður hefur ekki verið ráðist í þetta verkefni en vonandi verður það gert fyrir en síðar. Í lok skýrslu má sjá tillögur að flokkuninni.

Á fagfundi í febrúar samþykktu íslenskukennarar ný viðmið í sambandi við fjölda lesinna blaðsíðna í lestarhesti en þeim fannst fyrri viðmið sem höfðu miðast við Njarðvíkurskóla allt of lág og enginn vandi að ná þeim. Eftirfarandi viðmið voru samþykkt (form er klárt fyrir nk. vetur) og að lestarhestur gildir áfram til einkunnar. Þetta má auðvitað endurskoða í haust.

- 8. bekkur er með 500 bls. fer í 800 bls. á önn.
- 9. bekkur er með 600 bls. fer í 900 bls. önn.
- 10. bekkur er með 700 bls. fer í 1000 bls. á önn.
- 5. 6. og 7. bekk, viðmið 500, 600 700 + fylla rétt út.
- Gildir 5% á önn í lestur og bókmenntir.
- Til að fá 10 þarf að lesa + fylla rétt út, sjá lestarhest nk. haust.
- Hafa vikurnar 15 á hvorri önn.

Ekki var áhugi fyrir lestarátaki í árgöngum í febrúar – en vel má skoða það fyrir næsta ár þ.e. að fagstjóri stýri því að einhverju leyti. Íslenskukennurum þykja Orðarún lesskilningsprófin erfið en mjög góð greiningarpróf. Fagstjóri lagði til að þau giltu ekki meira en 5% af lestar- og bókmenntareinkunn. Fagstjóri kynnti fyrir kennurum nýja lestarbók á Skólavefnum fyrir unglingastig en það eru 27 sögur og lagði fagstjóri til að 8. bekkur tæki sögu 1 – 9, 9. bekkur sögur 10 – 19 og 10. bekkur sögur 20 – 27. Þetta eru lesskilningsverkefni. Unglingastigskennarar gerðu þær athugasemdir við lestarstefnu GRV að á hana vantaði námsbækur þ.e. lesefni, í öðrum fögum en íslensku og að það væri ekki einkamál íslenskukennarans að sjá um að nemendur læsu á unglingastigi. Einnig fannst kennurum ekki hægt að gera kröfu á að nemendur læsu í jóla- og páskafríum þó mælt væri til þess.

Bent var á eftirfarandi námsefni og námsvefi fyrir miðstig (yngsta stig): **Orðspor, Flökkuskinnu, Söguskinnu, Sögustein, Óskastenn og Völustein** en ítarlegar kennsluleiðbeiningar eru mms.is með þessu efni.

Á fagfundi í apríl boðaði fagstjóri alla íslenskukennara í 5. – 10. bekk á fagfund (núverandi og tilvonandi) til að fara yfir áherslur í árgöngum, markmið og námsefni. Ekki sáu sér allir fært að mæta en eftirfarandi kom út úr fundinum: Áherslur í árgöngum:

- 5. bekkur -
- 6. bekkur – lestur, bókmenntir, no. so. , lo. og ritun stafsetning, framsögn.
- 7. bekkur – lestur, bókmenntir, no. so. lo. fn. ritun og stafsetning og framsögn.
- 8. bekkur - lestur og bókmenntir, fallorð, ritun og stafsetning.
- 9. bekkur - lestur, ritun, bókmenntir , sagnorð.
- 10. bekkur – lestur, bókmenntir, setningarfræði, ritun og stafsetning.

Á þeim fundi koma fram að kennurum í Bs. finnst þeir þurfa meiri aðstoð til að fylgja eftir heimalestri ef við ætlum að vera fylgin okkur í þessum efnum. Lagt var til að deildarstjóri eða einhver kennari fengi það hlutverk. Fagstjóri er mjög spenntur fyrir námsmöppum/safnmöppum/ferilmöppum (sjá t.d. í *Námsmat með áherslu á leiðsagnarmat* – Þóra Björk Jónsdóttir) í öllum árgöngum (gilda 10% af lokaeinkunn á önn eða einhvers konar annað mat) og telur að með tilkomu nýja námsefnisins *Logar, Neistar, Kveikju, Orðspor, Sérðu það*

sem ég sé, Mér er í mun og Með fjaðrabliki, Flökku- og Söguskinna o.fl. sé það nauðsynlegt. Til dæmis vinna nemendur verkefni í tíma (þess vegna uppkast) sem hægt er að kalla eftir til að skila síðar. Eða nemendur velja sér t.d. 10 verkefni og skrifa af hverju þeir völdu þau. Jafnvel að í möppunni þurfi að vera x mörg verkefni yfir önn en möguleikarnir eru margir Á þessum fagfundi í apríl var einnig farið yfir námsefni árganga, grunn- og ítarefni. Listinn er hér fyrir neðan og er ekki tæmandi. Huga þarf að hæfniviðmiðum allra árganga þegar áætlanir eru unnar.

- **10. bekkur:** *Logar, Mér er í mun, Korku - saga, Íslendingasögur (Gísla saga/Grettis saga), Englar alheimsins, Málið í mark - smáorð*(Skerpa 3, Mályrkja 3, gb. + vb. 1 og 2 + Finnur, Tungutak).
- **9. bekkur:** *Neistar, Með fjaðrabliki, Laxdæla, Milljón holur, Málið í mark – ½ sagnorð-seinni hluti, Málið í mark – smáorð, goðsögur, (Skerpa 2, Mályrkja 2, gb. + vb. 1 og 2 + Finnur, Tungutak).*
- **8. bekkur:** *Kveikjur x2, Sérðu það sem ég sé, Gunnlaugs saga, Málið í mark – fallorð, ½ sagnorð, Málið í mark, Galdrasteinn/Draugaslóð, þjóðsögur, (Skerpa 1, Mályrkja 2, gb. + vb. 1 og 2 + Finnur, Tungutak).*
- **7. bekkur:** *Skrudda vb.gb. Málrækt 3, Mál er miðill, Grænkápa, Röndóttir spóar, (hvíla ekki ritgerðarbók)/Leikur á borði, Áfram Óli - smásögur. Galdrasteinn gæti komið hér inn.Vandamálið – ítarefni.*
- **6. bekkur:** *Söguskinna. (6.b.) nýtt fyrir veturinn 2016-2017.* Kennsluleiðbeiningar og hljóðbók á leiðinni. *Rauðkápa, Grannar, Benjamín dúfa, Grillaðir bananar (ekki ritgerðarbók), Skræða,gb. vb. Mál í mótun, Málrækt 2, Vandamálið - ítarefni*
- **5. bekkur:** *Flökkuskinna.* Til : rafbók, hljóðbók, kennsluleiðbeiningar **Orðspor 1 – nýtt.** *Til rafbók, hljóðbók, vinnubók, kennsluleiðbeiningar. Kóngar í ríki sínu (hvíla, ekki nota sem ritgerðarbók), Mál til komið, Málrækt, Skinna 2, Vandamálið – ítarefni.*
- Vonandi kemur e-ð nýtt efni fyrir 7. bekk fyrir næsta vetur – ef ekki gætu 6. og 7. skipt *Söguskinnu* með sér fyrir/eftir jól og 5. og 6. bekkur skipt með sér **Flökkuskinnu** og **Orðspori. Sögusteinn, Óskasteinn og Völusteinn** tilheyra HS.

Enn og aftur var talað um vægi námsþátta og viðmið samræmdra próf sýnd og bent á að best væri að hafa þrjár aðskildar verkefnaöppur þ.e. lestur og bókmenntir, ritun og stafsetningu og málfræði. Vægi prófþátta á samræmdum prófum eru eftirfarandi og ættu allir íslenskukennarar að hafa þau að viðmiði:

4. bekkur Íslenska	7. bekkur Íslenska	10. bekkur Íslenska
Stafsetning 15% Lestur og (bókmenntir) 50% Málnotkun/(málfræði) 25% Ritun 10%	Stafsetning 15% Lestur 40% Málnotkun/málfræði 35% Ritun 10%	Málfræði 25% Lestur og bókmenntir 55% Ritun 20%

Yfirlitspróf að vori gilda skv. fundargerð kennarafundar 9. sept. 2015 og skal steypa verkefnaöppunum þrem saman, búin til sér mappa fyrir yfirlitspróf og hún svo látin gilda á móti.

Yfirlitspróf

- Gildir 10 % í 2.- 4. bekk
- Gildir 15 % í 5. - 7. bekk
- Gildir 20% í 8.- 10. bekk

Einnig ræddum við að í öllum fögum í 6. – 10. bekk þyrftu nemendur að vísa í heimildir og kennarar þurfa þá að sjálfsögðu að sýna nemendum og hafa á fyrirmælablaði hvernig það er gert, alltaf.

Fagstjóri kynnti og lét ljósrita fyrir alla tungumálakenna verkefnabanka úr M.Ed ritgerð sem heitir Útikennsla í tungumálanámi og er á skemman.is . Einnig endurgerði fagstjóri sumarlestrarhest og sendi öllum kennurum í BS. Auk þess sem fagstjóri í HS fékk afrit og mælst var til að núverandi 5. bekkur nýtti sér hann. Ekki voru styrktaraðilar með að þessu sinni þar sem fagstjóri hafði ekki tíma til að sníkja styrki. Deildarstjóri ætlar svo að fylgja þessu eftir og senda póst á alla foreldra í Bs. og hafa lestrarhestinn í viðhengi. Hann mun einnig fylgja með í vitnisburðarumslagi hjá þeim sem ekki eru þegar búnir að láta nemendur hafa. Fagstjóri benti íslenskukennurum á endurmenntunarnámskeið á vegum HÍ þar sem Þórunn Blöndal var í forsvari. Hugmynd var að fá hana haustið 2016 fyrir íslenskukennara.

Beiðni kom um að halda fagfund á vordögum með öllum íslenskukennurum þar sem fagstjórar beggja skóla kæmu áherslum sínum á framfæri. Þetta var ekki framkvæmanlegt en fagstjórar bekkja húsa hittust á vordögum, útbjuggu smá pistil um námsefni, námsmat og áherslur og sendu öllum núverandi og verðandi íslenskukennurum auk stjórnendum.

Fagstjóri sá einnig um að æfa upplesara sem kepptu í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var á Hellu þetta árið. Var það skemmtilegt verkefni sem heppnaðist vel.


Hillur með íslenskubókum á bókasafni – desember 2015

10. bekkur	9. bekkur	8. bekkur	7. bekkur	6. bekkur
Logar Mér er í mun – (bókmenntir) Korku saga Englar alheimsins Gísla saga Gauragangur Vinur, sonur, bróðir Mályrkja 3	Neistar Smásögur: Áfram Óli 6. – 10. bekk sjá kennslul. Heil brú Smásagnasmáræði Með fjaðrabliki – (bókmenntir) Milljón holur Laxdæla Grettis saga Djöflaeyjan Tara Mályrkja 2	Kveikjur – verkefna – og lesbók Sérðu það sem ég sé – (bókmenntir nýtt) Gunnlaugs saga Draugaslóð (Hrafnkels saga – reyndar lesin í FIV síðast þegar ég vissi) Mályrkja 1	Röndóttir spóar Eldgos í garðinum Galdrasteinn Trunt, trunt og tröll - þjóðsögur Bókasafn ömmu Huldar Gúmmískór með gati – frábærar smásögur	Söguskinna Orðspor Snorra saga Grillaðir bananar Benjamín dúfa Leikur á borði Fjör í Eyjum Grannar Íslenska og samfélagsfræði: 1. Óðinn og bræður hans 2. Lífið í Ásgarði 3. Miðaldafólk á ferð Njála – stutta útgáfan

Skýrsluhöfundur: Svanhvít Friðþjófsdóttir fagstjóri í íslensku á eldra stigi

Skýrsla fagstjóra í stærðfræði

Fagstjóri á unglingastigi hætti kennslu um áramót og fagstjóri á yngra stigi fór í barneignarleyfi í lok apríl og ekki náðist að vinna lokaskýrslu.



Skýrsla fagstjóra í ensku

Fagfundir voru þrír á árinu, tveir á haustönn og einn langur á vorönn(sjá k-drif-fagstjórn enska:fagfundir)

Megináherslur vetrarins

- Útbúa gátlista á miðstigi og unglingastigi sem gagnast foreldrum og nemendum í skipulagi og uppbyggingu og jafnframt geta fylgst með framvindu í náminu.
- Auka lestur hjá öllum aldurshópum og þá jafnframt að hafa fjölreyttara val í lestri(blöð, greinar, fræðilegt efni, bækur o.fl.).
- Nýtt námsefni: á miðstigi var bókin Ready for Action í fyrsta skipti notuð en jafnframt lagt upp með að auka lestur á ensku á miðstigi og leggja meiri áherslu á framsögn og tjáningu. Notuðum bæði Build up og Topic books með öðru efni sem þótti takast vel.
- Spotlight aðalnámsefni á unglingastigi en jafnframt bæði lesnar bækur, greinar og fræðiefni til að auka orðaforða og málvitund.
- Þemaverkefni unnin hjá öllum hópum nema 10.bekk sem vann í staðinn nokkur smærri verkefni.
- Vægi bókmennta meira á unglingastigi en áður, allir hópar skiluðu nokkuð viðamiklu bókmenntaverkefni.
- Endurskoðun námsefnis hófst í vetur, þurfum að halda þeirri vinnu áfram næsta vetur.
- Fagstjóri fékk að kaupa nokkuð af bókum fyrir nemendur frá 5. -10. bekk og er það af hinu góða. Við höldum áfram þeirri vinnu næsta vetur og þá jafnvel í samstarfi við Bæjarbókasafnið.
- Notkun spjaldtölva hefur gefist vel í enskukennslu og væri gott að útbúa síðu sem kennarar geta notað, þar sem hægt væri að setja inn slóðir að skemmtilegum síðum eða hugmyndir að verkefnum sem unnin eru í spjaldtölvu.

Mentor, skipulag verkefnabóka

Notuðum svipað skipulag og í fyrra. Á unglingastigi vorum við með námsþætti aðskilda í verkefnabókum en skiptar skoðanir um framsetninguna. Sumir voru ánægðir að sjá hvern þátt fyrir sig og vissulega hagræðing fyrir kennara. Nemendur og foreldrar voru sumir hverjir ekki ánægðir og fannst að betra væri að hafa færri möppur til að hafa betri yfirsýn. Verkefnabækur skal skipuleggja í byrjun skólaárs og skipta eftir námsþáttum: hlustun, ritun, orðaforða, lesskilning og tali/framsögn. Hugsanlega væri betra að hafa t.d. tvo þætti í hverri möppu(ritun/hlustun, lesskiln/orðaforði).

Vægi hvers þáttar er 20% á unglingastigi. Kennarar ráða hvaða verkefni eru metin fyrir hvern þátt, en hugmyndir að verkefnum má finna í skjalinu: **k-drif Fagastjórn enska: Mentor verkefnabækur skipulag.**

ATH: skólaárið er metið í heild þó að leyfilegt sé að búa til verkefnabækur fyrir haust- og vorannir.

Námsmat

Í haust var ákveðið að nota símat; kaflapróf, örpróf og leiðsagnarmat allt árið. Flestir sammála um að líka væri gott að hafa lokapróf. Jafnframt að auka framsögn og tjáningu og bjóða nemendum uppá munnleg próf í þeim þáttum.

- Lokapróf var tekið í 8. bekk í öllum þáttum og gildi það 10% af lokaeinkunn
- Lokapróf var tekið í 9. bekk í öllum þáttum og gildi það 15% af lokaeinkunn
- Lokapróf var tekið í 10. bekk í öllum þáttum og gildi það 20% af lokaeinkunn

Annað

Kennsla og samstarf hefur gengið nokkuð vel í öllum hópum á mið- og unglingastigi. Komin er góð reynsla af námsefninu Spotlight og hægt er að vinna fjölbreytt og gott starf með því þó þarf að huga betur að ítarefni fyrir getumikla nemendur og þá sérstakleg nemendur í 10.bekk.

Sú breyting var gerð í vetur að nemendur í 9. og 10.bekk eru ekki lengur í ferðum heldur er kennt í bekkjum og held ég flestir séu ánægðir með það.

Fyrirkomulagið var mjög vinsælt hjá nemendum en þeir unnu þó misvel. Ekki finnst mér að allir nemendurnir hafa þroska til að vinna saman í svona hóp þó að getan sé til staðar.

Getulitlir nemendur í ensku verða svolítið útundan og oft erfitt að mæta þörfum þeirra sem verst eru staddir. Spurning hvort þeir séu betur sett í námsveri? Æskilegt væri að grípa miklu fyrr inn í tungumálanám hjá nemendum með mikla námsörðuguleika og skapa virkt stuðningsnet frá unga aldri.

Í 10. bekknum voru margir hæfileikaríkir námsmenn sem unnu frábær verkefni og stóðu sig vel. Fagstjóri hefur fullan hug á samstarfi við FÍV um hvernig hægt sé að mæta námslega sterkum nemendum með hæfilega krefjandi verkefnum. Ég hef rætt við enskukennara þar og fengið kennsluáætlun þeirra í ensku 103, sem við munum nýta okkur næsta vetur.

Samantekt

Í heildina hefur skólaárið gengið nokkuð vel en við þurfum að styrkja samstarf við Hamarsskóla næsta skólaár. Kennarar yngri bekkja mæta sjaldan á fagfundi og fagstjóri hafði ekki tök á að vera með sér fund þar. Auk þess væri gaman að geta sett upp skipulag fyrir 1. – 5. bekk þar sem settar væru fram áherslur fyrir hvern árgang, þó ekki sé um eiginlegar kennslustundir í ensku að ræða í yngstu bekkjunum. Fagstjóri vill líka efla til muna samstarf við FÍV til að geta mætt þörfum námslega sterkra nemenda með tillit til nýrrar aðalnámskrár. Hugsa þarf betur að ítarefni í öllum árgöngum á mið- og unglingastigi og jafnframt að huga að námstækni og frekari hvatningu í náminu.

Hugsanlega væri hægt að setja upp þróunarhóp í ensku í framtíðinni sem gæti einbeitt sér að byggja upp og bæta leiðir til að efla nemendur. Það mætti gera t.d. með því að skoða nýtt námsefni, nýjar leiðir í kennslu, skipulag, frekara samstarf skóla, kennara, stofnana og skólaheimsóknir til að kynna sér hvaða leiðir eru farnar í öðrum skólum.

Þá er afar mikilvægt að byggja upp gott heildarskipulag í enskukennslu sem tekur mið af námi frá 1. - 10. bekkja og að tungumálakennarar séu reyndir í sínu fagi en ekki sé verið að þjálfa upp nýtt starfsfólk á hverju ári.

Skýrsluhöfundur: Lára Skæringsdóttir fagstjóri í ensku

Skýrsla fagstjóra í dönsku

Áherslurnar í skólastarfinu

Dönskukennslan hefur gengið ágætlega hjá okkur í vetur. Við berjumst enn fyrir viðurkenningu tungumálsins sem áhugaverðu fagi hjá nemendum okkar en það hefur batnað til muna sl. ár. Töluvert munar um að byrja kennsluna í 6. bekk þó svo að hún nemi aðeins 40 mínútum á viku.

Nemendur í 6. og 7. bekk eru flestir mjög ánægðir með dönskutímana og sérstaklega áhugasamir um fagið. Sumum nemendum finnst danskan skemmtilegasta fagið í skólanum. Eins hafa kennarar fengið hrós fyrir dönskukennsluna frá foreldrum, þannig að þetta er allt að koma. Ég sem fagstjóri tók við góðu búi og reyndi að halda áfram því góða starfi sem hefur verið unnið sl. ár í dönskukennslunni ásamt því að kynna þær nýjungar sem eru í boði. Sem dæmi voru kennarar hvattir til að nýta ýmis sniðug tölvuforrit sem hafa verið að koma inn sl. mánuði og ár. Guðbjörg Guðmanns var með góð örnámskeið í þessum forritum sem hjálpaði okkur að komast af stað og vera ófeimin við að prófa okkur áfram.




Kennarahópur

Samstarfsfundir gengu vel, sértaklega þar sem kennarar kenndu tvo áfanga í stað eins í sama árgangi, mun auðveldara að hittast og skipuleggja námið. Í 10. bekk kenndu Guðbjörg og Dóra Hanna, í 9. bekk kenndu Dóra Hanna og Guðbjörg, í 8. bekk kenndu Dóra Hanna og Evelyn, í 7. bekk kenndu Guðbjörg og Dóra Hanna og í 6. bekk kenndu Magnús og Lóa. Við Guðbjörg unnum mest saman þar sem við vorum með þrjá árganga og gekk það samstarf mjög vel.

Fagfundir – Samantekt

Fagfundur (7. okt.2015) Við tókum stöðuna á því hvernig skólaárið hafi byrjað í dönskukennslunni, hvernig gengi hjá kennurum, eins hvort þeir hafi nýtt sér útikennslu í góða veðrinu í byrjun skólaársins og einnig komum við með hugmyndir að útikennslunni fyrir Lóu og Magnús (krossglímur, hugtakakort, tölubingó, orðabingó, lita-, mánaðar- og dagaleiki). Skólabyrjunin gekk vel hjá öllum og allir sátir eins og er. Við nýttum okkur áfram facebooksíðu (Dönskukennarar í GRV) sem hefur nýst okkur vel í vetur, bæði upp á að deila hugmyndum sem og að koma skilaboðum áleiðis til kennaranna sem eru að kenna dönsku þennan veturinn. Facebook síðan „Dönskukennarar“ er svo önnur síða sem ég og aðrir dönskukennarar um allt land hafa nýtt sér til að bera saman bækur okkar í sambandi við kennsluna sem og deila ýmsum hugmyndum sem hægt er að nýta sér í kennslunni. Einnig til að auglýsa fundi og námskeið fyrir dönskukennara ásamt því að fá ráðleggingar og fleira. Fórum yfir spjaldtölvurnar og hvernig hægt væri að nýta þær og/eða síma nemenda í dönskukennslunni, nota google translate sem orðabók, fara inn á www.nams.is og fara á danska leikjavefi eða fara inn á www.skolavefurinn.is í málfræðiæfingar.



Ég minnti kennara á að gera dönskuna eins sýnilega og hægt væri í skólastofunum sem og á göngum skólans. Á þessum tíma voru komin upp ýmis skemmtileg veggverkefni sem við ætluðum svo að fjölga um veturinn.

Fagfundur (2.mars 2016) Ég kynnti fyrir samstarfskennurunum nýjan dönskuvef sem var nýkominn í loftið: http://www1.nams.is/lige_i_lommen/#

Lige i lommen - vefur

Vefurinn *Lige i lommen* er ætlaður nemendum í 7. - 10. bekk. Hann skiptist upp í sex þemu; bevægelse, velfærd, kommunikation, fremtidsdrømme, mystik og Danmark. Áhersla er á hlustun, tal og samvinnu. Fjölbreytt verkefni eru á vefnum en töluverð áhersla er á notkun snjallsíma við lausn þeirra. Mörg verkefni ganga út á að nýta verkfæri á netinu sem eru án endurgjalds. Í hverju þema eru verkefni sem nefnast Ekstra og geta nemendur unnið þau frekar sjálfstætt. Einnig eru verkefni sem nefnast Lærerværelset og krefjast þau innlagnar kennara. Leiðbeiningar og greinagóðar upplýsingar um framkvæmd fylgja hverju og einu verkefni. Þetta er mjög spennandi vefur og kennararnir voru spenntir á að nýta sér eitthvað í sína kennslu í vetur eða næsta vetur.

Myndum með dönsku tali og/eða texta hefur fjölgað inn á svæðið okkar: Media player, barnaskóli, myndbönd. En það vantar töluvert upp á að það virki nógu vel.

Aðeins örfáar myndir voru settar inn á svæðið. Það er óþægilegt að geta ekki haft sér möppur fyrir mismunandi fög, t.d. eina fyrir dönskuna og aðra fyrir enskuna o.s.frv. Ég hef óskað eftir að þetta verði skoðað. Við ræddum að Kahoot forritið væri sniðugt að nýta við kennslu og að við gætum sjálf búið til sniðugar Kahoot spurningar tengdar dönskunni. Margir eru komnir vel á veg og eru að nýta sér í kennslu.

Ég sagði aðeins frá dönskufundinum sem ég fór á í Háskóla Reykjavíkur þann 9. október sl. þar sem að kynnt var ný námsbók fyrir framhaldsskólanemendur. Meistaránemar kynntu rannsókn sína á dönskunámi og spjallað var almennt um dönskukennslu og það að dönskukennslan yrði að fá meira vægi en hún hefur í skólum landins.

Minnti fólk á að **vista próf og verkefni** í prófabankann okkar á k-drifinu undir dönskumöppunni okkar.

Fagfundur (18.maí 2016)

Síðasti fagfundur fór fram með netsamskiptum, kennarar sendu mér samantekt vetrarins.

Allir kennararnir voru ánægðir með skólaárið, kennslan gekk vel, af nægu að taka. Unnið var ýmist í kennslubókum, kennsluheftum, spjaldtölvum, snjallsímum og tölvum, myndbönd og þættir af www.dr.dk, útikennsla, hópavinna, þemaverkefni, gripið í Kahoot til að skerpa á námsþemum vetrarins, Wix heimasíðugerð á dönsku með 10. bekk, Socrative próf og fleira.



Lokaorð

Ég er frekar sátt við skólaárið í heild sinni, kennslan gekk að mestu leyti vel og flestir nemendur áhugasamir og duglegir. Við þurfum samt sem áður að bæta við í dönskukennslunni, annað hvort með því að byrja fyrr eða auka tímafjölda. Ef ekki þá verður að breyta viðmiðunum í dönsku í aðalnámskránni. Það gengur ekki að hafa t.d. sömu lokamarkmið í ensku og dönsku í 10. bekk. Nemendur eru engan veginn komnir á sama stað í þessum tungumálum þar sem byrjað er mun fyrr að kenna ensku, auk þess er enskan allt í kringum nemendur, í sjónvarpi, útvarpi, tónlist, á ferðalögum, netinu, tölvuleikjum.

Ósk okkar dönskukennara er að geta byrjað enn fyrr í dönskukennslu með smá kynningu á grunnþáttunum jafnt og þétt í gegnum skólagöngu nemandanna. Hægt væri t.d. að byrja á vorönn í 1. bekk að umsjónarkennari skrifaði t.d. á töfluna dagsetningu dagsins í dag á dönsku um leið og hann skrifar hana á íslensku. Dæmi=mánudagur 12. maí 2016 / mandag den 12. maj 2016. Svona smáatriði gætu skipt miklu máli í grunninn og hjálpað til við að efla dönskuna og til að kynna hana fyrr fyrir nemendum. Svo væri hægt að bæta smám saman inn hjá þeim næstu árin, vikudögunum, mánuðunum, tölunum o.s.frv.

Inn á Facebooksíðu dönskukennara á Íslandi var könnun í lok skólaársins og dönskukennarar hvattir til að svara. Könnunin tengist verkefninu Dansk -1-2-3 og henni fylgdi spurningarlisti. Þessi könnun var sett fram vegna þess að „Tungumál í skólum og tungumálakennsla eiga undir högg að sækja og hægt og rólega er verið að leggja meira á tungumálakennara, án þess að á móti komi það sem styrkir þá í starfi: tími, endurmenntun, viðbótarmenntun innanlands og erlendis og fjölbreytt námsgögn. Í könnuninni er safnað upplýsingum um aðstæður og viðhorf dönskukennara sem geta orðið FDK að liði í þeirri baráttu fyrir betri starfsaðstæðum sem félagið stendur frammi fyrir”.

Ég set hér inn link á eina Wix heimasíðu sem nemendur okkar í 10. bekk unnu jafnt og þétt í vetur. Þetta kom rosalega vel út og það var mikil ánægja með þessa heimasíðugerð og tímenn sem fór í hana hjá nemendum okkar. Ég hvet ykkur eindregið til að skoða þessa síðu <http://elsaruno.wix.com/dansk>.

Að lokum vil ég þakka fyrir skólaárið og traustið sem mér var falið við að taka við þessu góða starfi af Guðbjörgu. Hún var greinilega búin að vinna mjög gott starf í dönskunni sl. ár ásamt sínum samkennurum. Ég vil einnig þakka samkennurum mínum fyrir frábært samstarf.

Skýrsluhöfundur: Dóra Hanna Sigmarsdóttir

Skýrsla fagstjóra í náttúru – og samfélagsgreinum 1. -5. bekkur

Fjórir fagfundir voru haldnir á skólaárinu í september, nóvember, febrúar og lokafundur í lok apríl. Nokkrir þættir voru ræddir jafnt og þétt yfir skólaárið.

Örnefnagöngur og náttúrustígar voru ræddir á fyrsta fundi og ákveðið að gera þessi skjöl aðgengilegri. Fagstjóri setti þessi skjöl í eitt skjal ásamt fugli, fiski og plöntu hvers árgangs. Þetta skjal er vistað á k-drifi-náttúruskóli - skjal sem heitir fugl, fiskur, planta og gönguleiðir. Örnefnagöngur falla undir samfélagsfræði og eru farnar ýmist í einni lotu eða skipt upp, oftast farið að vori. Náttúrustígar falla undir náttúrufræði og er misjafnt hvenær farið er. Einnig er ætlast til þess að kennarar vinni náttúrufræðitengd verkefni með umhverfisstígnum. Ekki voru gerðar neinar breytingar á umhverfisstígnum en það má skoða hvort annað svæði henti fyrir 6. bekkinn þar sem umhverfisstígarnir og örnefnagöngurnar eru á svipuðu svæði.

Náttúruskólabókin hefur fest sig vel í sessi og kennarar duglegir að nota hana. Margir ef ekki flestir setja þar inn fugla, fiska og plöntuverkefni sín ásamt mörgum öðrum skemmtilegum verkefnum. 5. bekkur setur t.d. einhver útikennsluverkefni í bókina.

Skólinn fékk ný myndbönd á skólaárinu. Á minnislykli er Maðurinn og umhverfið (Ari Trausti) og nýr DVD diskur sem heitir Hringrás hráefna í öllum tækjum og hlutum. Þetta verður geymt á bókasafninu.

Á fundum voru spjaldtölvurnar ræddar og hvernig hægt væri að nýta þær betur. Við ræddum t.d. um að nota ratleiki með QR kóðum, bentum á leiki, öpp og myndbönd af netinu t.d.

www.ruv.is, www.nams.is og www.strytan.is - Erlendur Bogason, náttúrulífsmyndir.

Hugmynd er uppi um að gera Náttúrufræði/samfélagfræði vagn þar sem flest gögn sem þarf að nota við þessa kennslu verði geymd. Þetta er enn bara hugmynd en fagstjóri ætlar að biðja Sverri um að athuga hvernig best sé að framkvæma þetta. Vonandi verður hægt að gera eitthvað í þessu í haust.

Efni og áhöld sem gott væri að hafa á vagninum, ekki tæmandi listi

- Smásjár/víðsjár
- Dropateljarar
- Vasaljós
- Speglar
- Rör
- Mæliglös
- Hitamælar
- Stækkunargler
- Blómapressur
- Flísatangir
- Stækkunarglös
- Greiningalyklar
- Einföld efni t.d. salt, edik, spritt o.fl.
- Eldspýtur

Skýrsluhöfundur: Elísa Sigurðardóttir fagstjóri í náttúru-og samfélagsgreinum

Skýrsla fagstjóra í samfélagsgreinum 6. -10. bekkur

Vinna

Námsefni flokkað á árganga

Fór í gegnum þemahefti Námsgagnastofnunnar og flokkaði þau óformlega á árganga en ítrekaði við kennara að auðvitað mætti nýta þau hvenær sem tækifæri gefst til.

Fyrstu samfélög 6. – 7. bekkur

Villta vestrið 7. – 8. bekkur

Fjölskyldan á 20. öld 8. - 9. bekkur (má líka taka í líflseikni)

Rökk og róttækni 9. – 10. bekkur

Tækni og framfarir 9. – 10. bekkur

Öll þessi þemahefti eru til í árgangasettum og eru geymd inni í bókageymslu unglingadeildar. Finnst allt of lítið um að fólk noti þessi þemahefti því margir eru að vinna verkefni þar sem þessi hefti geta nýst mjög vel.

Eldheimar

Komin er mappa á k drif fyrir Eldheima og þar eru tillögur að verkefnum frá Írisi og Kristínu. Kennarar voru beðnir um að setja þar inn ef upp koma nýjar hugmyndir eða verkefni. Heimsóknir á safnið þetta árið hafa mikið verið bundnar við þema – og náttúruvísindadaga og nýtist það vel þannig.

Erasmus

Sigurhanna kynnti fyrir okkur verkefni sem við erum að sækja um að taka þátt í. Viðfangsefnið er útlendingahræðsla/hatur – Kynþáttafordómar/hatur (Xenophobia). Tilgangur með verkefninu er að leggja okkar af mörkum til að útrýma kynþáttafordómum í okkar skóla og í samfélaginu og auka umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika fólks í heiminum. Verkefnið er þvert á námsgreinar og því geta margir kennarar tekið þátt. Kennarar á fundi voru mjög áhugasamir um þetta verkefni og eru tilbúnir til þátttöku, verði umsókn okkar samþykkt.

Fundir

Haldnir voru tveir fagfundir með samfélagsfræðikennurum á hvorri önn sem voru mjög gagnlegir. Síðasta fund vetrarins notuðum við til þess að kynna þau verkefni sem tókust best í hverjum árgangi fyrir sig. Þá sást mjög vel hversu fjölbreytt vinna á sér stað og langflestir hættir að leggja áherslu á að lesa og svara spurningum. Krakkarnir eru greinilega að læra á áþreifanlegan og fjölbreyttan hátt.

Helstu áherslur

Kynningar á nýju námsefni

Af nýju námsefni og efni á námsvef er þetta helst:

Ég, þú og við öll – jafnrétti. Kynningareintak af þessu hefti er til en ekki þótti ástæða til að panta árgangasett vegna þess að þau hefti sem pöntuð hafa verið hafa verið illa nýtt.

- Heimurinn minn – unglingasíður mms. Þemaverkefni og gagnvirk verkefni.
- Lönd heimsins – unglingasíður mms. Upplýsingavefur.

Það er frekar misjafnt hversu mikið kennarar eru að nýta sér allt það fína vefefni sem námsmatsstofnun hefur gefið út. Ég mun halda áfram að minna á það og kynna strax næsta haust.

Samræmi í námsmati

Ákveðið var að hafa eina verkefnamöppu inni á mentor yfir allan veturinn og hafa samræmi í vægi verkefna og prófa innan hvers stigs fyrir sig. Eftirfarandi ákvarðanir voru teknar á fagfundi:

Miðstig: Vægi prófa á að vera 30 % en vægi verkefna 70 % yfir allan veturinn. Eðlilegt þykir að 5. bekkur sé undir sama hatti og mun ég koma því á framfæri.

Unglingastig: Vægi prófa á að vera 40 % en vægi verkefna 60 %. Af þessum 60 % á vægi verkefnamappa (ferilmappa) ekki að fara yfir 20 % yfir veturinn.

Verkskipting/samvinna kennara innan árganga

Í 8. bekk skiptast kennarar á að skipuleggja verkefni fyrir allan árganginn sem léttir vinnuálag.

Í 9. bekk „rúlla“ kennarar einu sinni í viku og kenna tvö viðfangsefni í landafræði og eitt núvítundarnámskeið í öllum bekkjum. Hver kennari kennir sitt viðfangsefni fjórar vikur í senn.

Hvoru tveggja hefur gefist mjög vel og mælum við með að halda þessu áfram og jafnvel útfæra enn frekar.

Áhugi er fyrir því að vinna í nánara samstarfi við náttúrugreinakennara í ýmsum verkefnum sem eru þvert á námsgreinar.

Skýrsluhöfundur: Rósa Hrönn Ögmundsdóttir fagstjóri í samfélagsgreinum

Skýrsla fagstjóra í náttúrugreinum 6. -10. bekkur

Á skólaárinu voru haldnir 2 fagfundir, annar á haustönn en hinn á vorönn.

Nóvemberfundurinn féll niður sökum breytinga/riðlunar á fundaskipulagi og það sama er að segja um þann fund sem áætlaður var í apríl/maí. Samstarf við náttúrugreinakennara var engu að síður gott.

Fyrri fundurinn fór fram miðvikudaginn 2. september 2015 kl. 13:30. Til fundarins voru að þessu sinni boðaðir náttúrugreina- og umsjónarkennarar því fundarefnið var eingöngu eitt, undirbúningur náttúruvísindadaga á unglingastigi.

Farið var yfir þau verkefni sem til eru og hvernig þau hafa gengið. Kennarar skiptust á hugmyndum og skoðunum og síðan undirbjó hver árgangur sitt verkefni.

Á síðari fagfundi skólaársins, sem haldinn var þriðjudaginn 2. febrúar 2016 kl. 13:10, var farið yfir skipulag annarinnar, hvað fólk væri að gera á vorönn, hvernig haustönnin hefði gengið o.s.frv. Enn var minnt á útikennslu og notkun Náttúruskólabókar. Flestir voru að skipta úr líffræði í eðlis-/efnafræði – eða öfugt. Haustönnin hafði gengið vel þótt erfitt hafi reynst að fylgja nákvæmlega áætlunum eins og gengur og gerist vegna alls konar uppbrots og upptákna. Nokkrir kennarar nefndu að þá langaði að sinna útikennslu betur.

Stofa 15a var til umræðu og ákveðið að setja upp pöntunarblað fyrir hana líkt og tölvustofuna. Skráningarblaði var komið upp framan við stofuna en fyrirkomulagið verður endurskoðað fyrir næsta skólaár í samráði við ritara skólans. Fagstjóri ákvað að vera með fastan viðtalstíma í stofu 15a á miðvikudögum milli kl. 14 og 14:30 til að aðstoða við uppsetningu verklegra æfinga en lítið reyndi á þann tíma þar sem fáir sóttu hann. Þó mun líklega verða framhald þar á næsta vetur, e.t.v. með breyttu sniði.

Niðurstöður úr PISA rannsókninni frá 2012 voru einnig teknar fyrir en ljóst er að þar er pottur brotinn hvað viðkemur náttúrufræðikennslu í GRV. Farið var yfir niðurstöður úr PISA frá árinu 2012 en þá var áhersla á náttúrufræði og GRV kom vægast sagt illa út. Áberandi er hvað árangurinn fór mikið upp árið 2009 (upp fyrir landsmeðaltal) en það ár fékk hópurinn mjög mikla hvatningu og stuðning eftir hörmungarútkomu 2006. Viðhorf til prófsins virðist skipta miklu máli, nemendur verða að sjá tilgang með því að leggja sig fram þar eins og í öðru sem þeir taka sér fyrir hendur. Rætt var um að árgangur 2002, sem tekur næsta próf, eigi mikla

möguleika á að standa sig ef vel er haldið á spöðunum. Hópurinn hefur gott bakland í foreldrum og nauðsynlegt að byrja að undirbúa krakkana sem fyrst. Við þurfum að byggja upp metnað og viðhalda honum. Niðurstöðurnar sýna að aukinn lesskilningur og jákvætt viðhorf auka árangur. Við þurfum að einbeita okkur að hugtakalæsi og náttúrulæsi því það er grunnurinn að skilningi nemenda í náttúrufræði sem öðru að skilja helstu hugtök og kunna að beita þeim. Kennarar hafa áhyggjur af niðurstöðum úr PISA 2015 því eins og flestir muna var okkur sýnd sú vanvirðing að prófinu var frestað aftur og aftur vegna erfiðleika í samgöngum.

Að vanda sá fagstjóri um utanumhald í stofu 15a, pantanir fyrir náttúrufræði o.fl. Umgengni um stofu 15a mætti vera betri og nauðsynlegt er að hver kennari sjái um að ganga frá eftir verklega tíma.

Enn og aftur lýk ég skýrslu vetrarins með ábendingu um að við nýtum betur mannauðinn okkar og setjum faglærða náttúrufræðikennara í þá kennslu. Einnig er mikilvægt að stundatöflur séu þannig gerðar að þær hefti ekki samstarf milli bekkja í sama árgangi og að hægt sé að samþætta t.d. náttúru- og samfélagsgreinar. Þá vil ég leggja áherslu á að haldið verði áfram með undirbúning að gerð útikennslustofu á skólalóð BS en það var hluti af náttúruskólaverkefninu sem við fengum styrk til fyrir nokkrum árum. Sama ábending kom fram í lokaskýrslu minni síðustu tvö ár.

Skýrsluhöfundur: Sigurhanna Friðþórsdóttir fagstjóri í náttúrugreinum í 6. -10.bekk

Skýrsla Íþróttakademíu GRV og ÍBV skólaárið 2015-2016

Í vetur voru 50 nemendur úr 9. og 10. bekk skráðir í Íþróttakademíuna, 22 drengir og 28 stúlkur, sem er rúmlega 44% nemenda í árgöngunum. Fyrirkomulagið í vetur var þannig að nemendur fengu tvo klukkutíma íþróttatíma í stundatöflu. Annar tíminn var íþróttatími í íþróttahúsi með íþróttakennurum skólans og var sundkennsla hluti af þeim tíma. Hinn tíminn var styrktarþjálfunartími í Týsheimili í umsjón þjálfara ÍBV. Nemendum var kynjaskipt í styrktarþjálfunartímum og kom það mjög vel út. Tækniæfingar voru lotuskiptar á skólaárinu. Þrisvar sinnum í hvorri grein, 2x 2 vikur og 1x 3 vikur á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 6:20-7:20. Á lotutímabilum mættu nemendur ekki í styrktarþjálfunartíma. Stjórnendur akademíunnar í vetur voru Ian Jeffs og Hrafnhildur Ósk Skúladóttir.

Handboltaakademía

Lota 1: 7. – 18. sept.

Lota 2: 5. – 15. okt. og 25. – 29. okt.

Lota 3: 19. feb. – 11. mars

Fótboltaakademía

Lota 1: 9. – 20. nóv.

Lota 2: 19. – 29. jan.

Lota3: 29. mars – 19 apríl

Nemendur fengu einn fyrirlestur í vetur. Hrafnhildur Ósk Skúladóttir fjallaði um mikilvægi markþjálfunar og markmiðasetningu í íþróttum. Stefnt er að því að nemendur fái tvo fyrirlestra á hvorri önn næsta vetur.

Samstarfið og samskipti milli GRV og ÍBV - íþróttafélags gekk mjög vel. Nemendur fengu skýr skilaboð um til hvers væri ætlast af þeim og hvaða reglur þarf að virða.

Í september voru nemendur og foreldrar boðaðir á fund þar sem farið var yfir fyrirkomulag vetrarins, samning nemenda og viðurlög við samningsbrotum. Í lok fundarins var gengið frá undirskriftum á samningnum. Mjög góð mæting var á fundinn og vorum við mjög ánægð með hann.

Með auknu samstarfi við ÍBV- íþróttafélag hefur okkur tekist að virkja nemendur íþróttakademíunnar betur í íþróttatengda viðburði innan skólans og þeir eiga að axla meiri ábyrgð sem fyrirmyndir annarra nemenda. Þjálfarar hafa náð að undirbúa nemendurna fyrir viðburðina þannig að þeir koma betur stemmdir til að leiða verkefnið. Einnig hefur eftirfylgni mála og utanumhald verkefnis gengið vel í vetur. Við teljum mikilvægt að nemendur upplifi það að góð samskipti og upplýsingaflæði séu á milli skólans, þjálfara og foreldra.

Nú hafa 49 nemendur skráð sig í íþróttakademíuna fyrir næsta skólaár sem er 45% af heildar nemendafjölda í 9. og 10. bekk. Kynjaskiptingin er nokkuð jöfn 23 stúlkur og 26 drengur.

Við erum ánægð með árangur vetrarins og finnum fyrir auknum metnaði í námi og ástundun hefur batnað sem hefur áhrif á góðan aga innan skólans.

Ingibjörg Jónsdóttir aðstoðarskólustjóri GRV